spottið 16

Tími til að tína
haust 40

Loðnir pilsfaldar stíll 52

Torleyst og óupplýst
morðmál 26

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARÚTGÁFA
PITT
21. ágúst 2010 — 195. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

Aflvaki breytinga
Helgi Þór Ingason er nýr forstjóri Orkuveitunnar.
viðtal 22

Framleiðir með Salander
Eva María datt í lukkupottinn.
fólk 70

Nítján leiðir yfir
Mismunandi og misvísandi gangbrautir í Reykjavík.
samgöngur 34 & 36

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Menning | Allt | Allt atvinna

SYNTU ÚR VIÐEY Rúmlega 150 manns tóku þátt í hópsjósundi milli Viðeyjar og Reykjavíkur í gær. Aðstæður voru ekki sem bestar, ölduhæð var þó nokkur og rok. Sundfólkið var þó allt tilbúið til að láta á sundið reyna, meira að segja syntu sumir báðar leiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjóða ríkinu forkaupsrétt

Ross Beaty, forstjóri Magma Energy, hefur í bréfi til iðnaðarráðherra boðið ríkinu ótímabundinn forkaupsrétt á meirihluta í fyrirtækinu. Hann kallar eftir aðkomu íslenskra fjárfesta og viðræðna um leigutíma.

IÐNAÐUR Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra hefur borist formlegt erindi frá Ross Beaty, forstjóra Magma Energy, þar sem íslenska ríkinu er boðinn ótímabundinn forkaupsréttur á meirihluta í fyrirtækinu. Eins er ríkinu boðið til viðræðna um styttingu leigutíma á afnotarétti auðlinda á Reykjanesi.

„Þetta eru vissulega býsna mikil tíðindi," segir Katrín. „Ég hef alltaf viljað nálgast þetta með þessum hætti. Leysa þetta mál á jákvæðan hátt í stað þess að fara í upptöku á eignum eða þjóðnýtingu. Ef menn geta samið sig út úr þessu er það best fyrir alla."

Katrín segir að þessi leið hafi verið rædd á milli hennar og stjórnenda Magma á fyrri stigum. „En að fá formlegt boð breytir öllu og við munum væntanlega ganga í þetta núna. Ég hef lengi lýst þeim vilja mínum að lykilatriði sé að við tryggjum ríkinu forkaupsrétt."

Beaty ítrekar einnig í bréfinu vilja fyrirtækisins til að bjóða íslenskum fjárfestum að kaupa hluti í fyrirtækinu, hvort sem það eru sveitarfélög, lífeyrissjóðir eða aðrir fjárfestar.

Bréfið barst iðnaðarráðherra 18. ágúst, eða daginn eftir að Magma fullnustaði samning um kaup á 38 prósenta hlut Geysis Green Energy í HS Orku. Fyrirtækið á nú ríflega 84 prósenta hlut og hefur samkvæmt samningi nýtingarrétt á jarðhita á Reykjanesi í 65 ár. Nefnt hefur verið að sá tími verði styttur um þriðjung.

Eins og kunnugt er starfar nefnd á vegum stjórnvalda sem fer yfir kaup Magma á HS Orku. Katrín segir að skoða verði tilboð Magma í samhengi við störf rannsóknarnefndarinnar. „En það er vonandi að menn geti þekkst þetta boð um að kaupa sig inn í fyrirtækið. Það gætu verið ríkið og sveitarfélög í samvinnu við lífeyrissjóðina. Lífeyrissjóðirnir eru lykilaðilar á þessum tímapunkti ef það á að takast." Í bréfinu kemur Beaty inn á þær deilur sem hafa verið um kaup Magma á HS Orku. Engin dul er dregin á það að tilboð Magma helgast fyrst og síðast af þeim deilum.

- shá

SPURNING DAGSINS

„Sigríður, verða menn þá ekki við hestaheilsu á næstunni?“

„Jú, jú, það bendir ekkert til annars.“

Sigríður Björnsdóttir er dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun. Verið er að kanna hvort hestapestin, sem herjað hefur á hesta hér á landi undanfarið, geti smitast í menn en Sigríður segir ástæðulaust að hafa miklar áhyggjur.

Framkvæmdastjóri tjaldsvæðis í Laugardal segir þjófnað úr tjöldum afar fátíðan:

Rænt úr tjöldum tvisvar á ári

FERÐAMENNSKA „Það er stolið úr tjöldum hjá okkur einu sinni til tvisvar á ári. Það er alltaf ömurlegt að lenda í þessu, bæði fyrir okkur og ekki síst fyrir þá sem verða fyrir þjófnaðinum,“ segir Markús Einarsson, framkvæmdastjóri Farfugla, sem reka tjaldsvæðið í Laugardal. Hann segir erfitt að verjast þessu. Þótt tjaldsvæðið sé afmarkað með girðingu eigi utanaðkomandi greiðan aðgang að því.

Fréttablaðið sagði í gær frá Ulf Hoffmann, þýskum höfundi ferðabóka fyrir reiðhjólafólk, sem varð fyrir því að steini var hent í tjald hans og verðmætum stolið úr því í Laugardalnum í sumar. Starfsfólk tjaldstæðisins fann nokkuð af þýfinu í nærliggjandi runnum. Þrátt fyrir það gagnrýndi hann ráðaleysi starfsfólksins.

MARKÚS Afar fátítt er að stolið sé úr tjöldum í Laugardal. Hvert atvik er lögreglumál, segir framkvæmdastjórinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Markús segir ekki rétt að starfsfólk tjaldsvæðisins hafi ekki haft upplýsingar um Hoffmann. Hann hafi afhent sér nafnspjald með heimilisfangi og símanúmerum og Markús talið það nægja fyndust þeir hlutir sem þýski ferðamaðurinn saknaði. Þá sé ætíð haft samband við lögreglu verði þjófnaðar vart.

„Við reynum að liðsinna fólki eins vel og við mögulega getum,“ segir Markús. **- jab**

Sveitarfélög halda námskeið:

Starfsfólki kennt lýðræði

LÝÐRÆÐI Samband íslenskra sveitarfélaga heldur námskeið til að þjálfa starfsmenn sveitarfélaga í að vinna að lýðræðisverkefnum. Sveitarfélögin eiga við þetta að verða betur í stakk búin til að starfa markvisst með íbúum.

Danskir leiðbeinendur verða á námskeiðinu „en þar hefur lýðræði í sveitarfélögum verið í brennidepli eftir veigamiklar stjórnkerfisbreytingar,“ segir á vef sambands sveitarfélaga.

Námskeiðið fer fram 6. september, ef næg þátttaka fæst. **-pg**

ELDUR Í ÁLVERI Ekki hefur verið lagt mat á tjón af völdum eldsvoðans í álverinu í Straumsvík. MYND/STÖÐ 2

Eldur í álverinu í Straumsvík:

Dregur úr álframleiðslu

ELDSVOÐI Óljóst er hversu mikið tjón varð af völdum eldsvoðans í álverinu í Straumsvík í fyrrakvöld. Að sögn Ólafs Teits Guðnasonar, framkvæmdastjóra samskiptasviðs Alcan á Íslandi, verður ekki eðlileg framleiðsla í steypuskála álversins í bili. Ómögulegt sé hins vegar að segja til um hversu mikið og hversu lengi eldsvoðinn muni trufla starfsemi álversins.

Eldur kviknaði í kjallara steypuskálans á tíunda tímanum í fyrrakvöld. Talið er hugsanlegt að bráðið ál hafi lekið í kjallarann og kveikt þar í rafmagnsköplum. Svo virðist sem það hafi einkum verið þeir sem brunnu. Eldurinn var minni háttar en mikill reykur. **- sbt**

Hagræðingu náð fram:

Afgangur hjá Landspítala

STJÓRNSÝSLA Rekstrarafgangur Landspítalans fyrstu sex mánuði ársins nam rúmum 35 milljónum króna. Þetta kemur fram í hálfsársuppgjöri sem Ríkisendurskoðun hefur staðfest.

Í byrjun árs var spítalanum gert að lækka rekstrarkostnað um rúm 9 prósent eða 3.400 milljónir króna. Með umfangsmiklum hagræðingaraðgerðum sem gripið var til á öllum sviðum spítalans hefur tekist að ná þessu markmiði, segir í fréttatilkynningu spítalans.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir sparnaði náð án þess að ógnað sé öryggi sjúklinga. - mþl

Yfirborð Bláa lónsins orðið alltof hátt

Hraunglufur og önnur frárennsli í og við Bláa lónið eru stífluð vegna svifagna í vökvanum sem veldur því að vatnsborð lónsins er of hátt. HS Orka og Grindavíkurbær vinna nú að lausnum á því hvernig best sé að koma vökvanum til sjávar.

UMHVERFISMÁL Vatnsborð Bláa lónsins er orðið allt of hátt og grípa þarf til varanlegra aðgerða til að losna við umframvökva. HS Orka og Grindavíkurbær vinna nú að lausn málsins.

Ástæðan fyrir því að yfirborð lónsins fer hækkandi er að hraunglufur í og við lónið eru stíflaðar. Þetta gerist vegna svifagna í vökvanum sem aukast þegar hann kólnar. Niðurrennslisholur hafa verið boraðar á tveimur stöðum til þess að koma lónvökvanum niður í sjó, en þær eru einnig nánast stíflaðar. „Við höfum fengið ráðgjöf um hvernig sé best að haga þessu,“ segir Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík, en bæði bærinn og HS Orka hafa fengið slíka ráðgjöf.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, sendi bænum bréf í byrjun júlí um málið. Þar kemur fram að verið sé að bora nýjar holur en líklegt þyki að þær muni einnig stíflast „á tiltölulega skömmum tíma“. Því sé þörf á varanlegri lausn og fer hann þess á leit við bæinn að hafin verði samvinna og samráð um að leysa málið. Það er nú í vinnslu og segir Róbert að fundað verði í næstu viku og vonandi tekin ákvörðun um framhaldið. „Það þarf annars vegar að finna bráðabirgðalausn og hins vegar lausn til framtíðar. Framtíðarlausnin er það kostnaðarsöm að það tekur einhvern tíma að finna út úr því.“

Eina varanlega leiðin er að veita lónvökvanum til sjávar. HS Orka fékk verkfræðiþjónustuna Verkís til að gera minnisblað með tillögum um framkvæmd á því. Sú fyrri gerir ráð fyrir því að núverandi niðurrennslissvæði verði notað og þrýstilögn verði lögð frá því meðfram Grindavíkurbraut. Stofnkostnaður við slíka framkvæmd yrði 105 milljónir króna auk þess sem árlegur rekstrarkostnaður yrði fimm milljónir króna.

Í seinni tillögunni er lagt til að lagt verði í göngustíginn sem er frá bílastæði að inngangi Bláa lónsins. Þaðan yrði lögnin í gegnum bílastæðið að Grindavíkurbraut og áfram að niðurfallsholum. Kostnaður við þessa tillögu yrði 78 milljónir í stofnkostnað auk tveggja milljóna í árlegan rekstrarkostnað. Þá kemur fram að óháð tillögunum þurfi að gera niðurrennslisholur og fleira, sem kostar 60 milljónir króna.

Verkís mælir með seinni tillögunni og segir hana mun auðveldari í rekstri og ódýrari, þótt hún kalli á mikla jarðvinnu og rask um tíma. thorunn@frettabladid.is

BLÁA LÓNIÐ Tvær tillögur hafa komið fram frá Verkís um hvernig hægt sé að veita umframvökva úr Bláa lóninu út í sjó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

78 milljóna stofnkostnaður er við ódýrari tillögu Verkíss um veitu til sjávar.

Dagskrá menningarnætur:

Attac taka þátt í menningarnótt

MENNING Samtökin Attac á Íslandi sem barist hafa fyrir því að bönd verði sett á fjármálastarfsemi taka þátt í dagskrá menningarnætur.

Samtökin hafa tekið höndum saman við aðstandendur undirskriftasöfnunarinnar orkuaudlindir.is. Meðal listamanna sem koma fram á vegum samtakanna eru KK og Ómar Ragnarsson.

Skúli Gautason, fulltrúi viðburða hjá Höfuðborgarstofu, telur ekki orka tvímælis að pólitísk samtök taki þátt í menningarnótt. Hann segir alla mega taka þátt, án tillits til stjórnmálaskoðana, svo lengi sem settir væru upp menningarviðburðir. - mþl

Össur um evrusvæðið:

Segir hundruð milljarða sparast með ESB-aðild

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að aðild að evrusvæðinu myndi spara íslensku þjóðinni á annað hundrað milljarða á ári. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Össur sagðist jafnframt telja að sá samningur sem gerður verði muni vera töluvert betri en fólk haldi fram núna. Þá komi í ljós að ýmsar bábiljur sem andstæðingar aðildar hafi haldið fram séu vitleysa. Því er hann sannfærður um að Íslendingar muni að lokum samþykkja aðildarsamninginn. **- þeb**

Öryggi í samskiptum – námskeið við félagsfælni

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir 10 vikna námskeiði við félagsfælni þar sem aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar eru kenndar til að vinna bug á kvíða í samskiptum.

Námskeiðið hefst 24. ágúst 2010.

Kvíðameðferðarstöðin mun einnig standa fyrir fjölda annarra námskeiða í haust, svo sem námskeið við ræðukvíða, prófkvíða, hundafælni, lofthræðslu, ofsakvíða og í kvíðastjórnun.

Nánari upplýsingar um námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar má finna á **www.kms.is**.
Skráning fer fram í símum **534 0110/822 0043** eða með tölvupósti á **kms@kms.is**.

KMS
Kvíðameðferðarstöðin

Sigurður Einarsson var yfirheyrður í samtals tólf tíma af sérstökum saksóknara:

Skýrslutökum yfir Sigurði lokið

DÓMSMÁL Yfirheyrslum yfir Sigurði Einarssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Kaupþings, er lokið. Yfirheyrslurnar stóðu í sjö tíma á fimmtudag og fimm í gær.

Sérstakur saksóknari, Ólafur Þór Hauksson, gat lítið sagt um efni yfirheyrslnanna en sagði ágætan gang hafa verið á þeim. Spurður hvort hann hefði fengið svar við öllum sínum spurningum svaraði Ólafur: „Við getum allavega sagt að Sigurður hafi verið til í að tjá sig.“ Hann útilokar ekki að Sigurður eða aðrir verði aftur boðaðir til skýrslutöku.

Ólafur segir óvíst hvenær tíðinda sé að vænta í rannsókninni á Kaupþingi. „Það er mjög erfitt að nefna eitthvað tímamark í því. Við erum einfaldlega ekki komin nægilega langt á veg til þess. Við erum líka svolítið háð öðrum í þeim efnum til dæmis hvað varðar gögn í útlöndum.“

Sigurður var upphaflega kvaddur til skýrslutöku í maí en þegar hann varð ekki við þeirri kvaðningu var gefin út handtökuskipun en Sigurður hefur verið í London undanfarna mánuði. Þegar það varð ljóst að von væri á Sigurði til landsins var skipunin felld niður. Nú þegar yfirheyrslum er lokið er Sigurður frjáls ferða sinna og getur allt eins farið aftur til London.

SIGURÐUR EINARSSON Fjölmiðlamenn umkringdu Sigurð þegar hann mætti til skýrslutöku á fimmtudagsmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar Sigurður mætti til skýrslutökunnar á fimmtudagsmorgun kvaðst hann alltaf hafa verið tilbúinn til að koma heim, það væri rangt að hann hefði ekki sinnt kvaðningunni. Enn fremur sagðist Sigurður ekki búast við því að verða ákærður **- mþl**

VÍS styður íslenskt menningarlíf

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

GENGIÐ 20.08.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	120,20	120,78
Sterlingspund	186,16	187,06
Evra	152,63	153,49
Dönsk króna	20,483	20,603
Norsk króna	19,141	19,253
Sænsk króna	16,106	16,200
Japanskt jen	1,4073	1,4155
SDR	181,18	182,26

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 207,667

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ROD BLAGOJEVICH Var rekinn úr embætti ríkisstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blagojevich neitar allri sekt:

Segist þó sekur um hrossakaup

BANDARÍKIN, AP **Rod Blagojevich, fyrrverandi ríkisstjóri í Illinois, segist engan glæp hafa framið, en viðurkennir þó að hafa reynt að stunda „pólitísk hrossakaup“ þegar hann bauð öldungardeildarþingsæti Baracks Obama til kaups eftir að Obama varð forseti.**

Blagojevich var í vikunni dæmdur sekur um vægasta ákæruatriðið af 24 í dómsmáli gegn honum. Þrír kviðdómendanna tólf hafa upplýst að ein kona í kviðdómnum hafi staðfastlega neitað að telja Blagojevich sekan um alvarlegustu ákæruatriðin, þótt hinir ellefu væru sannfærðir um sekt hans í flestum atriðum. - gb

MOSFELLSBÆR

Skólaakstur gegn gjaldi

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur tekið þá ákvörðun að bjóða nemendum í Mosfellsbæ upp á skólaakstur í Borgarholtsskóla gegn gjaldi á haustönn. Verður skólaaksturinn í tilraunaskyni til áramóta.

LEIÐRÉTTING

Tölur víxluðust í töflu sem birt var með frétt um verðkönnun ASÍ á skólabókum í blaði gærdagsins. Verð á nýjum bókum sem merkt voru Griffli voru í raun verðin í Office 1 og öfugt.

Viðræður Ísraela og Palestínumanna hefjast á ný í byrjun september:

Gefa sér eitt ár til að semja

ÍSRAEL, AP Ísraelsk og palestínsk stjórnvöld hafa fallist á að hefja friðarviðræður á ný í byrjun september. Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, skýrði frá þessu í gær.

Kvartettinn svonefndi, sem er samstarfsvettvangur Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna, Rússlands og Bandaríkjanna í málefnum Mið-Austurlanda, segir í yfirlýsingu í gær að stefnt sé að því að ljúka viðræðum á einu ári.

Leiðtogar Ísraels, Palestínu, Egyptalands og Jórdaníu ætla að hitta Barack Obama Bandaríkjaforseta í Washington 1. september og viðræður hefjast daginn eftir.

Óbeinar viðræður Ísraela og Palestínumanna hafa staðið yfir undanfarnar vikur með milligöngu Bandaríkjamanna. Himinn og haf er enn á milli þeirra, en samt er stefnt að því að ljúka viðræðunum með samkomulagi sem fæli í sér að Palestínumenn fengju sjálfstætt ríki en Ísraelar gætu búið við frið.

George Mitchell, erindreki Bandaríkjanna, segir að Bandaríkin muni leggja fram tillögur sem vonast er til að hjálpi til við að brúa bilið. - gb

FLUGVÖLLURINN Á GASA Meðal þess sem Palestínumenn vonast til þess að fá út úr viðræðum er að alþjóðaflugvöllur þeirra verði nothæfur á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrjú hundruð mál í skoðun:

Kyrrsetning eigna rýmkuð

EFNAHAGSMÁL **Skattrannsóknarstjóri skoðar hvort krafist verði kyrrsetningar eigna í um 300 málum sem eru á borði embættisins. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

Ríkisstjórnin hyggst rýmka heimildir embættisins til að krefjast kyrrsetningar. Þannig myndu þær einnig ná til staðgreiðslu og virðisaukabrota. Verði frumvarpið samþykkt á Alþingi ná heimildirnar einnig til þeirra mála sem rannsókn er hafin á, að sögn fjármálaráðherra. - þeb

Umhverfis landið

70 nemendur í nýjum framhaldsskóla

TRÖLLASKAGI Menntaskólinn á Tröllaskaga verður settur í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í dag. „Þetta lítur mjög vel út, við erum með fleiri nemendur en við bjuggumst við, alls sjötíu,“ segir Lára Stefánsdóttir skólameistari. Hún segir flesta vera á framhaldsskólaaldri, marga hafa byrjað nám annars staðar en snúi nú heim og ætli að hefja nám í heimabyggð. „Hluti er svo fólk sem aldrei komst í nám.“ Menntaskólinn er á Ólafsfirði og verður í húsi sem eitt sinn hýsti gagnfræðaskólann. „Hér hafa iðnaðarmenn unnið dag og nótt við að gera þær endurbætur sem þurfti,“ segir Lára. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá á mánudag.

Hraðakstur í Hörgárdal

AKUREYRI Fimm voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í Hörgárdal í fyrrakvöld. Ökumennirnir voru allir erlendir. Lögreglan á Akureyri segir fátítt að svo margir séu stöðvaðir fyrir hraðakstur sama kvöldið og þá ekki síður að útlendingar gerist sekir um brotið. Ökumennirnir voru á bilinu 114 til 122 kílómetra hraða en leyfilegur hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund.

Sveitasæla í Skagafirði

SKAGAFJÖRÐUR Kálfa- og hrútasýning, smalahundasýning og keppni í dráttarvélaakstri er á meðal þess fjölmarga sem boðið verður upp á á landbúnaðarsýningunni og bændahátíðinni Sveitasælu í Skagafirði í dag. Sýningin er haldin innan- og utandyra við Reiðhöllina Svaðastaði. Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, flytur ávarp við setningarathöfnina klukkan tólf en sýningin sjálf stendur frá tíu til sex. Þá tekur við grillveisla en bændur bjóða upp á grillað lambakjöt úr Skagafirði og á meðan á henni stendur hefst kvöldvaka með skemmtiatriðum á borð við bændafitness og kappreiðar. Svo verður Papaball á Sauðárkróki fyrir þá sem ekki vilja láta gott heita að kvöldvöku lokinni. Á sunnudag verða opin bú í Skagafirði frá eitt til fjögur. Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.svadastadir.is.



Fýlum fækkar í Ásbyrgi

ÁSBYRGI Fýlum hefur fækkað mikið í Ásbyrgi, en Náttúrustofa Norðausturlands hefur talið fýla á staðnum undanfarin sumur. Fylgst hefur verið með fýlnum frá sumrinu 1993. Minna er af honum í ár en nokkru sinni fyrr. Í fyrra fjölgaði honum aðeins en fækkar nú aftur mikið. Fækkunin er rakin til ætisskorts í sjónum.

Hálfvitar, hvannarreykt og grafið

DALABYGGÐ Hráefni úr héraði verður ráðandi á miklu veislukvöldi á Hótel Eddu að Laugum í Sælingsdal annað kvöld. „Þar munu leiða saman hesta sína matgæðingurinn Friðrik V., kokkur hótelsins Snorri V., og hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir. Viðburðinn kjósum við að kalla Dala-bríarí, en allt var þetta ákveðið í mesta bríaríi,“ segir í tilkynningu. Skemmtunin hefst klukkan hálfníu og verður hægt að kaupa gómsæta rétti á meðan á tónleikum Hálfvitanna stendur. Á matseðlinum er meðal annars hvannarlamb, hvannarreykt og hvannargrafið með ostakremi, balsamico og ristuðu brauði og Erpsstaðaskyr og rjómi.

Vilja heilsársveg um Öxi

DJÚPIVOGUR 85 kílómetra hjólatúr frá Djúpavogi til Egilsstaða um Öxi tók þau Andrés Skúlason, oddvita Djúpavogshrepps, Bryndísi Reynisdóttur varaoddvita og Þorbjörgu Sandholt, formann brottfluttra Djúpavogsbúa, fimm klukkutíma. Þremenningarnir fóru ferðina síðastliðinn laugardag til þess að vekja athygli á mikilvægi þess að fjallvegurinn um Öxi verði gerður að heilsársvegi. „Þetta var nú auðveldara en ég hélt,“ segir Bryndís og bætir við að þau hafi teymt hjólin um mesta brattann. Bryndís segir mjög mikilvægt fyrir íbúa Djúpavogs að vegurinn verði heilsársvegur, hann sé 60 kílómetrum styttri en þjóðvegurinn um Breiðdal. „Við sækjum svo mikla þjónustu til Egilsstaða, þar er flugvöllur og þar eru oft haldnir fundir enda Egilsstaðir miðsvæðis á Austurlandi. Eins og staðan er núna þá lokast vegurinn þegar fyrsti snjórinn fellur, enda ryður Vegagerðin ekki veginn.“

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNANDI Í dag verður heldur þungbúið og víða skúrir eða súld norðan og austan til. Vel viðrar til menningarnætur, bjart með köflum en heldur svalt er kvöldar. Á morgun og hinn verður áfram vætusamt N- og A-til en léttir heldur til seinnipart mánudags.



Á MORGUN 10-15 m/s á annesjum annars hægari vindur.

MÁNUDAGUR Strekkingur A-lands annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	30°
Berlín	29°
Billund	21°
Frankfurt	30°
Friedrichshafen	30°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	24°
London	24°
Mallorca	XX°
New York	27°
Orlando	33°
Ósló	22°
París	30°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	23°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjömsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍ.IS • SÍA

Kringlan

Opið til 18

Skóla-dagar

Endalaust úrval af skólavörum og skólafötum. Einn stærsti skiptibókamarkaður landsins.

Munið tilboðsheftið!

Nýtt kortatímabil

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

KJÖRKASSINN

Hefur þú gaman af kórsöng?

Já	60,1%
Nei	39,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að taka þátt í viðburðum menningarnætur?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Eigandi Borgarhjóla óánægður með framkvæmd borgaryfirvalda á Hverfisgötu og óttast að missa viðskipti:

Ný hjólaleið er í vegi reiðhjólaverkstæðis

SAMGÖNGUR „Þetta er auðvitað nokkuð skrýtin staða. Fólk kemst ekki að hjólreiðaverkstæði fyrir nýjum hjólreiðastíg," segir James Fletcher, eigandi hjólreiðaverkstæðisins Borgarhjóla á Hverfisgötu 50.

Tímabundinn hjólreiðastígur var tekinn í notkun á Hverfisgötu í gær. Um tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar er að ræða til að efla mannlíf í miðborginni og hvetja til aukinna hjólreiða.

James lýsir ánægju sinni með framtak yfirvalda um að efla hjólreiðamenninguna í borginni. Hann er hins vegar gagnrýninn á hvernig staðið er að framkvæmdinni. „Það var enginn fyrirvari gefinn. Þeir voru byrjaðir þegar bréfið kom inn um lúguna hjá mér."

Hann óttast að hann verði af viðskiptum vegna þess að stígurinn hefur verið lagður fyrir framan verkstæðið. „Menn verða að átta sig á því að flestir sem koma hingað með bilað hjól koma akandi."

James huggar sig þó við að um tilraunaverkefni sé að ræða og hyggst koma áhyggjum sínum á framfæri við umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur.

35 gjaldskyld bílastæði á Hverfisgötu verða helguð hjólreiðum í þessari tilraun sem stendur út septembermánuð. Á næsta ári er fyrirhugað að bæta við tíu kílómetrum af hjólaleiðum í borginni og mun tilraunin á Hverfisgötu verða nýtt til upplýsingaöflunar um þá framkvæmd.

- shá

GRÆN HVERFISGATA Hér er vandi Borgarhjóla í hnotskurn. Bíl lagt á hjólastíginn fyrir framan verkstæðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvað vilt þú?

Komdu á Kjaraþing og taktu þátt í að móta kröfugerð VR fyrir kjaraviðræður í haust.

Kjarasamningar eru lausir í lok nóvember og vinna við kröfugerð VR stendur sem hæst. VR leggur áherslu á að allir félagsmenn hafi tækifæri til að taka þátt í að móta kröfur félagsins fyrir komandi viðræður og býður til Kjaraþings.

Kjaraþingið verður haldið laugardaginn 4. september næstkomandi kl. 12:00 til 16:00 í Gullhömrum. Á þinginu verður farið yfir stöðuna í kjara- og efnahagsmálum og kröfur VR vegna komandi kjaraviðræðna ræddar. Þingið er opið öllum fullgildum félagsmönnum VR og viljum við hvetja þá sem áhuga hafa að skrá sig sem fyrst, hægt er að skrá sig á netinu eða hjá þjónustuveri **VR í síma 510 1700**.

Leggðu þitt af mörkum fyrir sterkt og öflugt VR til framtíðar.

Virðing Réttlæti

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Erfitt mál sem á sér óvenjudjúpar rætur

Upptökur frá verslun 10-11 í Hafnarfirði voru skoðaðar af lögreglu í tengslum við morðið á Hannesi Helgasyni. Málið á sér dýpri rætur en lögreglan á að venjast. Hannes bjó með unnustu sinni í húsinu en var einsamall um nóttina.

LÖGREGLUMÁL Rannsóknin á morði Hannesar Helgasonar er umsvifameiri en lögreglan á að venjast. „Málið á sér dýpri rætur en gengur og gerist," sagði Björgvin Björgvinsson rannsóknarlögreglumaður á blaðamannafundi í gær. Lögreglan er meðal annars að skoða tengsl Hannesar við útlönd, og sem annað dæmi um umfang rannsóknarinnar skoðaði lögreglan upptökur öryggismyndavéla í verslun 10-11 við Staðarberg í Hafnarfirði. Skoðuð voru myndbönd frá laugardagskvöldinu og aðfaranótt sunnudagsins síðasta til þess að átta sig á mannaferðum í hverfinu. „Við notumst við allar upplýsingar sem við mögulega getum," segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar, spurður um málið.

Hannes bjó með unnustu sinni í húsinu við Háaberg í Hafnarfirði þar sem honum var ráðinn bani aðfaranótt sunnudags. Lögreglan gat ekki svarað því hvort fleiri hefðu aðsetur í húsinu að jafnaði.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum var Hannes sofandi í rúmi sínu þegar morðinginn kom inn til hans í þeim eina tilgangi að ráða hann af dögum. Dánarstund er talin hafa verið seint á aðfaranótt sunnudags. Enginn annar var í húsinu og bendir allt til þess að sá sem verknaðinn framdi hafi annaðhvort haft lykil að húsinu eða komið inn um ólæstar dyr.

BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON OG FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON Lögreglan í Reykjavík hélt í gær blaðamannafund þar sem kynnt var staða rannsóknarinnar á morðinu á Hannesi Helgasyni. Málið er sagt óvenjuflókið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Atlagan virðist hafa beinst að Hannesi einum og ekki er talið að tilviljun hafi ráðið því að farið hafi verið í hús hans og honum ráðinn bani á þennan hátt," segir Friðrik.

Hannes hlaut fjölda stungusára og var skorinn með hnífi sem líklega hefur verið einhvers konar eldhúshnífur, oddhvass og beittur.



ELDHÚSHNÍFUR Talið er að hnífurinn sem notaður var líkist þessum, en lögregla segir hnífsblaðið hafa verið allt að 20 sentimetra langt.

Skurði var einnig að finna á höndum hans sem bendir til þess að hann hafi veitt mótspyrnu. Blað hnífsins er í kringum 20 sentimetra langt og tveggja sentimetra breitt. Lögregla gat ekki svarað því hvort hnífurinn hafi verið tekinn úr eldhúsi Hannesar. Morðvopnið er enn ófundið.

Hátt í fjórða tug manna hafa verið yfirheyrðir í tengslum við morðið og hafa um fimm manns fengið réttarstöðu grunaðs manns. Lögreglan segir ekkert benda til þess að hinum almenna borgara stafi hætta af morðingjanum.

sunna@frettabladid.is

Orkuveita Reykjavíkur

Hellisheiðarvirkjun – Nesjavalla – virkjun

Í dag, laugardaginn 21. ágúst verður farin gönguferð frá Hellisheiðarvirkjun til Nesjavallavirkjunar. Gengið verður upp Sleggjubeinsskarð og upp á Vörðuskeggja sem er 805 metra hár. Þaðan verður farið niður í Kýrdal og í Nesjavallavirkjun. Gangan tekur u.þ.b. 6 klst. og er frekar erfið, að jafnaði um brattar fjallshlíðar. Nauðsynlegur búnaður eru góðir gönguskór, góður hlífðarfatnaður og nesti. Orkuveita Reykjavíkur leggur til ferðir frá Reykjavík í Hellisheiðarvirkjun og til baka frá Nesjavallavirkjun og er **mæting í höfuðstöðvar Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 kl. 10:00.** Áætlaður komutími til baka er kl. 18:00. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Hans Benjamínsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar.

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í dag:

Búist við svipaðri þátttöku og síðast

FÓLK Búist er við að þátttaka í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka, sem fram fer í dag, verði svipuð og síðustu tvö ár, eða nálægt ellefu þúsund manns. Skráningarhátíð Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka stóð í gærdag, milli klukkan tíu árdegis og sjö að kvöldi.

Boðið var upp á margvíslegar uppákomur um leið og hlaupagarpar sóttu skráningargögn, svo sem bol, númer í hlaupinu, tímatökuflögu og fleira.

Sömuleiðis gátu þeir sem ekki höfðu forskráð sig í hlaupið skráð sig á staðnum. Í tilkynningu bankans kemur fram að í gærmorgun hafi tæplega 7.600 manns verið búnir að skrá sig.

Að venju eru hlaupnar nokkrar vegalengdir: maraþon, 42,2 kílómetrar; hálfmaraþon, 21,1 kílómetri; 10 kílómetrar og þriggja kílómetra skemmtiskokk.

HANDAGANGUR Í ÖSKJUNNI Í gær var nóg að gera við skráninguna í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka sem fram fer í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á vefnum hlaupastyrkur.is er hægt að heita á þá hlaupara sem hafa valið að hlaupa í þágu góðs málefnis. Opið er fyrir áheit allt til miðnættis mánudaginn 23. ágúst.

- óká

AFNEMUM VSK
af öllum ritföngum og skólatöskum

TAX FREE DAGAR

Gildir til 22. ágúst á meðan birgðir endast.

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Reykjavíkurborg býður
FRÍTT Í STRÆTÓ Á MENNINGARNÓTT



Maður tekur strætó 21. ágúst.

Nánari upplýsingar á strætó.is

strætó.is

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Hópþjálfun Gigtarfélags Íslands byrjar 1. september

Skráning hefst mánudaginn 23. ágúst

Sjúkraþjálfarar og hjúkrunarfræðingur sjá um þjálfun.
Fagfólk með áralanga reynslu.
Þægilegt og rólegt umhverfi

STOTT–PILATES: Góð aðferð til að styrkja og auka stöðugleika liða og bæta líkamsstöðu. Vinsælir tímar. Byrjenda-og framhaldshópar, einnig einstaklingstímar.

Jóga: Aðlagað einstaklingum með gigt og þeim sem þurfa að fara varlega í þjálfu.

Alhliða leikfimi: Tímar sem henta vel fyrir þá sem eru að hefja þjálfun eða þurfa góða leiðsögn. Frábærir tímar fyrir gigtarfólk sem og aðra einstaklinga með stoðkerfisverki

Leikfimi fyrir karlmenn: Hressileg liðkandi og styrkjandi þjálfun. Hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum

Vatnsleikfimi: Góð alhliða þjálfun í vatni. Þyngdarleysi í vatninu gerir það að verkum að auðveldara er að gera æfingar þar heldur en á þurru landi.

Þjóðdansahópur: Kenndir verða Þjóðdansar frá ýmsum löndum svo sem Tyrklandi, Rúmeníu, Búlgaríu, og Skotlandi. Dansarnir eru mjög fjölbreytir og allir geta dansað þá þó þeir hafi aldrei stundað dans áður. Langflestir eru hópdansar eða hringdansar og því er ekki nauðsynlegt að koma með dansfélaga.

Nánari upplýsingar undir hópþjálfun á heimasíðunni **www.gigt.is**
Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í.
Ármúla 5, sími 5303600

512 Auglýsingasími 54 01

Allt sem þú þarft...

Róbert Wessmann segir Björgólf Thor Björgólfsson fara með ósannindi:

Lýgur til að hreinsa sjálfan sig

VIÐSKIPTI Róbert Wessmann, fyrrverandi forstjóri Actavis, svarar Björgólfi Thor Björgólfssyni fullum hálsi í yfirlýsingu til fjölmiðla en Björgólfur fullyrðir á heimasíðu sinni, btb.is, að Róbert hafi verið vikið úr starfi árið 2008. Róbert segist hafa hætt störfum hjá Actavis til að snúa sér að eigin fjárfestingum. Aðra ástæðu fráhvarfs hans frá fyrirtækinu segir Róbert vera að hann hafi ekki haft áhuga á því að starfa frekar með Björgólfi.

Á heimasíðu sinni segir Björgólfur að við afskráningu á Actavis í Kauphöll hafi orðið ljóst að rekstraráætlanir stjórnenda stóðust engan veginn og víðtæk gæðavandamál í verksmiðju félagsins í Bandaríkjunum hafi komið upp. Við úrlausn þessara vandamála hafi Róbert verið vikið úr starfi.

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

RÓBERT WESSMANN

Í yfirlýsingunni segir Róbert að störf hans hjá Actavis verði helst dæmd út frá því að á stuttum tíma hafi lítið íslenskt fyrirtæki orðið eitt af fimm stærstu í heimi á sínu sviði. Róbert segir það reyndar ekkert nýtt að Björgólfur fari með fleipur og varar við efni síðunnar sem sé vettvangur fyrir fjölmiðla- og áróðursmeistara Björgólfs til að hreinsa skaðað orðspor hans með því að finna blóraböggla fyrir því sem hefur farið miður í fjárfestingum hans.

- shá

Lífeyrissjóðir kaupa eignir Landsbanka

Eignarhald Landsbankans truflaði rekstur fyrirtækja sem hann hafði tekið yfir. Ætlunin var að selja stök fyrirtæki en fáir réðu við kaupin. Bankinn sleppir ekki hendi af fyrirtækjunum og kaupir þrjátíu prósent í Framtakssjóðnum.

VIÐSKIPTI Landsbankinn skoðaði ýmsa möguleika á því að selja Icelandic Group að hluta eða öllu leyti og önnur félög sem bankinn hafði tekið yfir og sett inn í eignarhaldsfélagið Vestia áður en ákveðið var að selja þau til Framtakssjóðs Íslands. Eftir því sem næst verður komist taldist sala á fyrirtækjunum til annarra en verulega fjársterkra aðila á borð við lífeyrissjóðina þrautin þyngri.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, játar að innan bankans hafi verið í skoðun að selja Icelandic Group og einstök félög en verið horfið frá því. Sú hugmynd að Framtakssjóðurinn keypti þau hafi komið upp í samræðum hans við Finnboga Jónsson, framkvæmdastjóra sjóðsins. Sextán lífeyrissjóðir mynda Framtakssjóðinn.

Steinþór skrifaði fyrir hönd Landsbankans í gær undir samning um sölu á Vestia til Framtakssjóðsins. Kaupverð nemur 19,5 milljörðum króna.

Með Vestia fylgja fimm fyrirtæki. Auk Icelandic Group eru í Vestia Húsasmiðjan, Plastprent og Teymi. Innan Teymis eru fjögur fyrirtæki, þar á meðal fjarskiptafyrirtækið Vodafone. Nokkur félög úr Vestia verða skilin eftir hjá Landsbankanum. Það eru bílaumboðið Askja, rúmlega fjörutíu prósenta hlutur í danska fyrirtækinu Cimbric Fiskekonserves, og sextán prósenta hlutur í Stoðum (áður FL Group). Þau félög sem ekki fylgja með eru í söluferli.

Gert er ráð fyrir að Framtakssjóðurinn greiði áttatíu prósent af kaupverðinu að lokinni áreiðanleikakönnun í október. Afganginn á að greiða að ári.

„Það er engin launung að eignarhald bankans á félögunum hefur truflað rekstur þeirra. Þótt bankinn standi vel er hann með laskaða ímynd," segir Steinþór og bætir við að með sölunni skýrist eignarhald fyrirtækjanna til frambúðar auk þess sem eiginfjárstaða Landsbankans batnar verulega. Það komi sér vel í þeirri óvissu sem komið hafi upp eftir niðurstöðu Hæstaréttar í júní, sem dæmdi gengistryggð krónulán ólögmæt, að hans sögn.

jonab@frettabladid.is

SAMNINGAR HANDSALAÐIR Finnbogi Jónsson og Steinþór Pálsson takast í hendur eftir undirritun sölunnar á Vestia. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefnt að skráningu í Kauphöll

Samhliða sölu Landsbankans á Vestia til Framtakssjóðsins skuldbatt bankinn sig til að kaupa þrjátíu prósenta hlut í sjóðnum. Kaupverðið nemur átján milljörðum króna og greiðist á næstu þremur árum. Framtakssjóðurinn er svipaður öðrum fjárfestingarsjóðum að því leyti að hann er lokaður og kallar eftir nýju hlutafé þegar hann kaupir eignir. Við sölu eigna greiðir hann þeim jafnharðan söluandvirðið til baka sem lögðu honum til fé.

Framtakssjóðurinn var stofnaður í desember í fyrra og er eina eign hans, að Vestia frátöldu, 32 prósenta hlutur í Icelandair Group.

Stefnt er að því að skrá fyrirtæki í eigu Framtakssjóðsins á hlutabréfamarkað að hluta þegar rekstur þeirra er kominn á réttan kjöl og þau hæf til að greiða hluthöfum arð, segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins. Hann telur líklegt að af því geti orðið innan fjögurra ára.

Bose hljómtækin fást í Sense Center í Kringlunni

Bose Lifestyle V25 - iPod vagga fylgir

sense
Sense Center Kringlunni

Augnakonfekt í boði Vodafone

Búðu þig undir kraftmikla flugeldasýningu klukkan 23:00. Hittumst á hafnarbakkanum á hápunkti Menningarnætur!

Í tilefni dagsins fá viðskiptavinir okkar netið í símann fyrir 0 kr. allan daginn.

Góða skemmtun!

Power to you

vodafone.is

Skóli Ísaks Jónssonar

Kæru foreldrar

Innritun 5–9 ára barna fyrir komandi skólaár stendur enn yfir

- Vel menntað starfsfólk
- Persónulegt og hlýlegt umhverfi
- Einstaklingsmiðað nám
- Læsi komið vel á veg við lok 6 ára bekkjar
- Vönduð gæsla fyrir og eftir skóla

Hringdu núna í síma 553 2590 eða sendu tölvupóst á umsokn@isaksskoli.is og fáðu frekari upplýsingar eða komdu í heimsókn til okkar.
www.isaksskoli.is

Starf - Háttvísi - Þroski - Hamingja

Bólstaðarhlíð 20 | 105 Reykjavík | S: 553 2590 | isaksskoli@isaksskoli.is

Vinnueftirlitið opnar bræðsluofn á Grundartanga á ný eftir banaslys:

Járnframleiðsluháttum breytt

ÖRYGGISMÁL Bræðsluofn á Grundartanga hefur verið tekinn í notkun á ný eftir banvænt vinnuslys sem varð í verksmiðjunni þann 29. júní síðastliðinn. Vinnueftirlitið lokaði ofninum í kjölfar þess að starfsmaður sem vann þar við skörun brenndist alvarlega þegar gos varð í ofninum og eldtunga barst úr honum. Maðurinn lést í kjölfarið.

Vinnueftirlitið ákvað að banna einnig vinnu við hina tvo ofna Grundartanga um tíma eftir slysið. Þegar fyrir lá að það tengdist sérstökum aðstæðum við framleiðslu 55 prósenta kísiljárns í ofninum þar sem slysið átti sér stað, voru hinir tveir opnaðir á ný. Rannsókn á málinu stendur þó enn yfir.

Elkem Ísland hefur ákveðið að hætta framleiðslu á 55 prósenta kísiljárni. Eingöngu verður unnið með 65 prósenta kísiljárn í umræddum ofni framvegis. Áhættumat fyrirtækisins hefur verið endurskoðað og hafa ýmsar öryggisráðstafanir verið gerðar, svo sem uppsetning öryggismyndavéla við hvern ofn og talstöðvar í skörungsvagna. Aðgengi að öllum ofnunum hefur nú verið takmarkað. Vinnueftirlitið mun greina frá frekari niðurstöðum rannsóknarinnar þegar þær liggja fyrir, síðar í haust. - sv

JÁRNBLENDIVERKSMIÐJAN Bræðsluofninn á Grundartanga hefur verið tekinn í notkun á ný eftir banaslys í júní.

Allir eiga að sitja nýja fundi:

Samvinna aukin í Reykjavík

REYKJAVÍK Mánaðarlegir vinnufundir allra borgarfulltrúa verða fastir liðir í starfsáætlun borgarstjórnar Reykjavíkur, sem samþykkti tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um það í gær.

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Hanna Birna segir að tilgangurinn sé að bæta störf borgarstjórnar, en með fundunum sé aukið samstarf borgarstjórnar um stefnumótun og brýn verkefni. Hún segist telja að aukin samvinna skili mestum árangri fyrir borgarbúa.

Fyrsti fundurinn verður haldinn áður en borgarstjórn kemur saman á ný í september. - þeb

Í LANDI KÁRASTAÐA Þjóðgarðsvörður ætlar að beita sér fyrir því að gerð verði úttekt á neysluvatns- og fráveitumálum umhverfis Þingvallavatn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vilja úttekt á rotþróm við Þingvallavatn

Brýnt er að gera úttekt á neysluvatns- og fráveitumálum við Þingvallavatn að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og þjóðgarðsvarðar. Strangar reglur voru settar 2006 en ekki er vitað hvernig þeim er fylgt.

NÁTTÚRA Ekki er hægt að fullyrða að neysluvatn í sumarbústaðalandi í landi Kárastaða við Þingvallavatn sé mengað vegna seyrulosunar í grenndinni um síðustu helgi, segir Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sýnataka í tveimur sumarbústöðum í landi Kárastaða við Þingvallavatn leiddi í ljós að vatnið er ekki drykkjarhæft. Tekin voru sýni í kjölfar frétta sem bárust af því að Holræsa- og stífluþjónusta Suðurlands hefði losað seyruvökva á vatnsverndarsvæði Þingvalla eftir að hafa verið fengin til að dæla upp úr rotþróm á svæðinu. Elsa segir að til þess að komast að niðurstöðu verði áfram tekin sýni á svæðinu næstu vikur.

Elsa bendir á að mjög strangar reglur gildi um fráveitumál og neysluvatnsmál á vatnsverndarsvæði í kringum Þingvelli. Þær hafi verið settar til að vernda lífríki vatnsins. Hins vegar hafi aldrei verið gerð úttekt á því hvort sumarbústaðaeigendur við vatnið hlýði þeim reglum sem settar voru árið 2006. Neysluvatnsöflun og fráveitumál heyri undir hvern og einn sumarbústaðareiganda og þau séu ekki eftirlitsskyld. „Við leggjum því áherslu á að farið verði í það þarfa verk að kanna ástand fráveitna og neysluvatnsmála á öllu verndarsvæði Þingvalla," segir Elsa.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður tekur undir þessi sjónarmið og segir mjög brýnt að gera úttekt á þessum málum. „Við höfum ekkert heildaryfirlit um ástand rotþróa við vatnið. Þetta er eitt af brýnustu verkefnum sem þjóðgarðurinn þarf að beita sér fyrir." Ólafur Örn segir vatns- og fráveitumál í góðu lagi í þjónustumiðstöð og á tjaldsvæði enda hafi miklu verið kostað til þar. Sumarbústaðaeigendur hafi örugglega margir hverjir farið að ströngustu kröfum, en vandamálið sé að vitneskjan um stöðuna liggi ekki fyrir.

Ólafur harmar mjög atvik síðustu helgar og telur það algjörlega óafsakanlegt. Holræsa- og stífluþjónustan sendi frá sér yfirlýsingu í vikunni þar sem atvikið var harmað. Fyrirtækinu var veitt áminning af Heilbrigðiseftirlitinu í kjölfarið.

Gunnar V. Guðmundsson, formaður Félags sumarbústaðaeigenda í landi Kárastaða, telur mjög líklegt að seyrulosunin hafi valdið menguninni. „Menn hafa verið að drekka vatnið í mörg ár og aldrei neitt komið upp. En eins og staðan er núna þá tökum við vatn með okkur eða sjóðum."

sigridur@frettabladid.is

Mengað vatn

Í ljós kom eftir sýnatöku Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að neysluvatn í sumarbústöðum í landi Kárastaða sé mengað.

Langar þig til að syngja í karlakór sem hefur mikinn metnað?

Þá er hér tækifæri sem þú ættir að hugleiða.

Karlakórinn Fóstbræður vill bæta við sig söngmönnum í allar raddir fyrir næsta starfsár (2010-2011) sem hefst í september nk.
Þú þarft að hafa góða söngrödd, tónheyrn og vera yngri en 45 ára.
Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur V. Snævarr í síma 898 7050, gsnaevarr@simnet.is.

Fóstbræður er ein elsta tónlistarstofnun landsins og hefur starfað óslitið í hart nær hundrað ár. Kórinn hefur frá upphafi verið metnaðarfullur í verkefnavali og sem dæmi komið reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í viðamiklum hljómsveitarverkum. Auk þess að syngja hefðbundið efni fyrir karlakóra hafa Fóstbræður stuðlað að nýsköpun með frumflutningi nýrra verka. Þá hefur kórinn slegið á létta strengi, t.d. með tónleikum og útgáfu í samstarfi við Stuðmenn og með landsfrægum söng hinna vinsælu Fjórtán Fóstbræðra á sínum tíma. Fóstbræður hafa unnið til verðlauna í erlendum söngkeppnum og síðast hlaut kórinn gullverðlaun á tónlistarhátíð Musica Sacra í Pag. Í júlí 2008 sungu Fóstbræður á sumarlistahátíð í Vilnius með hinni þekktu Christophers Chamber Orchestra og aftur á Reykholtshátíð í júlí 2009. Kórinn fer reglulega í söngferðir innanlands sem utan. Stjórnandi kórsins er Árni Harðarson.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR

Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?
Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbnum.
Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og færð frítt í alla opna og LOKAÐA tíma.
Hot jóga - ***frítt***
Heilsuátak - ***frítt***
Aðhaldsnámskeið - ***frítt***
Tabata - ***frítt***
Afró - ***frítt***
Magadans - ***frítt***
Bollywood - ***frítt***
Les Mills tímar - ***frítt***
Salsa - ***frítt***
Flamenco - ***frítt***
Tæbox - ***frítt***
o.*mfl.*

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug,
vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Baðhúsið - fyrir klárar konur
Vertu velkomin.

Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk

Ljósmyndari Vera Pálsd.

Komdu strax í klúbbinn, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515-1900

5.590* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir,
Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Gamalt deilumál útkljáð að mati breskra vísindamanna:

Loðfílarnir misstu graslendið

VÍSINDI Loðfílar dóu ekki út fyrir um fjögur þúsund árum vegna þess að menn væru svo duglegir við mammútaveiðar, heldur vegna þess að graslendi eyddist svo mjög að þeim varð ekki lengur líft.

Þetta segja vísindamenn við Durham-háskóla í Bretlandi, sem gerðu tölvulíkan af þróun gróðurfars í Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku síðustu 42 þúsund árin. Frá þessu er skýrt á vefsíðum breska útvarpsins BBC.

Í ljós kom að þegar síðasta ísöld náði hámarki fyrir um 21 þúsund árum voru kjöraðstæður fyrir graslendi, en loðfílarnir nærðust á grasi. Þegar hlýna tók í veðri varð æ meira um trjágróður og skóglendi en graslendið lét undan síga, með afdrifaríkum afleiðingum fyrir loðfílana.

LOÐFÍLL Sívaxandi skóglendi þrengdi að loðfílunum, sem að lokum dóu út á sléttum Síberíu. NORDICPHOTOS/AFP

Þessi stórvöxnu dýr voru þá mjög algeng víða í Evrópu, en hörfuðu til norðanverðrar Síberíu fyrir um 14 þúsund árum. Þar drapst svo síðasti loðfíllinn fyrir um fjögur þúsund árum.

Lengi hefur verið deilt um hvers vegna loðfílar dóu út, en mennirnir við Durham-háskóla þykjast nokkuð vissir um að hafa skorið úr þessu deilumáli í eitt skipti fyrir öll. **- gb**

JULIA GILLARD Steypti Kevin Rudd af stóli í júní og boðaði strax til kosninga í von um auðveldan sigur. NORDICPHOTOS/AFP

Tvísýnni kosningar en reiknað var með

Ástralar ganga til þingkosninga í dag. Mjótt er á mununum milli stóru flokkanna tveggja, en Julia Gillard forsætisráðherra hefur þó mátt horfa upp á fylgi síns flokks, Verkamannaflokksins, dvína nokkuð síðustu dagana.

ÁSTRALÍA, AP Julia Gillard komst til valda fyrir tveimur mánuðum, þegar hún hrakti Kevin Rudd úr embætti leiðtoga Verkamannaflokksins. Hún tók við leiðtogaembættinu og jafnframt embætti forsætisráðherra, og í beinu framhaldi af því boðaði hún til kosninga í þeirri von að kjósendur kynnu að meta nýjan leiðtoga sem talaði hreint út. Þannig mætti henni takast að snúa við slæmri útkomu flokksins í skoðanakönnunum.

Henni virðist þó ekki ætla að verða að ósk sinni. Þvert á móti hefur Tony Abbott, leiðtogi íhaldsmanna, tekist að reka af sér slyðruorðið með þeim árangri að kosningarnar í dag verða með þeim tvísýnustu sem Ástralar hafa kynnst síðustu áratugina.

Jafnvel bendir margt til þess að kjósendur ætli frekar að refsa Gillard fyrir þá bíræfni sem hún þykir hafa sýnt þegar hún tók völdin af Rudd. Þar á ofan virðast kjósendur ekki alls kostar sáttir við stefnu hennar í umverfismálum.

Flestir stjórnmálaskýrendur hafa þó allt fram á síðasta dag spáð Verkamannaflokknum naumum meirihluta, sem myndi duga honum til að stjórna landinu annað kjörtímabil.

Gillard hafði verið varaleiðtogi Rudds þegar hún nokkuð skyndilega bauð sig fram gegn honum í leiðtogakjöri flokksins í júní. Rudd hafði aldrei notið mikilla vinsælda í flokknum, þar sem hann var gagnrýndur fyrir að hafa sýnt hálfgerða einræðistilburði. Vegna slæmrar útreiðar flokksins í skoðanakönnunum átti Rudd í reynd litla möguleika þegar Gillard ákvað að bjóða sig fram.

Átökin innan flokksins í tengslum við leiðtogakjörið hafa hins vegar torveldað Gillard að vinna fylgi meðal almennra kjósenda. Tony Abbott, leiðtogi íhaldsmanna, hefur grætt á þessu svo nú á hann möguleika á sigri, sem áður þótti nánast óhugsandi.

Ekki einfaldaði það svo málin þegar 26 ára gömul dóttir Rudds, Jessica Rudd, gaf út fyrstu skáldsögu sína, sem fjallar um ástralskan forsætisráðherra sem felldur er af kvenkyns aðstoðarmanni sínum. Allt er það tómur skáldskapur, segir höfundurinn, og fullyrðir að bókin hafi verið frágengin í desember síðastliðnum, hálfu ári áður en sambærilegir atburðir gerðust í veruleikanum. **gudsteinn@frettabladid.is**

OPINN FYRIRLESTUR
Af hverju er Noregur ekki í ESB?

Iver B. Neumann
Mánudaginn 23. ágúst
frá kl. 12.00 til 13.00 í Odda, stofu 101
Iver B. Neumann, prófessor við Óslóarháskóla og yfirmaður rannsókna við norsku alþjóðamálastofnunina (NUPI), heldur fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og norska sendiráðsins um stöðu Evrópumála í Noregi.
Fyrirlesturinn fer fram á ensku.
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI
NORSKA SENDIRÁÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

30 DAGA
HREINSUN Á MATARÆÐI
með Davíð Kristinssyni næringar- og lífsstílsþjálfara.
Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli.
Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19:30 - 21:30
Fimmtudaginn. 26. ágúst
Fimmtudaginn. 02. september
Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.
Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.
Davíð tekur einnig að sér einstaklingsráðgjöf, mælingar og aðhald á fimmtudögum.
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

MENNINGARNÓTT Á HÖFÐATORGI

Fjölbreytt dagskrá í allan dag og frábært tækifæri til að skoða sig um í nýjasta miðbæ Reykjavíkur.

VELKOMIN Á HÖFÐATORG!

TURNINN OPINN 13:00-17:00.
Njótið ótrúlegs útsýnis yfir höfuðborgarsvæðið af 19. hæð. Reykjavík Beat Generation spilar frá kl. 15:00.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ HJÁ BORGINNI
Þjóðlagadúett Söru Hrundar Gunnlaugsdóttur og Skúla Hakim Mechiat spilar kl. 15:00 í þjónustuveri.

Verkefni borgarinnar verða kynnt og DR. BÆK yfirfer hjól í suðurgarðinum. Borgarkórinn syngur kl. 13:30.

Gestalistamenn Reykjavík Public Space Programme á vegum ArtFart sýna staðsértæk verk og bandaríska listakonan Amber Hickey framkvæmir lifandi innsetninguna Pick/Touch/SmellArtFart.

Tónlistardagskrá í samkomusal Reykjavíkurborgar á 7. hæð. Þjónustuver á jarðhæð verður opið frá 13:00-17:00.

FIMM - LJÓSMYNDASÝNING Í SUÐURGARÐINUM
Sýning Hálfdans Pedersen og Söru Jónsdóttur birtir einstaka sýn fimm ára barna á lífið og tilveruna.

TURNINN KLIFINN 14:00-16:00
Árleg klifurkeppni á vegum Klifurfélags Reykjavíkur og Klifurhússins. Klifinn verður 26 metra hár steinveggur sem snýr að Höfðatúni. Kynnir er Jóhannes Ásbjörnsson, helmingur „Simma og Jóa“.

GRAFF
Hópur götulistamanna, nýkominn úr hringferð um landið, fagnar heimkomunni með því að reisa stórt myndverk í suðurgarði Höfðatorgs.

LITALAND
Litaland býður gestum að koma, grípa í pensil og mála verk á striga. Tilboð á öllum vörum.

KAFFITÁR OPNAR 10:00
Gestir og gangandi staldra við og kynna sér listina að hella upp á könnuna á gamla mátann milli 14:00 og 16:00.

ELDHRÍMNIR OPNAR 13:00.
Belgískar vöfflur og ömmuvöfflur á tilboði.

HaPP - nýr veitingastaður opnar kl. 11:00

HAMBORGARAFABRIKKAN opnar kl. 11:00

SERRANO opnar kl. 11:00

NÓG AF BÍLASTÆÐUM
Bílakjallari Höfðatorgs verður opinn frá 10:00-01:00. Tilvalið er að byrja daginn á Höfðatorgi, leggja bílnum í bílakjallaranum og rölta síðan áleiðis á dagskrá Menningarnætur.

27 ÁRA

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

21. ÁGÚST 2010

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-0396

Góða skemmtun í dag!

Í dag munu þúsundir hlaupa til góðs í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Áheitasöfnunin á hlaupastyrkur.is hefur nú þegar farið langt fram úr söfnun síðasta árs en þann árangur ber að þakka hlaupurum sem hafa verið duglegir að hvetja vini og vandamenn til að heita á sig. Enn er hægt að bæta um betur því opið verður fyrir áheit fram til miðnættis mánudaginn 23. ágúst.

Við óskum hlaupurum góðs gengis og minnum fólk á að fara út á götur í dag og hvetja alla hlaupara til dáða.



Dagskrá í Lækjargötu

08:40 Maraþon, hálfmaraþon og boðhlaup (maraþon)
09:30 10 km hlaup
11:45 Upphitun
12:00 Skemmtiskokk 3 km
14:40 Tímatöku hætt

Bendum hlaupurum á að mæta tímanlega. Margar götur í miðbænum eru lokaðar og því tekur það lengri tíma en á venjulegum degi að komast í Lækjargötuna.

Dagskrá Latarbæjarhlaups í Hljómskálagarðinum

13:30 Ræst í 700 m hlaup (5 ára) – Gul leið
13:30 Ræst í 1,5 km hlaup (7-8 ára) – Blá leið
13:40 Ræst í 700 m hlaup (4 ára) – Rauð leið
13:50 Ræst í 700 m hlaup (0-3 ára) – Græn leið
13:50 Ræst í 1,5 km hlaup (6 ára) – Appelsínugul leið
14:15 Að loknu hlaupi verður skemmtidagskrá í suðurenda Hljómskálagarðsins.

Upphitun við rásmark 5 mínútum fyrir hvert hlaup

Einungis er leyfilegt að vera með kerrur og vagna á Grænu leiðinni fyrir aftan aðra hlaupara.

Íslandsbanki
- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

skoðun

greinar@frettabladid.is

Reykjavíkurborg ætlar að gefa stöðu stráka í skólum meiri gaum.

Meðaltalsuppeldið

Menntaráð Reykjavíkur samþykkti fyrr í mánuðinum tillögu Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa um að unnið skuli markvisst að því að efla námsárangur drengja í grunnskólum.

Þetta var tímabær samþykkt, því að í meira en áratug hafa legið fyrir gögn og rannsóknaniðurstöður sem sýna fram á að drengjum bæði gengur verr og líður verr í grunnskólanum en stúlkum. Eitt leiðir af öðru og margt bendir til að strákar séu líklegri til að hverfa frá framhaldsnámi en stelpur. Þeir eru sömuleiðis orðnir í minnihluta í háskólanámi. Í samfélagi, þar sem allir eiga að hafa sömu tækifæri, hlýtur þetta að vera áhyggjuefni. Þótt enn halli á konur í jafnréttismálum þegar á heildina er litið, geta það ekki verið rök fyrir því að gera ekkert í versnandi stöðu karla á tilteknum sviðum.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Fulltrúi Vinstri grænna í menntaráði greiddi þó atkvæði gegn samþykktinni. Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi flokksins, sagði hér í blaðinu að með henni væri verið að falla í pytt gamallar orðræðu. Mikilvægara væri að „vinna með og uppræta staðlaðar kynjaímyndir í grunnskólum og stuðla að markvissri kynjafræðslu fyrir bæði kynin“. Sóley bendir á að sömu rannsóknir og hafi sýnt fram á minni áhuga drengja á náminu hafi borið vitni um lakari sjálfsmynd stúlkna.

Það má velta því fyrir sér hvort Sóley Tómasdóttir hefði lagzt gegn tillögu sem hefði gengið út á að styrkja stöðu stelpna, jafnvel þótt ekkert hefði verið minnzt á strákana. Varla útilokar það að stöðu stúlkna verði gaumur gefinn þótt tekið verði á slökum árangri piltanna, eða hvað? En auðvitað er það rétt, að hyggja þarf að hvoru tveggja.

Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar, hvatti til þess hér í blaðinu að samþykktinni yrði fylgt eftir með því að skoða einnig stöðu stúlkna í grunnskólum. Margrét Pála hefur árum saman bent á að kynin séu ólík og ekki dugi að beita sama „meðaltalsuppeldinu“ á stráka og stelpur. Þá verður niðurstaðan sú, hefur hún sagt, að strákarnir fái 80% af athyglinni af því að þeir séu fyrirferðarmeiri. Slíkt komi niður á báðum kynjum; strákarnir venjist því fljótt að taka meira en þeim ber, á kostnað stúlknanna. Þannig fái bæði kyn röng skilaboð snemma á lífsleiðinni.

Margrét Pála hefur farið þá leið að kenna strákum og stelpum að hluta til sitt í hvoru lagi og leggja áherzlu á að leyfa sterkari hliðum beggja kynja að njóta sín í skólanum en vinna líka með veiku hliðarnar, til dæmis félagsfærni, samskipti og tillitssemi hjá strákunum og frumkvæði, áræðni og sjálfstraust hjá stelpunum.

Nú er ekki þar með sagt að Hjallastefnan sé endilega það eina rétta fyrir alla grunnskóla. Hins vegar ber að fagna því að hjá Reykjavíkurborg ríkir vaxandi skilningur á því að meðaltalsuppeldið er ekki rétta leiðin í skólastarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Dreymir þig um að reka kaffihús?

Við leitum að sjarmerandi aðila til að reka lítið, huggulegt kaffihús/súpustað í verslun okkar í Holtagörðum.
Lítill startkostnaður.
Nánari upplýsingar veita

Telma í gsm 862 5789, netfang: telma@tekk.is
Eyþór í gsm 861 5781, netfang: eythor@tekk.is

Hlökkum til að heyra frá þér!

TEKK COMPANY
HOLTAGÖRÐUM

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Skalli

Gylfi Magnússon efnahagsráðherra var sakaður um að hafa leynt Alþingi vitneskju um að gengistrygging lána væri ólögmæt. Svo vill til að Alþingi setti lög um bann við slíkri tryggingu árið 2001. Síðan þá hefur það verið opinber staðreynd og birt með lögmætum hætti öllum borgurum þessa lands til eftirbreytni.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Alþingi hefur hins vegar aldrei bannað erlend lán. Einstakir lánagerningar geta verið þannig úr garði gerðir að ágreiningur kann að vera um hvort um er að ræða lán í erlendri mynt eða íslenskum krónum með gengistryggingu. Hæstiréttur hefur skorið úr vafa þar um í einu tilviki.

Lögfræðialit sem unnin voru í Seðlabanka og viðskiptaráðuneytinu höfðu að geyma túlkun á efni laganna. Þau fjölluðu á hinn bóginn ekki um hvort einstakir lánagerningar banka og fjármálafyrirtækja væru í samræmi við lögin. Á þessu er grundvallarmunur.

Hvorki Seðlabankinn né viðskiptaráðuneytið gátu unnið álit um hvort einstakir lánagerningar samræmdust lögunum með því að þeir voru ekki í höndum þessara stofnana. Þegar ráðherra svaraði fyrirspurnum um þessi efni á Alþingi fyrir ári hafði hann fengið lögfræðilega kynningu á efni laganna en ekki um lánagerningana.

Án dóms Hæstaréttar gátu svör ráðherrans ekki verið á annan veg. Með engu móti verður því á það fallist að hann hafi blekkt Alþingi eða sagt því ósatt. Nær lagi er að fjölmiðlar hafi villt um fyrir þjóðinni.

Uppskafning

Því hefur verið haldið fram að ráðherrann hefði átt að upplýsa skuldara þessara vafasömu lána um lagalega stöðu þeirra fyrir ári. Jafnframt hefði hann átt að gera ríkissjóði viðvart svo að hann gæti gætt hagsmuna sinna.

Við þetta er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi hafði ráðherra ekki upplýsingar um lagalega stöðu lánagerninganna. Í annan stað fara hagsmunir ríkissjóðs og skuldara ekki sjálfkrafa saman í þessu máli.

Ríkissjóður sat uppi með ábyrgð á endurfjármögnun bankanna. Hefði ríkissjóður metið þessi lán minna virði hefðu skattborgararnir hugsanlega þurft að leggja bönkunum til meira eigið fé. Hvaða vit var í því fyrir ráðherra efnahagsmála að hvetja til þess? Nóg var nú samt.

Hefði ráðherrann ætlað að þvinga bankana til að fara með þessi lán í samræmi við óuppkveðinn dóm Hæstaréttar hefði hann verið að fara út fyrir valdsvið sitt. Þá hefði framkvæmdarvaldið tekið sér dómsvald. Það er andstætt stjórnarskránni.

Álitamál er hvort það er broslegt eða kjánalegt að hlusta á fréttamenn og stjórnmálamenn sem dag hvern klifa á nauðsyn skarpra skila milli hinna þriggja þátta stjórnkerfisins þegar þeir krefjast afsagnar ráðherra fyrir þá sök að hafa ekki látið sér til hugar koma að misbeita valdi sínu.

Vitaskuld hefði það verið betra fyrir skuldara að fá fyrir ári þá niðurstöðu sem varð í Hæstarétti á dögunum. Um það er ekki deilt. Það var hins vegar ekki á valdi ráðherrans að flýta henni. Þeir sem krafist hafa afsagnar ráðherrans af þessum sökum hafa ekki sýnt fram á hvernig þeir hefðu sjálfir komið því í kring í hans sporum.

Svo er hitt: Sumir þeirra gáfumanna sem helst hafa gagnrýnt efnahagsráðherrann fyrir að hafa ekki staðið vörð um hagsmuni skuldara eru í hópi þeirra sem telja að sá sveigjanleiki krónunnar sem varð skuldurum að fótakefli sé mesta efnahagsgæfa þjóðarinnar. Enginn fréttamaður spyr út í það.

Ruglandi

Hefur efnahagsráðherrann þá ekkert til sakar unnið? Ráðherrar geta brotið af sér eða gert mistök með tvennum hætti. Annars vegar með því að brjóta lög, reglur og stjórnsýsluhefðir. Hins vegar með því að fylgja vitlausri pólitík eða engri.

Efnahagsráðherrann hefur ekki brotið stjórnsýslureglur. Hitt er jafn ljóst að hann ber formlega ábyrgð á framkvæmd efnahagsstefnunnar. Í reynd er staða hans þó þannig að hann er fremur embættismaður eða blaðafulltrúi sem fær að mæta á fundi ríkisstjórnar og Alþingis.

Það er ljóður á ráði efnahagsráðherrans að hann hefur ekki gert tilraun til að hafa áhrif í krafti stöðu sinnar. Eftir nýbreyttum stjórnarráðslögum hvílir pólitísk forysta í efnahagsmálum á efnahagsráðherranum. Þar hefur hann algjörlega brugðist.

Það sýnir ráðleysið eftir dóm Hæstaréttar í gengislánamálinu og geðleysið varðandi sjávarútvegsmálin og orkunýtingarmálin. Alvarlegast er þó að stjórnarflokkarnir hafa hvor sína stefnu í peningamálum og efnahagsráðherrann er samviskusamur blaðafulltrúi beggja. Að þessu virtu er hann betur kominn í Háskólanum en ríkisstjórn. En það er annar handleggur og kemur svörum á Alþingi ekki við. Ögmundur Jónasson bíður eftir að koma í hans stað. Vandséð er að það muni bæta málefnastöðuna í þessum efnum.

Um þetta er ekki fjallað. Umræðan hefur því borið öll sömu frásagnareinkenni og Þórbergur sá í Hornstrendingabók. Þar er að finna: Skalla, uppskafningu, lágkúru og ruglandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Aðeins í BYKO Breidd

Takmarkað magn!

LAGER-HREINSUN

Mikill afsláttur

Árstíðavara • Heimilistæki • Hreinlætistæki • Verkfæri
Parket • Flísar • Búsáhöld • Heimilisvara • Og margt fleira

Fyrstir koma - fyrstir fá!

62% afsláttur af fótboltaspili!

Allt að 56% afsláttur af öryggisskóm!

ÚTSÖLU-BORÐ

Á útsöluborði okkar í garðskála BYKO Breidd finnur þú fjöldann allan af vörum á eftirtöldu föstu verði:

100 kr.	2.500 kr.
250 kr.	3.000 kr.
350 kr.	3.500 kr.
500 kr.	5.000 kr.
1.000 kr.	7.500 kr.
1.500 kr.	10.000 kr.
2.000 kr.	

Takmarkað magn!

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF VÖRUÚRVALINU Á LAGERHREINSUN Í BYKO BREIDD

		Lagerhreinsunarverð:	Fullt verð:
Vnr. 50870538-48	COFRA LAREDO öryggisstígvél	5.000 kr.	11.263 kr.
Vnr. 41119067	Eldfast form, 38,5x26x6,8 mm	7.000 kr.	9990 kr.
Vnr. 41119081	Bambus skurðarbretti 48x38x3 mm	3.500 kr.	5.990 kr.
Vnr. 41119006	Snúningsdiskur	2.000 kr.	2.990 kr.
Vnr. 11040403-6	Birkihurðir, vinstri eða hægri opnun	verð frá 10.900 kr.	18.283 kr.
Vnr. 11040407-16	Birkikarmar, 70, 80 eða 90 cm	verð frá 9.990 kr.	18.864 kr.
Vnr. 38910043	Járnhillur fyrir dekk, 200x100x35 cm	8.993 kr.	14.990 kr.
Vnr. 57901104	CSPC plastbox á hjólum, 40 l	1.500 kr.	2.490 kr.
Vnr. 57901121	CSPC taukarfa, ferköntuð, blá, 47 cm	1.000 kr.	2.590 kr.
Vnr. 41120129	Fótboltaspil, 60x120x80 cm	10.000 kr.	26.199 kr.
Vnr. 41130109	Ferðataska, bleik eða blá, 48 cm	2.500 kr.	3.990 kr.
Vnr. 49809110	Verkfærabox með verkfærum, 149 stk.	10.990 kr.	19.900 kr.

Bætum daglega við vöruúrvalið!

Timbursala BYKO Breidd

LAGER-HREINSUN

• Panill • Vatnsklæðning • Profiltak þakefni
• Álplötur • Byggingatimbur, 25x150 mm
• Múrsteinar • og margt fleira!

15% afsláttur af sérverði á gagnvörðu efni í völdum lengdum!

25% afsláttur af sérverði á girðingaeiningum!

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

Aðgerðir ríkisstjórna og árangur, febrúar 2009 – ágúst 2010 Grein 2

Landið tekur að rísa!

Þjóðmál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra

Ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar – grænsframboðs og Samfylkingingarinnar tók við erfiðu verkefni fyrir einu og hálfu ári í kjölfar hrunsins. Ekki einungis beið hennar að reisa nýtt hagkerfi úr rústum þess gamla, heldur tók hún við í andrúmslofti mettuðu reiði og tortryggni, ekki síst í garð stjórnmálanna. Slíkt ástand var, og er kannski enn, eðlilegt í ljósi þess að þau stjórnmálaöfl sem almenningur hafði treyst og ítrekað veitt umboð sitt til þess að stjórna landinu í hartnær tvo áratugi brugðust fullkomlega. Fjölmenn mótmæli sýndu fram á mikilvægi samtakamáttarins og að breytingar væru mögulegar en vöktu um leið miklar væntingar til þeirra sem við tóku. Verkefni ríkisstjórnarinnar hefur því ekki eingöngu verið að rétta af hagkerfið heldur ekki síður að byggja upp traust, eða í það minnsta reyna að eyða tortryggni og endurheimta glataða tiltrú.

Auka trúverðugleika

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur mikil áherslu verið lögð á að svara því kalli um endurbætur og siðbót sem ómaði í samfélaginu í kjölfar hrunsins. Það hefur m.a. verið gert með því að efla og auka trúverðugleika þeirra eftirlitsstofnana sem brugðust, t.d. með nýrri, faglegri yfirstjórn í Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu. Embætti sérstaks saksóknara var stóreflt auk þess sem hin þekkti saksóknari Eva Joly var ráðin því til ráðgjafar. Að auki hafa rannsóknir á skattalagabrotum verið efldar og heimildir til þeirra auknar, sem m.a. gera mögulegt að frysta eignir á meðan rannsókn stendur yfir.

Meðal fyrstu verka stjórnarflokkanna var að afnema með öllu eftirlaunaforéttindi ráðherra og alþingismanna, „eftirlaunaósómann“. Dagpeningar og risna voru skorin niður auk þess sem hæstu laun hjá ríkinu voru lækkuð. Síðastliðið vor samþykkti síðan Alþingi lög sem

> Ekki má heldur gleyma að fjölmörg framfaramál hafa náð fram að ganga á því eina og hálfa ári sem ríkisstjórnin hefur setið þrátt fyrir erfiðleikana.

kveða á um faglegar ráðningar í stöður dómara við Hæstarétt og héraðsdómstóla en stöðuveitingar í þau embætti hafa verið mjög umdeildar. Þar með var bundinn endi á þá hefð að valdhafar skipi pólitíska vildarvini sína í þau embætti eins og alltof mörg dæmi eru um. Lög um almennar siðareglur fyrir alla ríkisstarfsmenn voru samþykkt og er nú unnið að því að setja ráðherrum og starfsmönnum stjórnarráðsins sértækar siðareglur á grunni þeirra.

Lýðræðisumbætur

Kallinu um aukið lýðræði hefur verið svarað. Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur voru samþykkt og í haust verður kosið til stjórnlagaþings sem hefur það hlutverk að endurskoða stjórnarskránna frá grunni. Reyndar eru þessar lýðræðisumbætur einu ári á eftir áætlun vegna andstöðu Sjálfstæðismanna fyrir alþingiskosningar 2009.

Úrbætur fyrir heimili landsins

Mál heimila sem búa við erfiða fjárhags- og skuldastöðu í kjölfar efnahagshrunsins hafa verið samfellt til úrvinnslu og ríkisstjórn og Alþingi gripið til fjölmargra ráðstafana. Meðal þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin greip strax til var efling Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, frestun á nauðungarsölum, setning laga um heimild til útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar, gerð samnings við fjármálastofnanir um samræmd greiðsluerfiðleikaúrræði, tímabundin frysting gengistryggðra lána, hækkun vaxtabóta, setning laga um greiðsluaðlögun og lækkun dráttarvaxta. Síðar voru sett lög um greiðslujöfnun verðtryggðra lána, lög um ábyrgðarmenn og lög um greiðsluaðlögun hafa verið endurbætt. Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna var breytt í embætti umboðsmanns skulda sem vinnur með skuldurum, úrræði fyrir fólk með tvær eignir eru í undirbúningi og fleira. Nú þegar hafa hátt í 100 þúsund einstaklingar nýtt sér þetta á einn eða annan hátt og létt á fjárhagsvanda sínum. Auðvitað telja margir að gera þurfi enn betur, en spurningin hér er ekki um vilja heldur mat á því hvað sé viðráðanlegt við okkar þröngu aðstæður og þá ekki síst fyrir skuldum hlaðinn ríkissjóð. Þá hefur einnig verið mikið að gert til þess að taka á fjárhags- og skuldamálum fyrirtækja, t.d. með gjalddagaaðlögun og auknum sveigjanleika við uppgjör skattaskulda.

Örvun atvinnulífsins

Ríkisstjórnin hefur staðið í viðamiklum verkefnum við uppbyggingu efnahagslífsins og efnahagsáætlun stjórnvalda er á áætlun, jafnvel rúmlega það. Víkjum að því í síðari greinum.

Mikið hefur verið gert til þess að verjast atvinnuleysi og örva atvinnulífið. Má þar fyrst nefna að áhersla hefur verið á að verja störf hjá ríkinu með því að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum með öðrum leiðum en fjöldauppsögnum. Ríkið er stærsti atvinnuveitandi landsins og hefur þessi áhersla skipt sköpum við að halda aftur af atvinnuleysinu. Framundan eru miklar framkvæmdir, til dæmis nýbyggingar Landspítalans, Búðarhálsvirkjun, tvöföldun Suðurlandsvegar o.s.frv. Ríki og borg ákváðu halda áfram byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu og tryggðu þannig atvinnu um 400 starfsmanna og verkefni fyrir fjölmarga sem að koma. Þá hafa stjórnvöld stóraukið fjármagn í viðhaldsframkvæmdir við opinberar byggingar. Samtals verður varið 3,200 milljónum til slíkra verkefna á árinu 2010. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna viðhalds- og endurbótaverkefna var hækkuð í 100% og nú hafa sérstakar skattaívilnanir bæst við sem viðbótar kvati. Í framhaldi af þessu hafa stjórnvöld unnið náið með Samtökum iðnaðarins, Alþýðusambandi Íslands og aðildarfélögum, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands að verkefninu „Allir vinna.“

Atvinnuskapandi aðgerðir

Í lok síðasta árs voru samþykkt lög sem bæta stöðu nýsköpunar- og sprotafyrirtækja með skattaívilnum. Vegna þessa er skattaumhverfið á Íslandi fyrir slík fyrirtæki með því besta sem þekkist í heiminum og er áhrifanna þegar farið að gæta.

Neikvæðum áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á ferðaþjónustuna á vormánuðum var mætt með kraftmiklu sameiginlegu markaðsátaki. Þúsundir sumarstarfa voru sköpuð með sérstökum átaksverkefnum, hlutaatvinnuleysisbætur teknar upp og gripið til víðtækra aðgerða til að tryggja virkni þeirra sem eru í atvinnuleit, því fátt er meira mannskemmandi en að sitja heima í aðgerðarleysi. Loks hefur allt verið reynt sem mögulegt er til að gera skólum landsins kleift að taka við sem flestum sem vilja nýta tímann til náms meðan núverandi ástand varir.

Framfarir til framtíðar

Ekki má heldur gleyma að fjölmörg framfaramál hafa náð fram að ganga á því eina og hálfa ári sem ríkisstjórnin hefur setið þrátt fyrir erfiðleikana. Það sýnir að stundum er viljinn allt sem þarf.

Skal þar fyrst nefna nýtt tekjuskattskerfi sem ver hina tekjulægstu fyrir skattahækkunum og dreifir byrðunum á allt annan og réttlátari hátt en áður. Landið hefur til mikils hagræðis verið gert að einu skattaumdæmi. Þá má nefna ein hjúskaparlög óháð kynhneigð, bann við kaupum á vændi, lokun nektarstaða, hærri grunnframfærslu námslána, skýra og metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum, ákvörðun um að leggja niður óþarfa Varnarmálastofnun og svona mætti lengi telja. Allt tal um að ríkisstjórnin sé ekkert að gera er því einfaldlega rangt og hrein öfugmæli. Ríkisstjórnin hefur þvert á móti verið sérlega starfsöm og fengið miklu áorkað við afar erfiðar aðstæður.

ENGAR HINDRANIR
BARA TÆKIFÆRI

Vörur Össurar hjálpa fólki um allan heim að lifa lífinu til fulls. Eins og þúsundir annarra munu þessir afreksíþróttamenn frá Bretlandi og fjölmargir starfsmenn Össurar hlaupa til góðs í Reykjavíkurmaraþoninu.

Lýsingarfræði í Tækniskólanum

Námið er 30 einingar (jafngildir 60 ECTS) og tekur eitt ár.
Námsgreinar haustannar eru:

- Saga lýsingarhönnunar
- Áhrif lýsingar á manninn
- Sjónskynjun
- Ljós og litir
- Ljósgjafar
- Lampabúnaður
- Lýsingarútreikningar

Námskipulag lýsingarfræði tekur mið af námskipulagi samtakanna PLDA (Professional Lighting Design Association).

Innritun er til 25. ágúst. Nánari upplýsingar á tskoli.is og hjá ave@tskoli.is eða í síma 514 9601.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Þeirra eigin orð

Evrópumál

Þórir Stephensen
fyrrverandi dómkirkjuprestur

Andstæðingar aðildarviðræðna við ESB hafa að undanförnu farið mikinn í fjölmiðlum, ekki síst í dagblöðum og á vefsíðum. Þar er víða haldið uppi hræðsluáróðri, ekki síst því, að einu gildi. um hvað verði samið við ESB, ekkert af því muni standa nema tímabundið. Talað er um, að samningar við ESB yrðu nánast einskis virði.

Við, sem teljum að reyna eigi samninga, höfum hins vegar fullyrt, að það, sem kemst inn í aðildarsamning, haldi. Því sé óhætt að treysta.

Ég rak nýlega augun í skýrslu Evrópunefndar, sem Davíð Oddsson forsætisráðherra, skipaði 8. júlí 2004 og skilaði greinargerð sinni í mars 2007. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var skipaður formaður nefndarinnar, en auk hans voru þar Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ragnar Arnalds, Katrín Jakobsdóttir og Brynjar Sindri Sigurðsson markaðsfræðingur. Bryndís Hlöðversdóttir hætti í nefndinni í desember 2006 og tók Ágúst Ólafur Ágústsson sæti hennar.

Þetta er mikið mannval og ég vek sérstaka athygli á þeim Birni Bjarnasyni, Einari K. Guðfinnssyni og Ragnari Arnalds sökum málflutnings þeirra að undanförnu. Greinargerð nefndarinnar heitir „Tengsl Íslands og Evrópusambandsins“ Nefndin virðist hafa unnið ágætt verk og kallað til ráðuneytis marga hina færustu sérfræðinga. Þar er tvennt, sem mér finnst mikilvægt að benda á einmitt nú.

Á blaðsíðu 77 í skýrslunni stendur:

„Mikilvægt er að hafa í huga að aðildarsamningar að ESB hafa sömu stöðu og stofnsáttmálar ESB 172 og því er ekki hægt að breyta ákvæðum þeirra, þar á meðal undanþágum eða sérákvæðum sem þar er kveðið á um, nema með samþykki allra aðildarríkja.“

Neðst á blaðsíðu 79 í sömu skýrslu stendur einnig:

„Lagaleg staða undanþágu eða sérlausnar sem er í aðildarsamningi er sterk því aðildarsamningur hefur sama lagalega gildi og stofnsáttmálar ESB. Hið sama gildir um bókanir, en þær eru hluti af aðildarsamningum og hafa því sama lagalega gildi og þeir.“

Við þetta má svo bæta, að þeim, sem gerst þekkja til, er ekki kunnugt um neina varanlega lausn, sem hafi verið dæmd ógild eða vötnuð út af EB-dómstólnum. T.d. stendur tæplega fertug undanþága Dana um takmarkanir á fjárfestingum í sumarhúsum óhögguð enn í dag.

Þetta er samhljóma við skrif okkar, sem viljum reyna samninga við ESB. Við ætlum ekki að semja auðlindir Íslands af okkur. Við viljum reyna að koma góðum ákvæðum um yfirráð okkar yfir þeim inn í aðildarsamning. Þá teljum við öllu óhætt. Andstæðingarnir reyna sem þeir geta að gera lítið úr orðum okkar. Ég sé þó ekki betur en þeirra eigin orð vitni gegn þeim í þessari merku skýrslu, sem hér var til vitnað.

Ögmundur Jónasson birti svo nýlega grein í Mbl. „Virkisturn í norðri“ heitir hún. Hann vænir ESB um ýmislegt í eftirfarandi málsgrein: „ En ekki mun standa á styrkveitingum – svona rétt á meðan verið er að tala okkur til. Hið sama gæti hent okkur og indíána Norður-Ameríku. Þeir töpuðu landinu en sátu uppi með glerperlur og eldvatn.“ Getur Ögmundur bent mér á einhver dæmi um, að slíkt hafi gerst í samskiptum ESB við aðildarlöndin? Ég þekki þau ekki, og geti hann ekki komið með dæmi, þá er þetta ekkert annað en ómálefnalegur hræðsluáróður.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, hefur verið að gera sig gildandi á „Evrópuvaktinni“. Hann lætur mikið af þekkingu sinni á reynslu Finna í landbúnaðarmálum eftir inngöngu þeirra í ESB. Hann segir þar m.a.: „Athyglisvert er að kynnast því viðhorfi, sem vitnar um reynslu þeirra af ýmsum „samningum“ sem þeir töldu sig hafa gert við aðild. Fjölmörg sérákvæði, sem samið var um, hafa ekki reynst pappírsins virði. Þrátt fyrir undirskriftir og handsöl hafa stofnanir ESB fellt slíkt úr gildi vegna kröfunnar um jafnræði innan ESB.“ Undir allt þetta er tekið í leiðara Mbl. 3. ágúst sl. og það lofað sem mikið fagnaðarerindi fyrir andstæðinga ESB. En miðað við skýrslu Björns Bjarnasonar og nefndar hans, vaknar sá grunur, að þarna sé eitthvað frjálslega með farið. Þess vegna bið ég í allri hógværð um bitastæð og skjalfest dæmi frá Haraldi. Eins og ég hef áður sagt, þá á ég ekki sannleikann, en mig langar til að sannleikurinn eigi mig, einnig í þessu máli.

Ég hygg, að fleirum en mér ofbjóði sá málflutningur, sem mest ber á um þessar mundir. Fullyrt er, að ekki þýði að semja, og verði samið, þá verði það einskis virði. ESB er í raun lýst eins og skrímsli, marghöfða óvætti, sem muni hremma okkar ágætu þjóð og matreiða hana eins og því þykir best. Samt eru þetta samtök, sem voru stofnuð til að efla frið, frjáls samskipti á sem flestum sviðum og efnahagslegan stöðugleika. Enginn hefur vænst fullkomleika í neinu af þessu, en staðreynd er, að frændum okkar Dönum og Svíum líður yfirleitt vel í þessu samfélagi og eru engu að tapa í sjálfsforræði sínu. Hví skyldum við ekki láta á það reyna, hvernig samningum við gætum náð?

Sú andstaða, sem nú er uppi höfð, af hendi þeirra, er sömdu það, sem til var vitnað í skýrslunni tilgreindu, stangast á við þeirra eigin orð.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AF NETINU

Orðspor auðkýfings

Það er einfaldlega viðtekin skoðun í íslensku viðskiptalífi að það borgi sig ekki að tjá sig um aðra leikendur viðskiptalífsins í fjölmiðlum. Hvað á að kalla þetta andrúmsloft? Stundum er talað um þöggun í íslensku samfélagi. En verst er þöggunin í viðskiptalífinu og var orðin að þjóðarmeini fyrir hrun. Það var orðið þannig að peningar voru taldir jafngilda þöggunarvaldi um hvaðeina. Jafnvel nauðaómerkilega hluti.

andres.eyjan.is/

Andrés Jónsson

Klerkar í klípu

Skriftir eru ekki sakramenti í lútersk evangelískri kirkju. Það er ekki á færi prestanna að veita fyrirgefningu synda. Það er sjálfsagt að prestar haldi trúnað við sóknarbörn sín og séu ekki að blaðra um leyndarmál þeirra út um allar koppagrundir. Prestarnir stunda sína sálgæslu en að þeir eigi að þegja um glæpi er fráleitt – jafnvel þótt sumir klerkar vilji setja sig á háan hest hvað þetta varðar.

silfuregils.eyjan.is

Egill Helgason

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51042 08/10

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Þú safnar frá 1.800 Vildarpunktum.
FRANKFURT
FRÁ 20.500 KR.

Þú safnar frá 1.500 Vildarpunktum.
STOKKHÓLMUR
FRÁ 18.600 KR.

FRÁ 30.800 KR.
BOSTON
Þú safnar frá 2.100 Vildarpunktum.

Þú safnar frá 1.800 Vildarpunktum.
AMSTERDAM
FRÁ 20.500 KR.

Þú safnar frá 1.500 Vildarpunktum.
GLASGOW
FRÁ 18.100 KR.

Hvert á að fara í vetur? Við höfum góð svör við því. Veldu úr allt að 39 freistandi áfangastöðum okkar á icelandair.is og þú finnur rétta svarið fyrir þig.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallarskattar aðra leiðina.

Ég ætla að verða aflvaki breytinga

Helgi Þór Ingason, dósent í verkfræði við HÍ, var óvænt ráðinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur í vikunni. Fyrirtækið rambar á barmi gjaldþrots og er skuldar 240 milljarða króna. ***Pétur Gunnarsson*** ræddi við Helga Þór sem verður aðeins í starfi í nokkra mánuði en á þeim tíma verða teknar óvinsælar ákvarðanir um gjaldskrárhækkanir og uppsagnir starfsfólks.

FORSTJÓRI Helgi Þór Ingason verður forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur um skamma hríð en á miklum umbreytingartímum. Fyrirtækið þarf að skera mikið niður og hækka gjaldskrár, auk þess sem það stendur til að skipta því upp til þess að skilja samkeppnisrekstur og einkaleyfisrekstur að.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvernig kom það til að þú varst ráðinn í forstjórastarf Orkuveitunnar?

„Ég var á fundi með stjórnarformanni Orkuveitunnar í byrjun vikunnar. Við höfum rætt saman um áætlanagerð varðandi ýmislegt sem hann er að fást við, en áætlanagerð er mitt sérsvið. Þá dembdi hann þessu á mig, hvort ég væri tilleiðanlegur til að taka að mér þessa verkstjórn.

Hann gaf mér tíma til hádegis að ákveða mig. Ég hugsaði málið og ráðfærði mig við það fólk í kringum mig sem ég ráðfæri mig jafnan við ef ég þarf að taka stórar ákvarðanir. Það hvöttu mig allir til að láta slag standa og ég sá að þetta var tækifæri sem var ekki hægt annað en að grípa. Maður á að grípa tækifæri til að eflast og læra eitthvað nýtt.“

Haraldur Flosi Tryggvason og Helgi Þór Ingason hafa áður starfað saman við kennslu á námskeiðum hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Helgi Þór segir að þeir þekkist í gegnum Tryggva Sigurbjarnarson raforkuverkfræðing, föður Haraldar Flosa. „Pabbi hans er minn mentor og ber ábyrgð á því að ég fór að fást við verkefnastjórnun. Tryggvi er guðfaðir verkefnastjórnunar á Íslandi. Í gegnum hann kynntist ég Haraldi, sem er góður kennari eins og pabbi hans og við höfum unnið saman við kennslu.“

Menn þurfa að laga sig að tíðarandanum

Stjórn Orkuveitunnar hefur lagt áherslu á að ráðning Helga Þórs til Orkuveitunnar sé tímabundin og bundin því skilyrði að Helgi Þór verði ekki ráðinn forstjóri til frambúðar. Sjálfur segist hann búast við að starfstíminn mælist í mánuðum frekar en misserum.

Er verkefni þitt það eitt að bera ábyrgð á erfiðum og óvinsælum ákvörðunum um miklar gjaldskrárhækkanir gagnvart neytendum og miklar uppsagnir gagnvart starfsfólki Orkuveitunnar?

„Ég mundi ekki orða þetta svona en það eru mjög stór mál sem þarf að taka á hérna. Mitt meginmarkmið er að fá fyrirtækið til að koma með mér í þær breytingar sem þarf að gera þannig að allir gangi saman í takt. Það er þannig í fyrirtækjarekstri að stundum eru góðir tímar og stundum eru erfiðir tímar. Menn þurfa að laga sig að tíðarandanum eins og hann er hverju sinni. Þetta fyrirtæki hefur áður sýnt að það getur gert það. Hér hafa menn farið í gegnum breytingar og hafa öflugan kúltúr til umbótastarfs. Þess vegna geng ég glaður til verksins; af því að ég veit að það eru allar forsendur til staðar til að ná árangri.

Ég ætla að vera aflvaki þessara breytinga og láta gott af mér leiða í þessu öllu saman. Það er mitt hlutverk,“ segir Helgi Þór.

Það er ekki ofsögum sagt að staða Orkuveitunnar sé gríðarlega erfið. Fyrirtækið skuldar 240 milljarða króna, að mestu í erlendri mynt. Hins vegar hefur það tekjur að mestu í íslenskum krónum. OR á ekki fyrir afborgunum af lánum og fjármagnskostnaði í ár og næstu ár. Fyrirtækið er hvorki talið gjaldgengt á fjármagnsmörkuðum hér á landi né erlendis.

Þegar viðtalið fer fram er Helgi að hefja þriðja dag sinn í starfi. segist enn vera að setja sig inn í hlutina, lesa skýrslur og ræða við samstarfsmenn og vill lítið nýtt segja um fjárhagsstöðu og einstök viðfangsefni í rekstrinum.

Spurður um almennar skoðanir sínar í orkumálum og auðlindastjórnun segir Helgi Þór: „Ég er maður hófsamra viðhorfa og þess að setja ekki öll eggin í sömu körfu. En ég er ekki ráðinn til að vinna að stefnumótun eða hafa skoðanir á orkumálum og auðlindanýtingu, heldur til að vera verkstjóri í umfangsmiklum aðgerðum sem þurfa að fara af stað hér næstu vikur og mánuði.“

Eftir að tilkynnt var um ráðningu Helga Þórs í forstjórastólinn var það rifjað upp á Netinu að hann stýrði fyrir tæpum tíu árum fyrirtæki sem hét Magma og var í eigu Landsbankans, sem þá var ríkisbanki, og 3P Fjárhúsa, fjárfestingarfyrirtækis í eigu Hagkaupsfjölskyldunnar. Þetta fyrirtæki hafði það hlutverk að leita að fjárfestingartækifærum í orkugeiranum. Þegar blaðamaður spyr hvort þessi bakgrunnur þýði ekki að hann sé meðal reyndustu manna í íslensku orkuútrásinni vísar Helgi Þór því á bug að hægt sé að tengja þessi störf hans orkuútrás.

„Fyrir tíu árum var ég í því verkefni að stofna fjárfestingasjóð sem átti að fjárfesta í fyrirtækjum sem tengdust orku. Þarna komu að fræðimenn úr háskólanum og menn sem áttu peninga og Landsbankinn var þarna. Það voru stofnuð tvö félög. Sjóðurinn hét Magma og svo var stofnað félag um reksturinn og það hét Alterna. Það er auðvitað bráðfyndið í dag.“

> Sjóðurinn hét Magma og svo var stofnað félag um reksturinn og það hét Alterna. Það er auðvitað bráðfyndið í dag.

Ross Beaty og félagar í Magma Energy, kanadísku móðurfélagi HS Orku, komu þó hvergi nærri því Magma-fyrirtæki sem Helgi Þór starfaði við fyrir tæpum tíu árum. „Í þessu starfi vann ég við að skoða viðskiptaáætlanir fyrir alls konar sprotafyrirtæki sem þurftu peninga. Það var búið að safna töluverðum peningum í þennan sjóð Magma, en þeir voru aldrei innkallaðir. Landsbankinn var stærsti bakhjarlinn og ég held að hann hafi að lokum leyst þessi félög til sín.“

Helgi Þór segist hins vegar fagna því að geta útskýrt málið því að hann hefur orðið var við tortryggni í umræðu um þetta á Netinu og ræðir um að tortryggni einkenni oft þjóðfélagsumræðu hér á landi, ekki síst um orkumál.

Vil að ímyndin verði betri

„Þetta fyrirtæki sem ég hef verið fenginn til starfa hjá er mjög öflugt fyrirtæki sem veitir mikilvæga þjónustu og er lykilfyrirtæki í borginni. Ég hef kennt fólki hér verkefnastjórnun og haldið hér fræðilega fyrirlestra og veit að hér er ofboðslega mikil þekking og reynsla. Mig langar til að þjappa þessum hóp saman enn betur og ég vil að ímyndin verði betri og að það góða starf og sá góði hugur sem einkennir starfsemina, séð héðan innan frá, sjáist betur í umhverfinu. Liður í því er að eyða tortryggni og að hafa hlutina fyrir opnum tjöldum. Það er meðal annars talað um að hafa ferli við ráðningu á nýjum forstjóra og ég mun taka þátt í að móta það ferli. Við ætlum að hafa þetta allt opið og slá á þá tortryggni sem maður sér í fjölmiðlum og á bloggi, þar sem gert er ráð fyrir að allt sé á versta veg. Það er ekki þannig.“

Helgi Þór lærði vélaverkfræði og hlaut doktorsnafnbót fyrir sextán árum. Hann menntaði sig í stóriðjufræðum og starfaði meðal annars hjá Íslenska járnblendifélaginu, sem nú er hluti af norska stórfyrirtækinu Elkem. Hann hefur því fylgst vel með stóriðju- og orkumálum Íslendinga undanfarin ár. „Það hafa orðið ótrúlegar breytingar á þessum tíma og viðhorf til þessa rekstrar hafa breyst,“ segir Helgi Þór.

Hugsum öðruvísi

„Þegar ég kom fyrst að málum var umræðan öll á þá lund að það þurfti að virkja og byggja verksmiðjur. Sextán árum síðar eru komin fram viðhorf sem mér finnst góð en var ekki mikið talað um á þessum tíma.“

„Það er ekki langt síðan lög um mat á umhverfisáhrifum voru sett og við fórum að leggja áherslu á að láta umhverfið njóta vafans. Umræðunni um sjálfbærni hefur fylgt mikill kraftur sem hefur breytt landslaginu í þessum málum. Við hugsum öðruvísi um þessi mál en við gerðum. Það er hið besta mál og veitir mikið aðhald. Ég er talsmaður hófsamra viðhorfa og þess að setja ekki öll eggin í sömu körfu en við ætlum líka að láta hjól atvinnulífsins snúast og nýta auðlindir á ábyrgan hátt.“

Dósent, einstæður faðir og harmóníkuleikari

Helgi Þór Ingason er 45 ára, dósent í véla- og iðnaðarverkfræði og forstöðumaður meistaranáms í verkefnastjórnum í Háskóla Íslands.

Hann lauk M.Sc.-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1991, doktorsprófi í framleiðsluferlum í stóriðju frá tækniháskólanum í Þrándheimi 1994 og prófi í verkefnastjórnun frá Stanfordháskóla 2009.

Helgi Þór hefur starfað sem verkefnisstjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins og gæðastjóri verkfræðistofunnar Línuhönnunar. Hann er annar tveggja frumkvöðla Als álvinnslu hf. og hefur verið stjórnarformaður félagsins og áður framkvæmdastjóri. Á námsárum sínum starfaði hann meðal annars sem blaðamaður á Morgunblaðinu.

Helgi Þór býr með átján ára syni sínum, Andra Snæ, í Árbæjarhverfinu í Reykjavík og er í sambandi með Guðrúnu Kristínu fatahönnuði. Tónlist er helsta áhugamál hins nýja forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Miðvikudagskvöld eru heilög og frátekin fyrir æfingar með hljómsveitinni South River Band. Helgi Þór segist vera píanóleikari að upplagi en spilar á harmóníku í hljómsveitinni sem hefur gefið út plötur og spilað víða um land og hélt síðast tónleika á fiskideginum mikla á Dalvík í byrjun mánaðarins. Næstu tónleikar eru fyrirhugaðir á Rosenberg 7. október.

Office 1

-50%

afsláttur
af öllum skiptibókum

Tilboð gildir út ágúst 2010

TÖKUM VIÐ INNEIGN FRÁ ÖLLUM
HELSTU SKIPTIBÓKAMÖRKUÐUM LANDSINS

Ég ætla að spara í ár!

OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office 1

ÍSLENSK UPPSKERA
GRÆNMETISMARKAÐUR
FRÁBÆRT VERÐ!

KRYDDJURTIR • RÓFUR
SPERGILKÁL • TÓMATAR
BLÓMKÁL • KARTÖFLUR •
HVÍTKÁL GULRÆTUR • HNÚÐKÁL
• AGÚRKUR TÓMATAR • SVEPPIR
• KÍNAKÁL HJARTA SALAT •
JARÐARBERJAPLÖNTUR
OG FLEIRA

UPPSKERUHÁTÍÐ

íslenskur grænmetismarkaður

Blómaval Skútuvogi - um helgina

KYNNINGAR OG MARKAÐSSTEMMNING Í SKÚTUVOGI

Matarkistan kynning á hafraklöttum og fleira.
Laugardag 14-16 og sunnudag 14-18.

Íslenskt Hafkalk
Laugardag 13-16 og sunnudag 14-16

Móðir jörð kynning á Hrökkva íslensku hrökkkexi
Sunnudag 14-18

ÖLL AFSKORIN BLÓM
30%
AFSLÁTTUR

KRÝSI
449
~~619~~

ORKIDEA
1.990

...saman í 40 ár

KAFFI GARÐUR
SKÚTUVOGI

Grænmetissúpa úr nýju íslensku grænmeti og nýbakað spelt brauð verð 250 kr

blómaval
heillandi heimur

TAX FREE
AF ALLRI MÁLNINGU
AÐEINS UM HELGINA

Snýr í báðar áttir

74.900

Electrolux
5 ára ábyrgð

Þurrkari
EDE37100W
Electrolux þurrkari m/barka
Stærð.
84.4 x 60.0 x 58.0cm
108ltr. tromla
1805463

tekur 6kg

Electrolux
5 ára ábyrgð

1200 snúninga

89.990

Þvottavél
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455

9.900

Eldhúsvaskur
780x430 mm.
8032532

29.990

Sturtuhorn & botn
Hæð 195 sm.
80x80 sm.
4 mm hert gler.
8028600

FROSTÞOLNAR FYRIR BÍLSKÚRINN, SVALIRNAR OG STIGAGANGINN

2.390
~~2.990~~
kr/m²

KEOPE

Pietra Serena 30x30
Frostþolnar og gegnheilar gólfflísar, 3 litir.
Þykkt: 8,6mm Mjög sterkar, Ítölsk framleiðsla.
8630030-31-33

Sturtusett
Charisma
8016115

15.990
~~19.795~~

NÝ SENDING
STURTUKLEFAR
ÓTRÚLEGT VERÐ!

TAX FREE
FRAMKVÆMDATILBOÐ

Komdu og fáðu tilboð í verkið hjá okkur að upphæð 300 þúsund eða meira, og þú færð TAX FREE af öllum vörum, allt frá eldavél til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar

Torleyst og óupplýst morðmál

Hér á landi er algengast að morðmál leysist nær strax. Sum eru þó torleyst og önnur leysast jafnvel aldrei. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* og *Kjartan Guðmundsson* rifjuðu upp nokkur dæmi og ræddu við **Helga Gunnlaugsson** afbrotafræðing.

Tvö ótvíræð morðmál tuttugustu aldarinnar á Íslandi teljast formlega óupplýst.

Í fyrra tilvikinu var um að ræða morð á Kristjáni Guðjónssyni prentara, sem fannst örendur í bragga við höfnina í Reykjavík á öðrum degi jóla árið 1945. Talið er að Kristjáni hafi verið veitt mörg þung hnefahögg með þeim afleiðingum að hann rotaðist, en hinn óþekkti árásarmaður hafi þá haldið áfram að berja Kristján með barefli. Höfuðáverkarnir hafi dregið hann til dauða.

Greinilegt var að morðinginn hafði leitað í vösum á jakka og frakka Kristjáns, en ekki talið líklegt að hann hafi haft mikið upp úr krafsinu. Lögreglunni tókst aldrei að komast til botns í málinu. (Heimild: Ísland í aldanna rás 1900-1950: Saga lands og þjóðar ár frá ári e. Illuga Jökulsson o. fl.)

JANÚAR 1968 Gunnar Tryggvason fannst myrtur í leigubíl sínum sem lagt var við Laugalæk. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Morðið við Laugalæk

Síðara óupplýsta morðmálið á tuttugustu öldinni vakti mikinn óhug, hafði gríðarleg áhrif á samfélagið og þótti bera því vitni að Íslendingar væru ekki lengur óhultir fyrir grimmdarverkum af því tagi sem helst heyrðist af erlendis.

Snemma morguns þann 18. janúar 1968 fannst 42 ára gamall leigubílstjóri hjá Hreyfli, Gunnar S. Tryggvason, myrtur í leigubíl sínum sem lagt var við Laugalæk í Reykjavík. Gunnar hafði verið skotinn af stuttu færi úr aftursæti bílsins með byssu sem síðar kom í ljós að var í eigu þekkts hótelhaldara í borginni, en byssan hafði raunar horfið úr hirslum hans nokkru fyrir morðið.

Allt útlit var fyrir að um ránmorð væri að ræða, og í kjölfarið fylgdi viðamesta rannsókn á glæpamáli sem íslenska lögreglan hafði fengist við fram að því.

Rúmlega ári eftir morðið var annar leigubílstjóri handtekinn, grunaður um verknaðinn, en þá var umrætt morðvopn fundið. Sá sat í gæsluvarðhaldi í tæpt ár og viðurkenndi að hafa haft byssuna undir höndum en svo tapað henni og fundið aftur. Þrátt fyrir útskýringarnar, sem dómurum í málinu þóttu bæði tortryggilegar og fjarstæðukenndar, var maðurinn sýknaður af ákæru um morðið á Gunnari S. Tryggvasyni.

Í bók sinni Morðið á Laugalæk, sem gefin var út árið 2007, rekur höfundurinn, Þorsteinn B. Einarsson, sem starfaði á Alþýðublaðinu á þeim tíma sem þessir atburðir áttu sér stað, rannsókn málsins og bendir á ýmis atriði sem betur hefðu mátt fara.

Í lok bókarinnar bendir Gunnar á það að lögreglumenn sem tóku þátt í rannsókninni hafi ekki verið ánægðir með sýknudóm sakadóms á sínum tíma og séu það heldur ekki í dag. Lögreglan hafi verið sannfærð um að réttur maður hafi verið ákærður og sú staðreynd að ekkert hafi verið gert til að rannsaka málið frekar segi sína sögu. Morðið á Gunnari sé eitt af þessum „upplýstu óupplýstu“ sakamálum.

Torleyst morðmál á Íslandi

Á Íslandi er í raun óalgengt að rannsókn morðmála dragist á langinn, því í flestum tilfellum er gerandinn handtekinn á morðstaðnum eða mjög skömmu eftir ódæðið. En sú er þó ekki raunin í öllum tilfellum, og komið hefur fyrir að dágóður tími liði áður en botn fæst í málið, eins og í eftirtöldum dæmum.

Hryllilegt morð á bensínstöð

Árið 1991 voru Guðmundur Helgi Svavarsson, 28 ára, og Snorri Snorrason, 34 ára, dæmdir í sextán og sautján ára fangelsi í Hæstarétti fyrir morð á Þorsteini Guðnasyni, starfsmanni bensínstöðvar við Stórageröi í Reykjavík. Starfsmanninum hafði verið misþyrmt grimmilega, meðal annars með melspíru, og komust misyndismennirnir undan með um 200.000 krónur í reiðufé. Sá eldri af morðingjunum hafði raunar unnið á bensínstöðinni um hríð og þekkti vel til fórnarlambsins, en báðir voru mennirnir djúpt sokknir í óreglu þegar atburðurinn átti sér stað.

Lögreglan hafði rannsakað morðið í nokkra daga áður en ábending úr undirheimum borgarinnar leiddi hana á slóð hinna dæmdu.

Morðinginn tók þátt í leitinni

Árið 2001 var Atli Helgason dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir að hafa banað Einari Erni Birgissyni, viðskiptafélaga sínum, með hamri í Öskjuhlíð í nóvember árið áður. Mennirnir tveir ráku saman verslunina Gap á Laugaveginum. Þeir höfðu báðir getið sér gott orð sem knattspyrnumenn áður en harmleikurinn átti sér stað. Á þeirri tæpu viku sem leið frá morðinu og þar til Atli Helgason var handtekinn fór meðal annars fram víðtæk leit að Einari Erni sem vinir og aðstandendur skipulögðu og Atli tók þátt í, en síðar kom í ljós að hann hafði komið líkinu fyrir í hraunsprungu vestan við Grindavíkurveg eftir verknaðinn.

Þegar DV ræddi við Atla tveimur dögum eftir morðið, þegar leit að Einari stóð enn yfir, sagði hann hvarfið vera óskiljanlegt. „Ég stend á gati og hugsa í hringi,“ var haft eftir Atla í blaðinu. Fyrir dómi bar Atli að deilur um fjárreiður fyrirtækisins hefðu orðið kveikjan að árásinni í Öskjuhlíð.

Reyndist lögreglunni erfiður

Hákon Eydal var dæmdur í sextán ára fangelsi árið 2005 fyrir að hafa myrt sambýliskonu sína og barnsmóður, Sri Rhamawati, í byrjun júlí árið 2004. Var Hákon fundinn sekur um að hafa veist að Sri, slegið hana í höfuðið með kúbeini, vafið taubelti um háls hennar og kyrkt hana. Í rannsókn lögreglunnar bárust böndin strax að Hákoni. Að nokkrum dögum liðnum var hann handtekinn og sat hann í stífum yfirheyrslum í tæplega þrjár vikur áður en hann játaði að hafa orðið Sri að bana.

Eftir játninguna reyndist Hákon þó lögreglu erfiður við rannsóknina og afvegaleiddi hana með því að halda því fram að hann hefði hent líkinu í sjóinn við Kjalarnes. Eftir vikulanga leit björgunarsveita og fleiri benti Hákon loks á staðinn þar sem hann hafði komið líkinu fyrir, í hraunsprungu í nágrenni Hafnarfjarðar, mánuði eftir morðið. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að atlaga Hákons að Sri hefði verið heiftarleg og meðferð hans á líkinu smánarleg.

NÓVEMBER 2000 Atli Helgason leiddur fyrir dómara hjá Héraðsdómi Reykjaness. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

ÁGÚST 2004 Fundarstaður líksins af Sri Rahmawati í nágrenni Hafnarfjarðar. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Verður óvenjulegra eftir því sem dagarnir líða

Eftir því sem fleiri dagar líða frá morðinu á Hannesi Helgasyni verður málið óvenjulegra fyrir íslenskar aðstæður, þar sem flest morðmál leysast nær strax hér á landi. Þetta segir Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, sem tekur fram að hann hafi ekki kynnt sér rannsókn þess máls sérstaklega. Hann segir að yfirleitt leysist morðmál á mjög skömmum tíma hér á landi og þá séu fá óleyst manndrápsmál á Íslandi.

Helgi segir það helst einkenna morð á Íslandi að oftar en ekki séu tengsl milli þolenda og gerenda. Oft á tíðum sé um ástríðuglæp að ræða eða þá að áfengi eða fíkniefni komi við sögu. Ekki sé heldur óalgengt að morðinginn gefi sig sjálfur fram.

Hann segir marga óttast að morðum, þar sem gerandinn er ókunnugur fórnarlambinu, fari fjölgandi, svo og morð tengd skipulagðri glæpastarfsemi. Hins vegar bendi fátt til þess, né heldur hafi algengustu ástæður morða, eða aðferðirnar sem beitt er, breyst á áberandi hátt. „Ef það er mikið um óleyst morð í samfélagi er það merki um skipulagða glæpastarfsemi. Hjá okkur er mjög lítið um slík morð, af því að þau eru yfirleitt tengslabundin. En um leið og tengslin færu að fjarlægjast, og morðin upplýsast ekki, gæti það verið merki um að skipulögð glæpastarfsemi væri að festa sig í sessi.“

Þar sem Ísland sé fámennt samfélag geti komið ár sem skekki myndina verulega. Til að mynda hafi fimm morð eitt árið híft okkur upp í meðaltal annarra Vesturlanda. „En þetta er merkingarlaust. Við verðum að horfa yfir lengri tímabil, tíu eða tuttugu ár. Þegar við skoðum síðustu tuttugu ár sjáum við engar reginbreytingar. Fyrir árið 1980 voru morð fátíðari en segja má að eftir það höfum við færst inn í nútímann og ekki svo margt hafi breyst síðan.“

Helgi var staddur á afbrotaþingi í Kaupmannahöfn þegar blaðamaður Fréttablaðsins hafði samband, þar sem meðal annars var verið að bera saman morðtíðni hér og í öðrum Evrópulöndum. Í þeim samanburði kemur Ísland vel út. „Ísland er með 0,6 til 0,7 morð á hverja 100 þúsund íbúa á ári hverju. Það er með því minnsta sem sést í Vestur-Evrópu. Hin Norðurlöndin eru með tíðni á bilinu 0,9 til 1,1, en Finnar eru með 2,2 morð á hverja 100 þúsund íbúa.“

Hann segir kollega sína frá öðrum löndum hafa rekið upp stór augu er þeir skoðuðu íslenska tölfræði og sjá að enn koma ár þar sem engin morð eru framin. „Þetta finnst mönnum ótrúlegt, að það skuli vera til svoleiðis samfélög í dag. Það er auðvitað mjög áhugaverð staðreynd, en aftur er nauðsynlegt að hafa smæð samfélagsins í huga þegar þessar tölur eru skoðaðar.“

HELGI GUNNLAUGSSON AFBROTAFRÆÐINGUR Segir fátt benda til þess að tegundir morða, eða aðferðirnar sem beitt er, hafi breyst á undanförnum árum.

einfaldlega betri kostur

30-80% AFSLÁTTUR







RÝMINGAR-SALA

RÝMUM FYRIR HAUSTLÍNUNNI

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

© ILVA Island 2010

Vildi ekki verða gömul í leiklistinni

Barnavörulína og lífræn vottun eru næstar á dagskrá hjá **Sóleyju Elíasdóttur** leikkonu og frumkvöðli. Sóley stofnaði fyrirtækið Sóley Organics árið 2007. *Marta María Friðriksdóttir* hitti Sóleyju og ræddi við hana um stofnun fyrirtækisins í eldhúsinu í Hafnarfirði, leikhúsið og athyglisbrestinn.

„Nú er ég að fara að koma með barnavörulínu, vonandi bara fyrir jólin. Fólk sem er að nota svona vörur vill náttúrulega líka svona vörur fyrir börnin sín.“ segir Sóley Elíasdóttir, leikkona og frumkvöðull, brosandi um leið og hún býður blaðamann velkominn á vinnustofu sína í Hafnarfirði. Sóley stofnaði fyrirtækið Sóley Organics haustið 2007 og framleiðir snyrtivörur, smyrsl og sjampó úr jurtum.

Sóley byrjaði framleiðslu smyrsla úr íslenskum jurtum í eldhúspottunum heima áður en hún flutti sig um set í vinnustofuna. „Ég flutti fyrirtækið hingað og var með þetta í þessum stóru pottum,“ upplýsir Sóley og bendir með blálökkuðum vísifingrinum á venjulega eldhúspotta sem standa á eldavél í vinnustofunni. „Svo færði ég mig yfir í þennan pott.“ Mun stærri pottur stendur í einu horni vinnustofu Sóleyjar. „Núna er framleiðslan á öðrum stað og þetta er bara orðin skrifstofan.“

Mikill plöntuvirkniáhugi

Áður en Sóley stofnaði fyrirtækið var hún leikkona sem lengi hafði haft áhuga á plöntuvirkni. „Í raun og veru hef ég alltaf haft mjög mikinn áhuga á allri lyfjafræði þó ég hafi ekki lært hana. Það var það sem ég ætlaði alltaf að gera en svo bara lenti ég í leiklist. Þegar maður lendir í leiklist þá tekur hún mann og á líf manns.“ Sóley hóf leiklistarferil sinn ung í Kramhúsinu. Hún segir að sér hafi legið mikið á og fór átján ára í leiklistarnám í London. „Ég kláraði ekki einu sinni stúdentspróf.“

Sóley lék í Borgarleikhúsinu í fimmtán ár. „Ég er ekkert vond leikkona en ég er ekkert sérstök leikkona. Ég sá mig ekki verða gamla í leiklist,“ segir Sóley og heldur áfram: „Lífernið var líka að drepa mig. Líf leikarans að vera að vinna öll kvöld og allar helgar. Það spilaði líka stóran þátt hjá mér að ég er mikil skíðakona og mig var búið að dreyma oft um að fara til útlanda á skíði en ég gat aldrei farið út af leikhúsinu.“

Fullt af hugmyndum

Sóley segist lengi hafa velt því fyrir sér hvað hún vildi gera í staðinn fyrir að vera leikkona. „Ég er búin að vera með fullt af hugmyndum um alls konar. Ég er búin að stofna leikhóp í Hafnarfirði sem er Hafnarfjarðarleikhúsið í dag. Mér finnst ótrúlega skemmtilegt að gera leikhús sem ég held að breyti einhverju hjá fólki, breyti þankagangi,“ útskýrir Sóley og bætir af festu við að hana hafi ekki lengur langað til að leika. „Ekki á sviði, Guð minn góður! Ég á náttúrulega mjög mikið af leikaravinum og ég finn alveg til með þeim þegar þeir eru að fara út á kvöldin að vinna. Kannski kemur áhuginn svo aftur. Ég er til dæmis að leika í sjónvarpsmynd núna, reyndar bara einhverja tvo þrjá daga.“

Eftir að Sóley ákvað að leggja leiklistina á hilluna fór hún á námskeið hjá Iðntæknistofnun sem hét Stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Hún var í upphafi með aðra viðskiptahugmynd en þá sem varð að veruleika í kollinum. „Sem var of stór í sniðum svo ég ákvað að gera viðskiptaáætlun út frá græðinum sem ég er búin að vera að gera í mörg ár. Svo bara vatt þetta einhvern veginn upp á sig,“ segir Sóley brosandi.

„Ég byrjaði með tvær vörur, KISStu mig og GRÆÐIR. Hugmyndin var að það sem þú berð á húðina er fæða fyrir húðina,“ segir Sóley en fyrirtækið býður í dag ýmsar tegundir snyrtivara, sjampó og smyrsl. „Þetta þróaðist bara í þessa átt. Ég er engin snyrtivörukona en ég hef alltaf hugsað vel um það sem ég set ofan í mig. Ég er ekki snyrtifræðingstýpa þótt ég leggi mikið upp úr því að líta vel út og sé alveg skvísa.“

> Einhver sagði að ég væri „týpískur frumkvöðull“, ég fæ hugmyndir og geri eitthvað við þær.

Skoðaði bækur og leitaði ráða

Vörurnar hefur Sóley þróað sjálf og þær eru umhverfisvænar og án aukaefna. „Hugmyndin var upphaflega að koma jurtunum sem eru í GRÆÐI í sjampó. Þannig byrjaði ég að reyna. Ég var að reyna alls konar leiðir og þetta var langt ferðalag. Ég skoðaði alls konar bækur, leitaði ráða hjá fólki og talaði við efnafræðinga og lyfjafræðinga,“ segir Sóley og bætir við að það séu mjög fáir sem hafa þekkingu á hvernig hægt er að búa til snyrtivörur án rotvarnarefna.

Svo byrjaði blöndunin. „Hvaða olíur eru góðar til að setja á mig. Hvaða olíur myndi ég vilja setja ofan í mig, hvað gera þær fyrir mig. Svo blandaði ég kannski þessum olíum saman og til þess að búa til krem þarf að blanda vatni við það og bæta vaxefni við í hrærivél. Þannig byrjar þetta,“ segir Sóley en virku efnin í snyrtivörum hennar eru íslensku plönturnar. „Plönturnar hafa einhverja ákveðna eiginleika, eins og birki, vallhumall og víðir.“ Seinna bað hún vini og vandamenn um að prófa vörurnar sem tóku því allir vel og hún fann fyrir miklum stuðningi.

Fyrsta lífræna vottunin

Plönturnar í vörum Sóleyjar eru allar handtíndar. Sóley tínir þær í landi Snorrastaða rétt hjá Laugarvatni, Vallarnesi og í Borgarfirði. „Ég byrjaði bara hérna upp við Kaldársel en ég er búin að tína úti um allt,“ segir Sóley en fljótlega munu vörur hennar fá fyrstu lífrænu vottunina. „Ég er að fá vottun fyrir eyGLÓ andlitskremin, GRÆÐIR og KISStu mig, hrein og nærð,“ segir Sóley og dýfir fingri í eina snyrtivörukrukkuna og ber kremið á hendur sínar. Hún heldur svo frásögninni áfram. „Ég sótti um lífræna vottun fyrir tveimur árum fyrir landið sem ég tíni á. Svo þurfti verksmiðjan að fara í gegnum ferlið. Í rauninni er þetta alveg rosalegt gæðaeftirlit. Það er algjör gæðastimplun á vörur að vera með vottun.“ Sóley stefnir á að hafa barnalínu sína einnig lífrænt vottaða.

Sóley segir fyrirtækið í stöðugri mótun. Hún er þakklát fyrir að fyrirtækið hafi ekki stækkað allt of hratt í byrjun en hefur þó húnfundið fyrir gríðarlegum áhuga erlendis frá. „Ég var til dæmis komin með mjög flottan dreifingaraðila í Danmörku, þeir hættu við þegar ég var komin hálfa leið inn í Matas. Í rauninni sem betur fer því það getur orðið fyrirtækjum að falli að stækka allt of hratt. Ég er í ferli bæði í Bretlandi, Danmörku og svo er ég að selja í eina búð í Þýskalandi.“ Sóley er líka að opna vefsíðu sem verður sölusíða fyrir útlönd, www.soleyorganics.com.

„Týpískur frumkvöðull“

En hvað hefur drifið þig áfram? „Ég er bara með athyglisbrest og smá ofvirk. Einhver sagði að ég væri „týpískur frumkvöðull“, ég fæ hugmyndir og geri eitthvað við þær. Ég er svolítið fljótfær og bara geri hlutina,“ segir Sóley um leið og hún rennir sólgleraugunum fram af enninu niður á nef, lokar svalahurðinni og kveður blaðamann á þessum nótum: „Ég fer með það sem ég ætla mér alla leið.“

FULL AF HUGMYNDUM UM ALLS KONAR „Einhver sagði að ég væri „týpískur frumkvöðull“, ég fæ hugmyndir og geri eitthvað við þær.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EKKI HVÖTT Á LEIKLISTARBRAUTINA Eygló Hilmarsdóttir er tekin af leiklistinni að sögn Sóleyjar hún er hér með samleikara sínum í Gauragangi, Sigurbjarti Atlasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leiklistaráhuginn er í fjölskyldunni

Þrjár dætur Sóleyjar og eiginmanns hennar, Hilmars Jónssonar, leikstjóra og leikara, hafa allar stigið sín fyrstu skref á leiklistarbrautinni. Sonurinn er eini fjölskyldumeðlimurinn sem ekki hefur stigið á svið enn þá. „Börnin gera náttúrulega það sem þau vilja gera en við erum ekki neitt sértaklega að hvetja þau til þess að fara í leiklistina. Alls ekki.“

Eygló Hilmarsdóttir, dóttir þeirra hjóna, hefur verið áberandi síðustu mánuði vegna leiklistarinnar. Hún lék í Herranótt fyrr á árinu í LoveStar, verki Andra Snæs Magnasonar og fer með hlutverk í kvikmyndinni Gauragangur sem unnið hefur verið að í sumar. „Eygló er svolítið tekin af leiklistinni. Ég hugsa að Eygló verði alveg örugglega leikari.“

Elsta dóttirin, Gígja Hilmarsdóttir, hefur minni áhuga en systir hennar á leiklistinni en hefur þó stigið á svið. „Hún er samt mjög skapandi og listræn. Ég trúi að hún gæti orðið leikstjóri eða textahöfundur. Hún er flink að setja saman texta og ljóð. Hún er líka mjög flott á sviði en hefur meiri áhuga á að verða hjúkrunarfræðingur eða sjúkraþjálfari núna. Íþróttirnar tóku yfir hjá Gígju.“

Þórunn, yngsta dóttirin, hefur tekið þátt í tveimur leiksýningum. „Einni í Þjóðleikhúsinu og hinni í Hafnarfjarðarleikhúsinu.“

Menningarmorgunn

KJENSKA / SLA IS / NAT 51172 08/16

FRÍTT leiðsögukerfi

Ovi Maps er nýtt korta- og leiðsögukerfi sem notendur Nokia síma, sem styðja Ovi Maps, fá frítt í símann sinn. Með Ovi Maps færðu nákvæmt götukort yfir Ísland, bæði þéttbýli og dreifbýli en einnig er hægt að hlaða niður götukortum hundruðum landa um allan heim.

Þú færð allar nánari upplýsingar á **www.ovimaps.is** og þar getur þú einnig hlaðið niður landakortunum í Nokia símann þinn.

Góða skemmtun og góða ferð!

Ovi Maps sýnir þér hvaða leið er best að fara

Með Ovi Maps

- Finnur þú stystu og bestu leiðina til að keyra eftir, bæði hér heima og erlendis.
- Finnur þú stystu og bestu leiðina til að ganga eftir. Kemur sér sérstaklega vel á ferðalögum erlendis.
- Finnur þú áhugaverða staði, veitingastaði, söfn, sundlaugar o.fl. í nágrenni við þig.
- Deilir þú staðsetningu þinni með skilaboðum í síma eða á Facebook.

Ertu á leið til útlanda? Þú hleður niður í símann þinn korti af viðkomandi landi

Ovi Maps leiðsögukerfið er fyrir ákveðnar tegundir af Nokia símum. Sjá nánar á ovimaps.is. Ekkert gjald er greitt fyrir Ovi Maps og þau kort, sem hægt er að hlaða niður af netinu, eru ókeypis. Enginn kostnaður fylgir notkun á Ovi Maps í gegnum gervihnött, en sé notkun í gegnum internetið er greitt fyrir niðurhal samkvæmt gjaldskrám þjónustuaðila.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102034

Fullkomið leiðsögukerfi í GSM símann þinn – frítt í boði Nokia

í Nokia síma

ovi NOKIA Maps

Sjáðu allt um Ovi Maps á ovimaps.is

Beygja til vinstri

Þú sérð hvaða veitingastaðir, söfn eða sundlaugar eru næst þér

Þú getur deilt staðsetningu þinni með vinum þínum á Facebook. Staðsetning og hlekkur birtast í stöðureitnum og þegar smellt er á hlekkinn opnast Ovi kort sem sýnir nákvæmlega hvar þú ert.

Sýndu vinunum staðsetningu þína á Facebook

ALLAR UPPLÝSINGAR UM OVI MAPS ER AÐ FINNA Á OVIMAPS.IS

Símar sem styðja Ovi maps með Íslandskorti og leiðsögn eru:

- Nokia E52
- Nokia E72
- Nokia N97 mini
- Nokia X6
- Nokia 5230
- Nokia C5
- Nokia 6760
- Nokia 6710
- Nokia 6720
- Nokia 6730
- Nokia 5800
- Nokia E71
- Nokia E66
- Nokia E55
- Nokia N86
- Nokia C6
- Nokia N97

NOKIA

FLUTNINGAR Einn af svefnskálunum að leggja af stað. Hlynur og Geiri fylgjast með að allt stemmi.

BÚÐIRNAR Svona leit þorpið út í september 2007, séð ofan af sementstanki eða úr bómu.

MYND/PÁLL BENEDIKTSSON.

Áfanga í virkjunarsögu lokið

Hreinsun og frágangi á virkjanasvæðinu á Austurlandi er að ljúka. Nú um helgina verða síðustu verktakabúðirnar hífðar upp á bíla og keyrðar í burtu. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* kíkti í heimsókn áður og fylgdist með tiltekt á fjöllum í þoku og sudda.

Klukkan er rúmlega sjö að morgni. Hamarshögg og vélargnýr kveða við. Smiðirnir eru að losa sundur svefnherbergisálmur og vélamenn og bílstjórar að fjarlægja malarpúðana undan þeim. Aðrir að jafna úr hlössum og snurfusa svæðið. Hálftíu-kaffið er veisla eins og allar máltíðir hjá ráðskonunni virðast vera. Furðulegt að menn geti haldið línunum í lagi í jafn fantagóðu fæði.

Það er flokkur frá fyrirtækinu Skútabergi á Akureyri sem sér um lokafrágang á virkjanasvæðinu við Ufsarveitu, Kelduá og Grjótá. Ótal treilerbílar, fulllestaðir tækjum, skemmum, gámum, tönkum og skúrum að ógleymdri steypustöð eru farnir þaðan á síðustu vikum og mánuðum. Jafnframt eru vatns- og raflagnir grafnar upp og jarðýtum og gröfum beitt í þágu landsins. Allir aðskotahlutir eru fluttir burtu. Eftir standa mannvirkin sem reist voru til raforkuframleiðslu, stíflur og lón og vegir sem liggja að þeim, ásamt ósýnilegum jarðgöngum í kílómetratali sem vatn flæðir um.

Með Laugarfell í norðri, Hafursfell í norðvestri, Snæfell í suðvestri, og Vatnajökul í suðri hófst búskapurinn við Ufsarveitu á mjóum grjótmel fyrir sléttum sex árum, um miðjan ágúst 2004. Á sama tíma og byrjað var að grafa göng fyrir vatnið úr væntanlegu lónsstæði.

Þá eins og nú var unnið í kapphlaupi við tímann því vetur leggst snemma að í 670 metra hæð norðan undir Vatnajökli. Mörg handtök þurfti til svo vistin yrði bærileg fyrir um 100 manna vinnuflokk, sem síðar margfaldaðist. Í því fólst meðal annars að finna vatn í jörðu sem dygði til neyslu og þvotta, í ómælt magn af steypu og til kælingar á borum. Fljótlega bættist baráttan við frostið við.

Sumir sem vinna við hreinsunina nú voru meðal frumbyggjanna á melnum og kunna frá þessu að segja. Þeir og félagar þeirra keppast nú við að má út merki um mannvistina og skila landinu á milli fjallanna sem upprunalegustu þar sem kyrrðin mun ríkja.

AFMÆLISBÖRN Örnólfur Eiríksson vélamaður og Gróa Sigurbergsdóttir ráðskona eiga bæði afmæli þennan dag og Gróa ber fram svellandi tertu í kvöldkaffinu.

SUNNUDAGSSTEIKIN Ívar Jónsson, Sesselja Tryggvadóttir, Guðmundur Sigurjónsson, Stefán Leifsson og Hlynur Árnason hlakka til að taka til matar síns.

KLÁRIR Í SLAGINN Hlynur Árnason, Aðalgeir Halldórsson, Sigmundur Sigurðsson og Guðmundur Sigurjónsson eru í niðurrifi og flutningi á vinnubúðum.

VERKSTJÓRINN Ragnar Þrúðmarsson hefur í mörg horn að líta.

TÆKJAKONA Sesselja Tryggvadóttir beitir lagni á gröfunni við að hreinsa ofan af rafmagnsköplum.

HANDAFLIÐ VIRKJAÐ Sesselja stokkin af gröfunni til að reyna að losa kapalinn.

JARÐÝTUSTJÓRINN Viggó Brynjólfsson 84 ára vinnur tólf tíma vinnudag. Hann er líka harmónikuleikari og nýbúinn að gefa út disk.

ALLTAF BETRA VERÐ

intel CORE i3 inside
ÖRGJÖRVI
ATI HD5470 SKJÁKORT

FARTÖLVA

Glæsileg fartölva frá MSI sem sameinar alla þá eiginleika sem þarf í bæði leik og starf. Stútfull af nýrri tækni fyrir kröfuharða á einstöku verði!

MSI CX620

- 2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 500GB SATA harður diskur
- 15.6" WXGA LED breiðtjaldsskjár
- ATI HD5470 skjákort með 1GB DDR3 minni
- Þráðlaust 802.11bgn netkort og Bluetooth
- 2x USB 2.0, VGA-út, HDMI-út, eSATA, ExpressCard, kortalesari o.fl.
- DVD og CD skrifari
- 1,3 MP vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

SÉRTILBOÐ
Office 2010 með MSI CX620 fartölvu
9.990

149.990

Graphics by ATI · eSATA · USB · HDMI · Bluetooth

VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN

Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI

Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi

F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi

VELJUM ÍSLENSKT

SKÓLA TILBOÐ

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

Nítján leiðir til að forðast bílana

Nú þegar skólar byrja er brýnt fyrir foreldrum að kenna börnum sínum að fara með öruggum hætti yfir götuna. Borgin hefur markvisst fækkað gangbrautum síðan 1986, því þær veiti „falskt öryggi“. Þær má þó helst finna í kringum barnaskóla. *Klemens Ólafur Þrastarson* og *Stefán Karlsson* ljósmyndari fundu á klukkustund nítján mismunandi og kannski misvísandi leiðir yfir götuna.

LITIÐ TIL BEGGJA ÁTTA Reykjavíkurborg hefur síðan 1986 talið gangbrautir veita „falskt öryggi“ því sumir ökumenn virða ekki rétt gangandi vegfarenda þar. Þær er helst að finna í kringum barnaskóla þar sem yngstu vegfarendurnir eiga leið um, en svo er á litið að þær henti betur við rólegar götur. Stelpurnar á leikskólanum Öldukoti fengu leyfi hjá fóstrum sínum til að skjótast fyrir blaðið yfir Öldugötuna hjá Gamla Stýrimannaskólanum vestur í bæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Haustið er að byrja og með því fjölgar gangandi vegfarendum í yngri aldurshópum. Auglýsingar brýna fyrir foreldrum að kenna börnum sínum að fara yfir götuna á réttan hátt. Enginn er öfundsverður af því hlutverki í ljósi þess hve fjölbreytilegar leiðir eru í boði fyrir gangandi vegfarendur.

Blaðamaður og ljósmyndari blaðsins eyddu rúmum klukkutíma, mest í Vesturbæ og Hlíðum, og fundu nítján gerðir af gönguleiðum fyrir fólk yfir götuna. Gangbrautir, hraðahindranir, gönguljós, rendur í malbiki, niðurlækkuð umferðareyja og jafnvel bara reitir sem marka upphaf og endi leiðarinnar. Allt þetta telst til réttra leiða yfir götuna, en réttur vegfarenda og bílstjóra mismunandi.

Kveikjan að þessari skoðun var heimsókn til Noregs. Þar í höfuðborginni eru fjórar gangbrautir við gatnamót og enginn velkist í vafa um reglurnar. Í Reykjavík eru gangbrautir vandfundnari. Miklu meira er af hraðahindrunum sem erfitt er að sjá hvort veita gangandi vegfarendum einhvern forgang eða ekki.

Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur umhverfis- og samgöngusviðs borgarinnar, segir að borgarstarfsmenn hafi lítið gert af því að setja niður gangbrautir síðustu ár. Sú þróun hafi byrjað upp úr 1986.

„Við teljum gangbrautir gefa falskt öryggi og viljum frekar setja hraðahindranir,“ segir hann. Þetta sé vegna þess að á gangbraut eigi gangandi vegfarandi réttinn en ökumenn virði það ekki alltaf, sem geti haft slæmar afleiðingar.

„Við viljum frekar ná niður hraðanum en að treysta á að ökumenn virði þennan rétt,“ segir hann og vísar í erlendar rannsóknir.

STEFÁN AGNAR FINNSSON

Stefán er ekki með tölur á takteinum um hversu margar tegundir fyrirfinnast af gangbrautum og hraðahindrunum í borginni og segir að ekki sé til nein almenn skilgreining á því hvar skuli vera gangbraut og hvar ekki. Hann viti ekki til þess að ruglingur hafi skapast af fjölbreytilegri flóru gönguleiða í Reykjavík.

Samkvæmt ítarlegri skýrslu um slys á gangandi vegfarendum, gerð af verkfræðistofunni Línuhönnun árið 2007 var fækkun sebragangbrauta hjá borginni dæmi um „vel heppnaða umferðaröryggisaðgerð“.

Spurður um norsku leiðina, að merkja gangbrautir við hver gatnamót, segir Stefán það tíðkast víða, en hún hafi ekki verið farin hjá Reykjavíkurborg. Hann segir að gangbrautir í borginni eigi að vera merktar með bæði sebralínum og bláum gangbrautarskiltum.

Lögreglan vill skýrar merkingar

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að alltaf skuli tekið tillit til gangandi vegfaranda, hvort sem hann er á gangbraut eður ei. Gangandi séu ekki í minni rétti, ef keyrt er á þá á hraðahindrun en á gangbraut.

Hins vegar sé hægt að sekta ökumenn fyrir að stoppa ekki fyrir gangandi á gangbrautum. Þetta er helsti munurinn á gangbraut og hraðahindrun: ökumanni er skylt að stöðva bifreiðina fyrir gangandi vegfaranda við gangbraut.

„Við viljum auðvitað að göngu-

> Í raun virðist okkur með nánast allar tegundir gönguleiða að það sé verið að tryggja leið bílanna frekar en gangandi vegfarenda.

leiðir séu skýrt merktar. Það eru sannarlega ekki margar gangbrautir í Reykjavík og það hefur verið rætt um það hjá lögreglunni að það væri gott að fá fleiri skýrar gangbrautir í íbúðahverfi og þar sem það á við,“ segir hann.

Merkja skuli gangbrautir með bæði sebraröndum og gangbrautarskilti, en sé aðeins annað þessa til staðar sé samt um gangbraut að

FRAMHALD Á SÍÐU 40

FRUMSKÓGUR GÖNGULEIÐA

Blaðamaður og ljósmyndari þeyttust um borgina í vikunni í leit að dæmum um fjölbreytni gönguleiða. Meðal gatna sem urðu fyrir valinu eru Háaleitisbraut, Skipholt, Suðurgata, við Skothúsveg og við Túngötu og við Aðalstræti. Einnig Ægisgata við Túngötu, Öldugötu og Ránargötu þar sem hún mætir Hofsvallagötu og Hrannarstíg. Þá var litið á Bræðraborgarstíg, Tjarnargötu við Vonarstræti og að síðustu Sóleyjargötu við Njarðargötu.

Stefán Karlsson ljósmyndari tók allar myndirnar.

Gamaldags gangbraut með gangbrautarskilti.

Gangbraut. Hellulögð, ekki upphækkuð og án gangbrautarskiltis.

Hellulögð gangbraut en án gangbrautarskiltis, ekki upphækkuð og nær ósýnileg akandi vegfarendum.

Upphækkuð gangbraut með gangbrautarskilti.

Hellulögð upphækkuð hraðahindrun, ljósari á litinn í miðjunni eins og til að gefa til kynna gönguleið, með köflóttu mynstri í jöðrum.

Hellulögð upphækkuð gangbraut án skiltis, með þríhyrningsmynstri í jöðrum.

Hellulögð upphækkuð hálfgangbraut án skiltis, með köflóttu mynstri í jöðrum.

EFTIR SKÓLA.

Fótbolti, handbolti, dans, fimleikar... Nú hefjast tómstundirnar aftur af fullum krafti og því er um að gera að vera rétt útbúin(n). Við erum með stútfullar búðir af nýjum haustvörum. Verið velkomin!

BOLUR OG STUTTBUXUR
3.490
(fullt verð 4.490)

PRO TOUCH FUNC TEE JR / MESH SHORTS JR
Stuttermabolur. Litir: Svartur, hvítur, rauður, blár.
Stuttbuxur. Litir: Svartar, hvítar, rauðar, bláar. Barnastærðir.

NIKE DAILY SHOE TEE
Stuttermabolur úr 100% bómull. Litir: Bleikur, fjólublár, svartur. Barnastærðir.

PEYSA OG BUXUR
6.490
(fullt verð 8.480)

NORTHBROOK BASIC CUFF PANT / ZIP JR
Íþróttabuxur og rennd hettupeysa úr 100% bómull. Litir: Svart, grátt. Barnastærðir.

6.490
(fullt verð 8.990)

NIKE STYLE ESSENTIAL FULLZIP HOODY
Rennd hettupeysa úr 80% polyester og 20% bómull. Litir: Bleik, grá, svört. Barnastærðir.

ADIDAS ORACLE K
Slitsterkir götuskór úr leðri. Barnastærðir.



PRO TOUCH BOUNCE JR
Íþróttaskór með riflásum. Litir: Hvítir með fjólubláu, svartir með rauðu. Barnastærðir.

SPEEDO ENDURANCE+ MEDALIST /SHORT
Sundbolur úr klórþolnu ENDURANCE+ efni. Litur: Bleikur.
Sundskýla úr klórþolnu ENDURANCE+ efni. Barnastærðir.

NIKE FUNDAMENTALS BACKPACK
Skólataska. Litir: Svört, blá, bleik.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
LINDUM SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 **SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

FRAMHALD AF SÍÐU 40

ræða. Litið sé á hraðahindranir við vegamót sem gönguleið. Komi ökumaður að slíkri hraðahindrun og sé að beygja skuli hann stöðva bílinn og hleypa gangandi vegfaranda yfir hraðahindrunina, rétt eins og um gangbraut væri að ræða.

„Við höfum rætt um að hafa gangbrautir alls staðar þar sem er bara ein akrein í hvora átt og þrjátíu kílómetra hámarkshraði og jafnvel þar sem er fimmtíu kílómetra hraði. En það verður að taka fram í þessu samhengi að slysum á gangandi vegfarendum hefur fækkað á höfuðborgarsvæðinu síðustu ár," segir Guðbrandur. Almennt sé góð reynsla af hraðahindrununum, til að draga úr hraða. Þó séu þær auðvitað ekki allar jafn góðar.

Spurður hvort ekki geti verið að laga mætti merkingar gönguleiða og gangbrauta í borginni, segir aðalvarðstjórinn að lögreglan óski alltaf eftir því að merkingar og leiðir séu eins skýrar og leiðbeinandi og hægt er.



ÁSBJÖRN ÓLAFSSON

Bílar alltaf í forgangi

Ásbjörn Ólafsson hjá Samtökum um bíllausan lífsstíl, segir að „í raun virðist okkur með nánast allar tegundir gönguleiða að það sé verið að tryggja leið bílanna frekar en gangandi vegfarenda." Göngustígar séu til dæmis ekki lagðir af sama metnaði og bílagötur.

Um kenningu borgarinnar um að gangbrautir veiti „falskt öryggi" segir Ásbjörn:

„Gangandi vegfarandi ætti að geta reiknað með að farið sé eftir umferðarlögum og á gangbraut er hann í forgangi en ekki á hraðahindrun. Þetta er skrýtið orðalag sem segir okkur að það eru í raun bílarnir sem eru í forgangi," segir hann.

Þó virðist sem svo að þessi hugsun sé eitthvað að breytast í rétta átt með nýju fólki, segir Ásbjörn í lokin. Honum lítist best á sameiginlegt rými allrar umferðar, án bílastæða og gangbrauta.

Breyta þarf menningunni

KARL SIGURÐSSON

Fulltrúi nýs fólks í umhverfis- og samgönguráði er Karl Sigurðsson úr Besta flokki og honum líst einnig vel á hið sameiginlega rými. Samkvæmt stefnuskrá Besta flokks og Samfylkingar á að bæta aðstöðu gangandi vegfarenda í borginni.

Karl segir að sú stefna hafi einhvern tíma verið sett að gera Reykjavík að bílaborg. Ekki sé alltaf tekið fyllilegt tillit til gangandi vegfarenda.

„Og þess vegna erum við öll að kaupa okkur bíla og enginn þorir að labba. En um þetta falska öryggi hef ég reyndar heyrt að of mikið af merkingum og boðum og bönnum verði til þess að fólk stóli á að aðrir fylgi merkingunum. Mér finnst áhugaverðar hugmyndir um að götur og gatnamót verði minna merktar og fólk þurfi bara að bera virðingu fyrir annarri tegund af umferð en þeirra eigin."

Þetta kristallist í sam- eða deiliryminu (sem Ásbjörn vísaði til hér fyrir framan) þar sem fólk þurfi að virða aðra í umferðinni. Gangandi vegfarendur og hjólandi og bílstjórar þurfa að vera vakandi fyrir öðrum. Þetta ætti að virka til dæmis í minni götum, þar sem er þrjátíu kílómetra hámarkshraði.

„Þetta snýst um menningu og að fólk geri sér grein fyrir að það er til önnur umferð en bílar og að þeir séu ekki alltaf rétthæstir í umferðinni," segir Karl.

Hann segir það kunna að vera að gamlar og góðar gangbrautir gætu einnig komið að notum í samrýminu, þó með þeim fyrirvara að það gangi í raun gegn grunnhugmyndinni. Sé gangbraut á einum stað gætu bílstjórar talið sig hafa frítt spil alls staðar annars staðar.

Borgarfulltrúinn tekur undir að hraðahindranir virðist ekki virka sem skyldi en telur til dæmis blikkljós, sem minna fólk á hversu hratt það keyrir, hafa gefið góða raun. Gangbrautir virki aftur best þar sem lítil umferð er.

„Þetta þarf að gerast í smáskrefum en við þurfum að breyta menningunni okkar." segir Karl.

FJÓRAR GÖTUR, FJÓRAR GANGBRAUTIR Þessi mynd er tekin í Noregi, í Frogner-hverfinu í Ósló. Þar má sjá norsku leiðina yfir götu. Gangandi vegfarendur eru í forgangi á hverju horni. Á þriggja vikna rölti um borgina tók blaðamaður ekki eftir því að nokkur bílstjóri vanvirti þennan rétt. Fátítt var líka að sjá gangandi vegfarendur fara yfir götur á öðrum stöðum. MYND/GUGGA

Engar hraðahindranir í umferðarlögum

Í umferðarlögum frá 1987 eru nokkur ákvæði sem fjalla um skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum á gangbrautum og eru sérstaklega hugsuð til að vernda gangandi vegfarendur fyrir ökutækjum. Gangbraut er skilgreind sem „sérstaklega merktur hluti vegar, sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut". Þar er ekki fjallað um hraðahindranir.

- Gangandi vegfarandi skal nota gangbraut, göng eða brú fyrir gangandi vegfarendur, ef fyrir hendi er. Að öðrum kosti skal hann leitast við að fara yfir akbrautina sem næst vegamótum.
- Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum, ber honum að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur, svo og gangandi vegfarendum og hjólreiðamönnum. Ökumaður má ekki valda þeim hættu eða óþægindum.
- Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Hann má ekki valda honum hættu eða óþægindum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.
- Gangandi vegfarandi, sem ætlar yfir götu, skal gæta sérstaklega að ökutækjum, sem nálgast. Hann skal fara yfir götuna án óþarfrar tafar.
- Ökumaður, sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda, skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.
- Ökumaður, sem ætlar að aka yfir gangstétt eða gangstíg eða að aka út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn, skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer fram hjá.
- Þegar farið er yfir götu skal nota gangbraut, ef hún er nálæg. Einnig göng og brýr fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.
- Eigi má aka fram úr ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Ef umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, má þó aka fram úr ökutæki, ef það hindrar ekki útsýni yfir gangbrautina. Ekki má stoppa eða leggja bíl á gangbraut eða í fimm metra fjarlægð áður en að henni er komið.
- Skylda hvílir á ökumanni að aka nógu hægt miðað við aðstæður áður en komið er að gangbraut.
- Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

FRUMSKÓGUR GÖNGULEIÐA

Hellulögð upphækkuð hraðahindrun, án merkinga í jöðrum.

Hellulögð upphækkuð hraðahindrun, með köflóttu mynstri í jöðrum.

Hellulögð upphækkuð hraðahindrun með gangbrautarskilti og köflóttu mynstri í jöðrum.

Hellulögð upphækkuð rauðlituð hraðahindrun með gangbrautarskilti og þríhyrningsmynstri í jöðrum. Rauði liturinn afmarkar 30 km. hámarkshraða.

Hellulögð upphækkuð rauðlituð hraðahindrun. Þríhyrningsmynstur í jöðrum.

Hellulögð lítillega upphækkuð rönd þar sem gangstétt endar öðrum megin Suðurgötunnar.

Rendur tvískipta þessari gönguleið, innan í mun víðfeðmari „hraðahindrun" við Hallgrímskirkju.

Viðmiðunarpláss fyrir gönguleið, ómerkt annars.

Gönguleið yfir umferðargötu, tvískipt, ómerkt og löng. Umferð úr tveimur áttum.

Gönguleið yfir stærri götu, tvískipt og með hnappi.

Gönguleið yfir stærri götu, tvískipt og án hnapps.

Gangbrautarljós með hnappi.

ágúst 2010
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Auður Ava tilnefnd

Auður Ava Ólafsdóttir er tilnefnd til bókmenntaverðlauna í Frakklandi fyrir skáldsöguna Afleggjarinn.

SÍÐA 10

Ljósmyndasýning með undirspili

Ljósmyndarinn Ragnar Axelsson heldur ljósmynda-tónsýningu í Listasafni Reykjavíkur.

SÍÐA 2

ALLIR LIFA Í *sæluvímu* Í SUMARLANDINU

Fyrsta kvikmynd Gríms Hákonarsonar í fullri lengd, Sumarlandið, verður frumsýnd 3. september. Freyr Bjarnason ræddi við hann um myndina og ferilinn, sem spannar yfir fimmtán ár.

KVIKMYNDIR FREYR BJARNASON

Kvikmyndin Sumarlandið verður frumsýnd 3. september. Hún er fyrsta mynd leikstjórans Gríms Hákonarsonar í fullri lengd en hann hefur áður getið sér gott orð fyrir stuttmyndir á borð við Bræðrabyltu og Slavek the Shit.

Sumarlandið er gamanmynd sem fjallar um fjölskyldu sem rekur álfatengda ferðaþjónustu og býður upp á miðilsfundi. Hús hennar er byggt í kringum frægan álfastein, sem er heilagur í augum aðalpersónunnar Láru sem hefur yfirskilvitlega hæfileika. Þegar fjölskyldan fær freistandi kauptilboð í steininn frá þýskum kaupsýslumanni vill eiginmaðurinn Óskar ólmur selja hann og það á eftir að setja allt úr skorðum.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur Láru og Kjartan Guðjónsson leikur Óskar. Með smærri hlutverk fara Snorri Engilbertsson, Hallfríður Tryggvadóttir og Nökkvi Helgason.

Geimverur og Jónas frá Hriflu

Grímur Hákonarson er að vonum spenntur fyrir frumsýningunni. „Það er dálítið spenningur yfir því hvernig viðtökurnar verða. En ég hef fengið ágætis viðbrögð frá fólki sem hefur séð hana, þannig að maður er aðeins rólegri," segir Grímur. „Ég er líka spenntur að sjá hvernig útlendingarnir taka henni, þó svo að hún sé fyrst og fremst hugsuð fyrir íslenskan markað."

Grímur hefur lengi haft áhuga á öllu batteríinu í kringum spíritismann hér á landi og ákvað að gera svolítið grín að því í nýju myndinni. „Ég gerði áður stuttmynd sem hét Síðustu orð Hreggviðs sem fjallar um mann sem gengur aftur til að geta birt grein í Mogganum. Svo sá ég Six Feet Under-þættina sem fjalla um fjölskyldu sem rekur útfaraþjónustu þar sem þemað er líf og dauði. Mér datt í hug að íslenska útgáfan af þessu yrði að sjálfsögðu sálarrannsóknarfélagið og miðilsfundir því þar er verið að díla mikið við dautt fólk," segir Grímur og heldur áfram: „Þetta er mjög skemmtilegur bransi. Geimverurnar, álfarnir og allur pakkinn. Þetta er skemmtilegur efniviður og fullkominn í gamanmynd."

Til að undirbúa sig fyrir myndina fór Grímur á transmiðilsfundi hjá Magnúsi Skarphéðinssyni, formanni Sálarrannsóknarfélags Reykjavíkur, en þar talar dáið fólk í gegnum miðilinn. „Þá komu upp gamlir stjórnmálamenn, Jónas frá Hriflu og Ólafur Thors, og voru eitthvað að tala um ESB og evruna. Það var gaman að því," segir Grímur og hlær og tekur fram að þeir hafi

FRAMHALD Á SÍÐU 6

Fallegt og myndrænt

Leikritið In the Beginning er sýnt þessa dagana í Listasafni Reykjavíkur í samstarfi við menningarnótt. Um er að ræða lokaverk Inga Hrafns Hilmarssonar við Rose Bruford College í London og fjallar það um sköpun mannsins.

„Þetta er fallegt verk og myndrænt. Það er mikið af myndum í því sem við búum til á sviðinu. Þetta er án orða og þá túlkar hver og einn verkið á sinn eigin hátt," segir Ingi Hrafn.

Verkið er hálftíma langt og fékk Ingi fyrstu einkunn fyrir það í skólanum. „Skólinn sendi mig til að taka þátt í festivali með verkið en svo fór ég reyndar ekki á það. En það var heiður að fá að vera tilnefndur í það. Ég hef ætlað að setja þetta verk upp síðan ég kom heim og ég fékk þann heiður að setja þetta upp í Listasafninu. Mér finnst þessi staðsetning henta mínu leikverki mjög vel."

Enski leikarinn Kane Husbands, sem var í Rose Bruford College á sama tíma og Ingi, er meðhöfundur að In the Beginning og leikur einnig í verkinu.

Leikritið var frumsýnt síðastliðinn fimmtudag. Næstu sýningar verða á menningarnótt og fimmtudaginn 26. ágúst og hefjast þær báðar klukkan 20.30. Aðgangseyrir er enginn. Miðapantanir á síðarnefndu sýninguna eru í síma 663 9444.

Ingi Hrafn er einn af stofnendum Leikhópsins Vinir sem síðastliðin tvö ár hefur ferðast um landið með frumsamin leikverk fyrir börn. Hann starfar mikið með börnum í tengslum við leiklist og leikræna tjáningu. Frá útskrift hefur Ingi Hrafn tekið að sér ýmis hlutverk í auglýsingum, myndböndum og kvikmyndum, meðal annars í samstarfi við Kvikmyndaskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ingi og Husbands sýna leikritið In the Beginning í Listasafni Reykjavíkur.

menning kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Freyr Bjarnason **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

Ragnar Axelsson, Rax, á norðurslóðum þar sem hann hefur tekið fjölda ljósmynda undanfarin ár.

LJÓSMYNDASÝNING MEÐ *umhverfishljóðum*

Ljósmyndasýning með myndum Ragnars Axelssonar, RAX, verður haldin í Listasafni Reykjavíkur í dag.

LJÓSMYNDIR FREYR BJARNASON

Á menningarnótt verður sýnd í Listasafni Reykjavíkur ljósmynda-tónsýning með myndum Ragnars Axelssonar, RAX, frá Grænlandi og Norður-Kanada. „Þetta er ljósmyndasýning með umhverfishljóðum með sem eykur á tilfinninguna fyrir myndunum sem er verið að sýna," útskýrir Ragnar. Um svokallað „slideshow" er að ræða sem tekur um sjö mínútur í sýningu.

Sýning Ragnars var sérstaklega búin til fyrir ljósmyndahátíðina Look 3 í Charlotteville í Virginíu í fyrra. Þar var hún sýnd undir berum himni og vakti mikla lukku. Ragnar fékk tölvupósta frá fólki sem sagðist hafa grátið og ekki vita hvað það ætti af sér að gera vegna þess hve myndirnar væru fallegar og í kjölfarið birti New York Times myndirnar á ljósmyndabloggi sínu, sem og fjölmörg virt ljósmyndablogg í Bandaríkjunum. Myndirnar voru birtar í Newsweek í Japan og urðu til þess að kynna væntanlega bók Ragnars, Veiðimenn norðursins, fyrir mörgum. Hún kemur út á Íslandi 16. október og er mjög stórt verk með hátt í 200 ljósmyndum frá norðurslóðum, flestum þeirra áður óbirtum. Hún kemur út um sama leyti í Þýskalandi og Bretlandi og er væntanleg í fleiri löndum árið 2011.

Myndirnar hefur Ragnar tekið á undanförnum 25 árum og hann hlakkar mikið til að sjá bókina líta dagsins ljós. „Þetta er viss léttir og svolítið skrítin tilfinning. Þetta er búið að vera dálítið erfið fæðing því þetta er búið að kosta mann mikið því það er svo dýrt að fara þarna," segir hann.

Á sýningunni í Hafnarhúsinu eru tónbrot frá Grænlandi, vögguvísur og söngl, sem Ragnar tók upp sjálfur, sem blandað er við raftónlist. Þessar ljósmyndir Ragnars frá norðurslóðum hafa um árabil borið hróður hans víða en hann hefur tekið myndir á Grænlandi og í Norður-Kanada frá árinu 1987. Með útgáfu Veiðimanna norðursins og sýningum og umfjöllunum tengdum henni um allan heim er ljóst að Ragnar er smám saman að öðlast mikilvægan sess í ljósmyndun samtímans.

Þrjú stór verk hjá LA

Þrjú stór verk verða frumsýnd hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur. Fyrst ber að nefna söngleikinn Rocky Horror sem fer á fjalirnar í nýja menningarhúsinu Hofi, 10. september.

„Það hefur alveg rokselst á þá sýningu. Við erum með fimm hundruð manna sal í nýja menningarhúsinu og það er verið að gera allt klárt þar. Þarna verður rosalega fullkomið hljóðkerfi og þetta á eftir að verða dúndursýning," segir María Sigurðardóttir, leikhússtjóri.

Hin stóru verkin tvö er gamandramað Þjónninn þögli eftir Harold Pinter sem verður frumsýnt í október og Farsæll farsi sem verður sýnt í mars á næsta ári. „Þögli þjónninn fjallar um tvo leigumorðingja. Þetta er sígildur gamanleikur og mjög fyndið verk," segir María og bætir við að Farsæll farsi sé týpískur farsi sem eigi eftir að vekja mikla lukku.

Fyrir jólin verður haldin hin árlega aðventusýning Leikfélags Akureyrar, sem verður með breyttu sniði í ár. Einnig verða fjölmargar gestasýningar í boði, eða Harry og Heimir, Algjör Sveppi, Jesús litli, Af ástum manns og hrærivélar og Villidýr og pólitík. Aukasýningar á dansverkinu Aftursnúið verða einnig á dagskrá, auk þess sem leiklistarskóli fyrir börn er áfram starfræktur.

Menningarhúsið Hof verður svo opnað í lok ágúst

María Sigurðardóttir er mjög spennt fyrir komandi leikári hjá Leikfélagi Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

á Akureyrarvöku og skömmu síðar fer Rocky Horror þar á fjalirnar „Þetta er rosalega fínt þegar maður er með svona stórar sýningar," segir María um Hof. „Að vera með 210 manna sal, sem er stærri salurinn okkar, getur ekki borgað sig. Við förum þarna inn með þær sýningar sem henta. Þetta gefur okkur líka tækifæri til að koma með gestasýningar sem eru stærri í sniðum en við höfum boðið upp á áður."

Landsbankinn á Menningarnótt

– Landsbankinn er stoltur máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi

Landsbankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi auk þess að vera virkur þátttakandi í hátíðinni.

Að venju verður fjölbreytt menningardagskrá í boði fyrir alla fjölskylduna í Aðalbankanum Austurstræti 11.

Gleðilega Menningarnótt!

Dagskrá í Austurstræti 11

Menningarnótt 21. ágúst 2010

12.00
Listaverkaganga með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi

12.45
Listaverkaganga með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi

13.30
Listaverkaganga með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi

14.00
Gunni og Felix skemmta börnunum. Sproti kemur í heim-sókn

14.45
Gunni og Felix skemmta börnunum. Sproti kemur í heimsókn

15.30
Ómar Ragnarsson skemmtir við undirleik Hauks Heiðars

Tónleikar fjögurra kóra af Norrænu kóra-hátíðinni sem haldin er í Reykjavík

16.15
Concert Clemens frá Danmörku

16.30
Chamber Choir Kamertonas Kaunas frá Litháen

16.45
Chamber Choir Cantinovum frá Finnlandi

17.00
Kammerkór Norðurlands

14-17
Andlitsmálun og blöðrur í tjaldi fyrir utan bankann

MENNINGARNÓTT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn). kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM43204

Fjölbreytt og SKEMMTILEGT LEIKÁR

Leikárið verður fjölbreytt, ögrandi og skemmtilegt að mati Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra. Opið hús verður 5. september.

LEIKLIST
FREYR BJARNASON

Síðasti vetur gekk prýðilega í Þjóðleikhúsinu og aðsóknin var mjög góð. Leikhúsið hlaut jafnframt 32 tilnefningar til Grímunnar í ár. „Leikárið er fjölbreytt, ögrandi og skemmtilegt og það er tilhlökkun í loftinu," segir Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri. „Á síðasta leikári, sem var afmælisár, lögðum við sérstaka áherslu á að skoða fortíðina og sjálfsmynd okkar sem Íslendinga. Þessi áhersla á íslenska leikritun fékk frábærar undirtektir, en hinar fjölmörgu tilnefningar Þjóðleikhússins til Grímunnar, 32 talsins, voru allar fyrir íslensk verk," segir Tinna og bætir við: „Áhorfendafjöldinn hefur farið vaxandi ár frá ári upp á síðkastið og síðasta leikár var toppár. Íslendingar láta hvorki kreppu né úrtölur fæla sig frá því að fara í leikhús og við viljum stuðla að því að leikhúsið sé sem flestum aðgengilegt, meðal annars með því að bjóða aðgangskort á sama verði og í fyrra og árið þar á undan. Þannig gerum við þeim fyrirhyggjusömu kleift að njóta góðrar leiklistar fyrir hóflegt verð."

Í Þjóðleikhúsinu í vetur verður litið í auknum mæli til klassískra leikverka til að spegla umrótið í samtíma okkar. Boðið verður upp á tvö af mögnuðustu verkum sígildra leikbókmennta. Lér konungur í leikstjórn hins eftirsótta leikstjóra Benedict Andrews fer á fjalirnar á annan í jólum. Hedda Gabler eftir Henrik Ibsen verður sýnt í febrúar á næsta ári og eitt áhrifamesta dramatíska verk 20. aldarinnar, Allir synir mínir, eftir Arthur Miller fer á svið næsta vor. Einnig verður í október frumsýndur finnskur gamanleikur, Finnski hesturinn, og í byrjun apríl verður boðið upp á nýtt íslenskt leikrit á Stóra sviðinu sem nefnist Bjart með köflum eftir Ólaf Hauk Símonarson. Barnaleikritið Ballið á Bessastöðum eftir Gerði Kristnýju verður svo frumsýnt í lok janúar á næsta ári.

Nígeríusvindlið verður sýnt í Kassanum frá 20. ágúst til 5. september. Í sýningunni beinir hópurinn 16 elskendur augum sínum að svokölluðum Nígeríusvindlum en það hugtak er orðið velþekkt hérlendis og vísar til ýmiss konar fjárplógsstarfsemi sem fer fram á Netinu.

Fjórar leiksýningar sem nutu vinsælda á síðasta leikári halda áfram í vetur, eða Íslandsklukkan, Gerpla, Hænuungarnir og Fíasól. Einnig verður sýningin Hamskiptin sem var sett upp í Þjóðleikhúsinu í samvinnu við Vesturport og valin sýning ársins 2008, sýnd í takmarkaðan tíma snemma í haust.

Í tilefni þess að sextíu ár eru liðin frá opnun Þjóðleikhússins verður opið hús sunnudaginn 5. september. „Við opnum leikhúsið almenningi og bjóðum til veislu. Á stóra sviðinu verður samsett dagskrá með söngatriðum úr ýmsum bráðskemmtilegum barnaleikritum, á göngunum verður fjör og svo verður bökuð risastór afmæliskaka," segir Tinna um veisluna.

Arnar Jónsson fer með aðalhlutverkið í Lé konungi eftir William Shakespeare.

ÞRJÚ STÓR VERK:

Lér konungur William Shakespeare
Hedda Gabler Henrik Ibsen
Allir synir mínir Arthur Miller

Tinna Gunnlaugsdóttir segir að leikárið verði fjölbreytt, ögrandi og skemmtilegt.

Frumkraftar jarðar

Frumkraftar jarðar – funandi ljós nefnist sýning sem verður opnuð á Jótlandi á mánudaginn. Á dönsku heitir hún Jordens kræfter – Jordens lys. Sýningin verður sett upp í gömlu pakkhúsi sem gert hefur verið að menningarhúsi, Gøgsigs Pakhus í Sindal á Jótlandi. Þar má sjá listaverk fimm íslenskra og danskra listamanna. Þarna eru þæfðar ullarvörur Kömmu Nielsdóttur Dalsgaard og keramik eftir Ullu Holm Nielsen og Önnu Jóhannsdóttur. Sú síðarnefnda sýnir einnig myndir og slíkt hið sama gera Gitte Lis Thomsen og Rúna Kömmudóttir Tetzschner.

Á sýningunni eru náttúruöflin og ljósið í þungamiðju og unnið er með efni jarðar. Þrír listamannanna tengjast bæði Íslandi og Danmörku sérstaklega. Anna er fædd og uppalin á Íslandi en býr í Danmörku, Kamma er fædd og uppalin í Danmörku en býr á Íslandi og Rúna, sem er af dönskum ættum en fædd og uppalin á Íslandi, á sér nú heimili í báðum löndum.

Eldfjallafiðrildi **Verkið Eldfjallafiðrildi eftir Rúnu Kömmudóttur Tetzschner.**

ego dekor

-20%



TV skenkur í eik
183cm
Verð:
99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
79.920,-

TV skenkur í hvítu og svörtu háglans
200cm
Verð:
106.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
74.200,-

-30%



-20%

Skenkur í eik
150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 103.920,-

-30%

Stækkanlegt eikarborð
160(248)X100cm
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 97.930,-



-20%

SABINE leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
13.520,-

-25%

KELLY stóll
Verð: 18,900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-

-50%



Vegghengdur skenkur
120cm
Verð: 76.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 38.000,-

-30%



Dökkt eikarborð
180X100cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 69.930,-
BORÐ OG 6 STÓLAR: 154.980,-

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR

-25%



MERCURY tungusófi
290X165cm
Verð: 248.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
186.000,-

CULP tungusófi
212X155cm
- færanleg tunga
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-

-30%

-20%

GOTCHA hornsófi
283X180cm
Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
206.400,-

-30%

BORGES tungusófi
290X165cm
Verð: 225.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
157.500,-

-50%

NORRHAMN 3ja sæta sófi og skammel
215cm
Verð: 168.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
84.000,-

-30%

PÚÐAR
Verð: 4.800,-
ÚTSÖLUVERÐ:
3.360,-

LUND tungusófi
295X165cm
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
196.000,-

-20%

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

Sumarlandið fjallar um fjölskyldu sem rekur álfatengda ferðaþjónustu í Kópavoginum.

FFX

Félagar í Finanzas Forex.

Við höfum verið að vinna að lausn okkar mála vegna Finanzas Forex, því miður hefur málið tafist, en málið lítur betur út núna en áður. Við stefnum á að hafa stórann fund fyrir fjárfesta í FFX fljótlega.

Vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á pósthólfið fjarfestarffx@gmail.com fyrir 26. ágúst n.k. svo við getum haft samband og látið vita hvar og hvenær fundurinn fer fram.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

FRAMHALD AF FORSÍÐU

verið Evrópusinnar. „Sumarlandið er þessi heimur að handan sem allir fara til samkvæmt spíritisma. Við förum öll til Sumarlandsins sem er eins og himnaríki þar sem allir lifa á loftinu, senda hugskeyti á milli sín og lifa í einhverri sæluvímu.“

Kreppan bjargaði húsinu

Fyrirtækið Blueeys, sem er í eigu Baltasars Kormáks og Lilju Pálmadóttur, framleiðir Sumarlandið og kostaði myndin yfir hundrað milljónir króna. Styrkir frá Kvikmyndamiðstöð Íslands og Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum komu þar að góðum notum. Hinn margreyndi Ari Kristinsson var tökumaður og Linda Stefánsdóttir annaðist leikmyndahönnun. „Baltasar var mjög hrifinn af handritinu út af þessari kómísku nálgun. Það hafa oft verið skrifuð handrit um þetta efni á Íslandi en þau hafa alltaf verið í þessum alvarlega, dramatíska tón. Hann var hrifinn af því að nálgast viðfangsefnið út frá þessum léttleika.“

VERK GRÍMS:

Sumarlandið (2010)
Bræðrabylta (2007)
Slavek the Shit (2004)
Síðustu orð Hreggviðs (2004)
Varði Goes Europe (2002)
Varði fer á vertíð (2000)
Ikologos (2000)
Helgarferð til Auschwitz (1996)
Klósettmenning (1995)
Atvinnuleysinginn (1994)

Grímur hlaut Eddu-verðlaunin fyrir stuttmyndina Bræðrabyltu.

Grímur skemmti sér vel við tökurnar en þær fóru allar fram í Kópavoginum þar sem hann ólst upp, eins og reyndar Baltasar og Ari. „Þetta var tekið upp í gömlu húsi á Kársnesinu. Þetta er hús sem átti að rífa og byggja blokk í staðinn, svona 2007-pælingar. Svo kom hrunið, verktakarnir fóru á hausinn það bjargaðist. Við fengum ótakmarkað frelsi til að byggja heljarinnar leikmynd. Það voru ákveðin forréttindi fyrir mig að gera þarna mína fyrstu mynd og að vinna með mjög reyndu fólki sem hefur verið að gera helling af

Stórbrotin hljómsveitarverk á

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári verður glæsileg sem fyrr. Stórbrotin hljómsveitarverk verða á dagskrá, meðal annars eftir Beethoven, Bruckner og Sjostakovitsj, auk tveggja sinfónía Gustavs Mahler en um þessar mundir eru 150 ár liðin frá fæðingu þessa mikla meistara.

„Við erum að fara af stað með mjög metnaðarfullt og glæsilegt prógram fyrir komandi starfsár og mjög fjölbreytt,“ segir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Rússneski hljómsveitarstjórinn og goðsögnin Gennadij Rosdestvenskíj verður aðalgestastjórnandi árið 2011 og mun stjórna tvennum tónleikum á starfsárinu. Staðarlistamaður þessa starfsárs er síðan hinn heimskunni fiðluleikari Isabelle

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, segir að starfsárið verði afar metnaðarfullt.

Faust og spilar hún á tvennum tónleikum.

Auk hefðbundinna sinfóníutónleika verður margt annað í boði. Hópur listamanna mun flytja Porgy & Bess eftir Gershwin,

KARNIVAL fjölskylduhátíðin á Grandanum er einn af burðarliðum menningarnætur. Fyrirtækið CCP er aðalstyrktaraðili hátíðarinnar og sér til þess að allir geti skemmt sér sem best.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

TÍSKUSÝNING
LAUGARDAG KL. 3 - *MENNINGARNÓTT*
MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B - SÍMI 562 6999

NÁMSAÐSTOÐ
Upprifjun fyrir samræmdu prófin í september
íslenska – stærðfræði – enska – danska
Við bjóðum einnig grunn- og framhaldsskólanemum námskeið til að rifja upp námsefnið svo þeir geti fylgst með frá byrjun.
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Sigursteinn Gíslason, þjálfari Leiknis, vill enga lognmollu í kringum sig, líf hans snýst um æfingar og leiki, nema á sunnudögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á ekki við mig að hanga

Sigursteinn Gíslason þjálfar lið Leiknis í fótbolta í Breiðholtinu meðfram vinnu sinni hjá Eimskip. Dagskrá vikunnar er því jafnan þéttskipuð en sunnudagarnir eru helgaðir fjölskyldunni.

„Dagurinn hjá mér hefst með léttri æfingu með liðinu og síðan ætlum við Leiknisstrákarnir að gera okkur glaðan dag," segir Sigursteinn Gíslason, þjálfari Leiknis í Breiðholti, þegar Fréttablaðið forvitnast um helgarplönin.

„Við höfum fengið til liðs við okkur stúlkur frá Akranesi sem skipuleggja hópefli með ratleikjum og slíku. Þær ætla að fíflast eitthvað með liðið í nokkra klukkutíma um allan bæ og svo endum við á að grilla í kvöld og bjóðum konunum með. Þetta verður gott og skemmtilegt laugardagskvöld."

Sigursteinn er annars frekar upptekinn maður en meðfram fullri vinnu hjá Eimskip leikur fótboltinn stórt hlutverk í dagskrá vikunnar. Hann segist þó reyna að halda sunnudögunum frá fyrir fjölskylduna.

„Ég reyni yfirleitt að hafa sunnudagana rólega, ef það er hægt vegna fótboltans. Lífsklukkan gengur í kringum boltann og ég stilli allt mitt líf í kringum hann. Það er því ekki oft sem ég á heilu dagana með börnunum svo ég reyni að nota sunnudagana með þeim. Ætli við förum ekki á ísrúnt á morgun, sund og svo í Húsdýragarðinn."

Börn Sigursteins eru 4, 6 og 11 ára og segir hann mikið fjör á heimilinu alla daga. Þrátt fyrir annasamt sumar hefur fjölskyldan komist í nokkrar útilegur og skroppið í bústað og er að skipuleggja ferð til Orlando um jólin. Það er því engin lognmolla í kringum Sigurstein.

„Mér finnst best að hafa nóg að gera, annars rotnar maður bara. Ég mundi aldrei nenna að hanga og gera ekki neitt, það á ekki við mig."

heida@frettabladid.is


Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

;ALLT
ÚT AÐ BORÐA
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 25/8

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

ESPRESSÓ er grunnurinn að mörgum öðrum kaffidrykkjum, svo sem sviss mokka, cappuccino og latte. Eitt lykilatriða bragðsins er froðan, sem samanstendur af olíum, sykrum og prótínum.

Saeco
kaffivélar

Alsjálfvirkar
HÁGÆÐA kaffivélar.
Ný sending komin.
Verð frá aðeins kr. 69.990

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Bakstur er mín ástríða

Kökurnar á kaffihúsinu C is for Cookie á Týsgötu eru í uppáhaldi hjá mörgum enda allar heimabakaðar. Agnieszka Sokolowska, annar eigandi staðarins, á heiðurinn af þeim og gefur hér uppskrift að eplaböku.

„Viðtökurnar hafa verið ótrúlega góðar og mun betri en við þorðum að vona," segir Agnieszka sem opnaði kaffihúsið C is for Cookie ásamt unnusta sínum Stanislaw á Týsgötu í lok maí. „Við höfum fengið mörg vinsamleg orð frá viðskiptavinum okkar," segir hún glaðlega og bætir við að flestir séu þeir nágrannar þeirra í miðbænum.

Á C is for Cookie er boðið upp á kaffi, kökur og létta rétti í hádeginu. Innt eftir því hvaða leyndarmál liggi að baki góðum kaffibolla svarar hún: „Það er í fyrsta lagi að vera með góða tegund og í öðru lagi að gefa svolítið af sjálfum sér. Við teiknum til dæmis alltaf í mjólkina sem gerir hvern bolla sérstakan," segir Agnieszka sem hefur talsverða reynslu í að laga gott kaffi enda starfaði hún hjá Tíu dropum eftir að hún flutti til Íslands árið 2007 og einnig á Espressobarnum á Lækjartorgi.

Helsta aðdráttarafl kaffihússins er þó án efa heimabökuðu kökurnar hennar Agnieszku sem hún leggur í ást, alúð og ekki síst tíma. „En það er allt í lagi því bakstur er mitt áhugamál og mín ástríða," upplýsir hún með ákefð.

Agnieszka býður upp á heimabakaðar kökur í kaffihúsinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

En á hún sér uppáhaldsköku? „Já, það er ostakakan sem við seljum hér," svarar hún en kakan er ættuð frá heimalandinu Póllandi. Uppskriftin að kökunni er þó leyndarmál líkt og uppskriftin að gulrótakökunni vinsælu sem hún notar í ýmis óvenjuleg krydd.

Agnieszka ákvað að gefa lesendum Fréttablaðsins uppskrift að eplaböku sem hún segir sömuleiðis eiga rætur að rekja til Póllands enda hafi uppskriftin fylgt fjölskyldunni í langan tíma.

solveig@frettabladid.is

EPLABAKA AGNIESZKU

fitu- og sykurskert

Botninn
200 g hveiti
50 g mjúkt smjör
1 msk. flórsykur
6 msk. kalt vatn

Blandið saman hveiti, flórsykri og smjöri. Bætið smátt og smátt vatni saman við þar til hægt er að hnoða deigið, fletja það út og setja í eldfast mót. Stingið göt á botninn með gaffli. Stingið forminu í 170 gráðu heitan ofninn og bakið þar til deigið verður gullið.

Fylling
500 g fersk eða frosin epli niðurskorin
1 tsk. kanill
Safi úr einni sítrónu
5 msk. sykur
5 msk. haframjöl
50 g möndluflögur

Meðan botninn bakast, blandið saman niðurskornum eplum, kanil, möndluflögum og sítrónusafa og leyfið því að standa smá stund.

Hitið þurra pönnu og ristið sykur og haframjöl.

Hrærið stöðugt í á meðan þar til sykurinn hefur karamellast og haframjölið brúnast. Blandið þessu við eplin.

Takið út formið, setjið fyllinguna í og bakið í 20 mínútur til viðbótar. Bragðast best heit með þeyttum rjóma.

Kaffitréð er upprunnið í Norðaustur-Afríku og barst þaðan til Arabíu, þar sem fyrsta kaffihús heims var opnað í Mekka um 1511. Þjóðsagan segir að geitahirðir hafi ristað fræin úr rauðum berjum plöntunnar á pönnu, soðið og marið þegar hann tók eftir því að geitur hans voru svefnlitlar eftir að hafa étið berin.

Matarást

FASTUS
BRAVILOR BONAMAT

Betra kaffi!

Kaffivél með hitabrúsa

Tekur aðeins 7 mínútur
að hella upp á 2,2 lítra
af kaffi.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | S: 580 3900 | www.fastus.is

Sigríður Erla hellir leir í mót. Með tilraunum og þróunarvinnu hefur hún náð góðum tökum á íslenska leirnum.

Fjórir keramikhönnuðir hafa hannað bolla út frá íslenskum tejurtum, þeir heita Aðalblár, Birkir, Hrútur og Fífill. Bollarnir eru framleiddir úr íslenskum leir af Leir 7 í Stykkishólmi. MYND/SARA JÓHANNSDÓTTIR

Bollar byggðir á jurtum

Leirverkstæðið Leir 7 stendur fyrir teboði í Stykkishólmi í dag þar sem kynntir verða bollar úr íslenskum leir, byggðir á íslenskum jurtum. Í bollana fer sérblandað te úr sömu jurtum frá Urta Islandica

Alíslenskt teboð verður haldið í Vatnasafninu í Stykkishólmi í dag. Þar verður boðið upp á íslenskt te úr íslenskum bollum sem steyptir hafa verið úr íslenskum leir.

„Bollarnir heita Aðalblár, Birkir, Hrútur og Fífill eftir jurtunum sem þeir eru unnir út frá," útskýrir Sigríður Erla Guðmundsdóttir, ein fjögurra keramikhönnuða sem unnu bollana. Sigríður framleiðir jafnframt bollana úr íslenskum leir á verkstæði sínu Leir 7 sem hún stofnaði fyrir tveimur árum í Stykkishólmi.

„Markmið mitt með fyrirtækinu er að eiga samstarf við fagfólk sem ég get tengt mig við. Til dæmis aðra hönnuði eða matreiðslumenn," útskýrir Sigríður en hún hefur meðal annars hannað og framleitt borðbúnað fyrir bláskel í samvinnu við bláskeljaframleiðendur og leirpott til eldunar í samvinnu við hönnarfyrirtækið Borðið.

„Við Elísabet Haraldsdóttir, Kristín Ísleifsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir unnum hugmyndavinnuna að bollunum í samvinnu og unnum út frá fjórum íslenskum tejurtum: aðalbláberjalyngi, birki, hrútaberjum og fíflum. Þóra Þórisdóttir hjá Urta Islandica hefur svo sett saman sérstakt te úr þessum jurtum, Fagradalste."

Íslenskur leir er aðalhráefni Sigríðar en hann kemur úr Ytri-Fagradal á Skarðsströnd. Sigríður vinnur ein keramikhönnuða með íslenska leirinn og hefur gegnum tilrauna- og þróunarvinnu náð tökum á honum. Íslenski leirinn þótti í gegnum tíðina erfiður að eiga við og eftir að innflutningur hófst um 1960 datt notkun hans alveg niður.

„Ég tók hins vegar ákvörðun um að vinna eingöngu með hann og nú gengur vel að framleiða úr honum. Þetta er þó ekki mikil fjöldaframleiðsla svo vörurnar eru ekki í sölu á mörgum stöðum. Leirpotturinn fæst í Kokku og svo koma bollarnir á markað fljótlega."

Teboðið hefst klukkan 15 í dag í Vatnasafninu. Annað teboð verður svo haldið 28. ágúst í Brúðuheimum í Borgarnesi.

heida@frettabladid.is

Útlitið gefur innihaldið til kynna

Erna Skúladóttir steypir litla bolla í postulín þar sem munstrið gefur upp hvað í bollanum er.

„Ég tók mót af kaffibaunum og grænum telaufum og steypi svo bollana í postulín. Ég vildi að útlitið á þeim gæfi innihaldið til kynna," segir Erna Skúladóttir en hún framleiðir bollana sjálf.

Erna segir hugmyndina að bollunum hafa kviknað eftir margra áru vinnu sem kaffibarþjónn. Hún vildi tvinna saman þá vinnu við vinnu sína með leir og postulín en Erna lauk námi í mótun í Myndlistaskóla Reykjavíkur í vor. Hún er á leið í framhaldsnám í listaskóla í Bergen í haust.

Munstrið á bollunum endurspeglar innihaldið.

Áður hefur Erna sent frá sér skartgripalínu úr postulíni sem hún kallar Veðramen og fæst í versluninni Aurum. Bollarnir fást hjá Kaffitári í Þjóðminjasafninu og versluninni Mótífó á Selfossi.

- rat

Kaffibollar eftir Ernu Skúladóttur með kaffibaunamunstri. MYND/ERNA SKÚLADÓTTIR

Kaffi frelsi

Vilt þú vera vildarvinur Te & Kaffi? Tryggðu þér þá kaffi frelsi og njóttu bestu afsláttarkjara á kaffidrykkjum og meðlæti sem völ er á.

Kaffi frelsi er fyrirframgreitt kaffikort sem gildir á öllum kaffihúsum og kaffibörum Te & Kaffi. Með því að fyrirframgreiða kaffi frelsið öðlast þú rétt til að njóta bestu afsláttarkjara Te & kaffi. Þú færð 20% afslátt af kaffidrykkjum sem þýðir að með 10 bolla kaffi frelsi greiðir þú einungis fyrir 8 og færð 2 bolla ókeypis! Jafnframt færðu 10% afslátt af öllu meðlæti; gosi, söfum, samlokum, Panini, kökusneiðum og múffum.

Kynntu þér nánar á kaffihúsum Te og kaffi, í Austurstræti 18, á Skólavörðustíg 11, á Laugavegi 27, í Smáralind, í Kringlunni, á Grandagarði og á Akureyri.

TE & KAFFI

www.teogkaffi.is

KAFFIBOLLINN ÞINN ER TILBÚINN

NÚ FÆRÐU RJÚKANDI KAFFI FRÁ ILLY HJÁ JÓA FEL.

Jói Fel

BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

NÁM

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK býður upp á skemmtileg námskeið fyrir börn og ungt fólk í vetur. Til dæmis í leir og skúlptúr, myndasögum og hreyfimyndum, handverki og hönnun og jafnvel arkitektúr.

„Njála með öllum sínum skrautlegu manngerðum er auðvitað endalaus uppspretta um háttalag og hegðun fólks," segir Arthur Björgvin. MYND/ÚR EINKASAFNI

Tilgangurinn er að slá tvær flugur í einu höggi

Að kynna bókmenntaarfinn fyrir grunnskólanemum á aðgengilegan hátt og kenna þeim að glíma við siðferðileg vandamál er markmið Arthurs Björgvins Bollasonar með útgáfu nýrrar bókar, Lífsleikni Njálu.

„Þetta er kver sem ég ætla að gefa kennurum kost á að nota í 8.-10. bekkjum grunnskóla á Íslandi og fyrstu viðbrögð þeirra eru mjög jákvæð. Þeir vildu meina að hún væri jafnvel kjörin fyrir áhugasaman almenning sem vildi finna greiða leið að Njálu og um leið íhuga tengsl hennar við samtímann," segir Arthur Björgvin Bollason um nýja bók sína, Lífsleikni Njálu – siðfræðileg umhugsunarefni fyrir ungt fólk sem er væntanleg um næstu mánaðamót en það er Skólavörubúðin A4 sem gefur hana út.

„Ég endursegi einstaka kafla sögunnar og legg síðan fyrir nemendur spurningar um siðferðileg álitamál í henni. Endrum og sinnum tengi ég þessi verkefni líka við það sem hefur verið að gerast á Íslandi á liðnum misserum svo sem bankahrun, búsáhaldabyltingu og fleira," lýsir hann og segir bókarskrifin vera tilraun til að leiða unga skólanema inn í heim fornsagnanna og siðfræðinnar á einu bretti.

Ramminn utan um textann er samtal Arthurs Björgvins við ungan son sinn og umræðuefnið er Njálssaga. Hvaða kafli bókarinnar skyldi stráknum þykja áhugaverðastur? „Honum þykir kaflinn um Njálsbrennu mest spennandi

og sér fyrir sér hasarinn þar. Hann furðar sig líka á því að gaurarnir í Hollywood skuli aldrei hafa gert mynd um þessa brennu. Í byrjun er hann ekkert ógurlega spenntur fyrir Njáluþvaðri föður síns en fær smám saman áhuga fyrir efninu þegar fram í sækir."

En hvernig tengir faðirinn nýliðna atburði á Íslandi við þessa aldagömlu sögu? „Sonurinn áttar sig fljótlega á því að sumt sem sagt er frá í Njálu rímar skemmtilega við hans eigið líf sem skólanema á 21. öldinni. Njála með öllum sínum skrautlegu manngerðum er auðvitað endalaus uppspretta hugleiðinga um háttalag og hegðun fólks," svarar Arthur Björgvin og nefnir dæmi. „Í eftirmála við þriðja kafla bókarinnar, sem fjallar um það þegar Hallgerður lætur þrælinn Melkólf ræna og brenna útibúrið í Kirkjubæ, eru til dæmis hugleiðingar um glæp, réttlæti og refsingu. Þar er velt upp spurningum um hvaða refsing sé réttlát fyrir einhvern ákveðinn glæp og hvort eitthvað sé líkt með tveimur gjörólíkum atburðum, matarstuldinum og brennunni í Kirkjubæ fyrir þúsund árum og árás æstra borgara á Alþingishúsið í byrjun ársins 2009.

gun@frettabladid.is

ÞÚ!
ÞETTA SNÝST UM ÞIG OG FRAMTÍÐINA

Opni háskólinn í HR býður upp á fjölbreytt úrval námsbrauta samhliða vinnu á haustönn 2010.

Námið er fjölbreytt og miðar að því að efla faglega þekkingu. Námsbrautirnar eru tilvaldar fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og auka við menntun sína. Lögð er áhersla á öflug tengsl við atvinnulífið, hagnýta nálgun með raunhæfum verkefnum og virkni nemenda.

Opni háskólinn býður upp á skemmtilegt og lifandi umhverfi til náms í Háskólanum í Reykjavík við Nauthólsvík.

Mannauðsstjórnun
Skipulag og stjórnun – Stefnumiðuð mannauðsstjórnun – Hagnýt vinnusálfræði – Fræðsla, þróun og starfsþjálfun – Réttindi og skyldur á vinnumarkaði – Leiðtogafræði.

Verkefnastjórnun (fjarnám)
Áætlanagerð verkefna – Upplýsingatækni – Leiðtogaþjálfun – Framleiðsla og gæðastjórnun – Aðferðir við ákvarðanatöku. Náminu lýkur með alþjóðlegri IPMA-vottun.

Markaðssamskipti og almannatengsl
Markaðsfræði – Framkoma í fjölmiðlum – Sálfræði markaðssamskipta – Samhæfð markaðssamskipti – Nýmiðlun.
Í samstarfi við ÍMARK, Almannatengslafélag Íslands og SÍA.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Rósa og Halldóra þekkja báðar vel til fötlunarmála og vissu að þörfin var til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skemmta sér og öðrum

Vinkonurnar Rósa Hrönn Árnadóttir og Halldóra Sigtryggsdóttir stýra afþreyingarklúbbnum Hrökkva & stökkva og bjóða fötluðu fólki upp á skemmtun í frístundum sínum. Klúbbnum hefur verið tekið fagnandi.

Afþreyingarklúbburinn Hrökkva & stökkva, sem er ætlaður fólki með fötlun, tók til starfa fyrir ári og hefur göngu sína á ný á næstu dögum. Þroskaþjálfinn Rósa Hrönn Árnadóttir og grunnskólakennarinn Halldóra Sigtryggsdóttir standa fyrir klúbbnum. Þær fengu strax góð viðbrögð og segja eftirspurnina mikla.

Klúbburinn er ætlaður öllu fötluðu fólki og leitast þær Rósa og Halldóra við að bjóða því upp á alls kyns skemmtun í frístundum. „Fólkið kemur á eigin forsendum og skiptir tegund fötlunar ekki máli. Sumir komast ekki frá heimilum sínum nema í fylgd með starfsfólki en við útvegum alla þá aðstoð sem þarf," segir Rósa „Í vetur munum við grilla í Heiðmörk, fara á kaffihús með lifandi tónlist, fá okkur léttan „dinner", taka myndir og halda myndasýningu, fara í keilu eða á skauta og gera eitthvað jólalegt þegar fer að líða að jólum svo dæmi séu nefnd." Rósa segist leitast við að velja athafnir sem krefjist virkrar þátttöku. „Við takmörkum okkur ekki bara við bíó og kaffihús eins og oft vill verða."

Hingað til hefur klúbburinn aðallega verið sóttur af fólki sem er átján ára og eldra en þær Rósa og Halldóra fengu eindregnar óskir um að þjónusta líka eldri börn og unglinga. Í vetur verður því boðið upp á unglingahóp.

Rósa og Dóra höfðu lengi leitað að verkefni til að vinna að saman áður en þær duttu niður á klúbbinn. „Við erum góðar vinkonur og langaði að gera eitthvað krefjandi en um leið skemmtilegt saman. Við þekkjum báðar vel til fötlunarmála og fannst þetta kjörið tækifæri auk þess sem við vissum að þörfin var til staðar. Okkur finnst þetta alveg svakalega gaman sem ég held að skipti höfuðmáli og geri starfið betra," segir Rósa.

Hóparnir á haustönn munu hittast hálfsmánaðarlega frá september og fram til jóla en nánari upplýsingar er að finna á www.stokkva.is.

vera@frettabladid.is

Hnattvæðing breytt viðskiptaumhverfi

Endurmenntun Háskóla Íslands heldur í samstarfi við Borgarleikhúsið námskeið um Enron.

Námskeiðið hefst á tveimur fyrirlestrarkvöldum og lýkur með forsýningu leikverksins og umræðum.

Námskeiðið hefst 14. september á fyrirlestri lögmannsins Páls Ásgeirs Davíðssonar þar sem kynntar verða helstu kenningar um tilgang fyrirtækja og fjallað verður um áhrif fyrirtækja í samfélaginu til góðs og ills. Skoðað verður hvernig hnattvæðing ásamt aukinni vitund um áhrif fyrirtækja hefur gerbreytt nútíma viðskiptaumhverfi. Þá verður farið yfir bakgrunn Enron-málsins og hvernig leikritið tekur á því.

Seinna kvöldið, þann 16. september, munu síðan aðstandendur sýningarinnar, Stefán Jónsson, leikstjóri og leikmyndahönnuður, og fleiri kynna verkið og bakgrunn þess.

Á lokakvöldi námskeiðsins þriðjudagskvöldið 21. september er frumsýning leikverksins Enron. Að sýningu lokinni gefst þátttakendum tækifæri til að ræða leikgerðina við listræna stjórnendur og leikara.

Skráningarfrestur er til 6. september. *- mmf*

Leikritið Enron verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 23. september.

Skráðu þig núna á
www.opnihaskolinn.is
eða hafðu samband við okkur í síma 599 6353

HRÓLFUR JÓNSSON heldur tvenna tónleika í garðinum heima hjá sér á Bjarkargötu á menningarnótt. Tónleikarnir verða klukkan 18 og 20. Þá verður hann með opið hús og býður upp á rabarbarasaft.

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consúll, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður , Höskuldur Frímannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.

Ferðamálaskóli Íslands **Opið 8-22**

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Það kom Sólveigu Hólmarsdóttur á óvart þegar kreppan skall á hversu vel listaverk hennar lýstu ástandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjötrar og frelsi efnishyggjunnar

Sólveig Hólmarsdóttir listakona hóf gerð níu mósaíkverka nokkrum árum fyrir hrun. Verkin eiga vel við í dag og lýsa fjötrum efnishyggjunnar. Sólveig opnar sýningu á verkunum í listasal Iðuhússins í dag.

„Sýningin heitir Fjötrar og þetta eru hugleiðingar mínar um umrót í íslensku samfélagi á allra síðustu árum," segir Sólveig Hólmarsdóttir listakona. „Ég var byrjuð á verkunum fyrir hrun. Þegar hrunið skall á þá horfði ég á verkin og trúði þessu ekki. Ég var bara farin að skynja hraðann."

Síðustu fjögur ár hefur Sólveig verið að vinna að mósaíkverkunum níu á sýningunni. Verkin voru hálfkláruð þegar hrunið skall á. Sólveig tekur nokkur dæmi um verk á sýningunni: „Eitt verkið er um Rauðhettu og úlfinn sem er með körfu fulla af peningum. Skykkjan er rauð eins og Rauðhetta og úlfsandlitið, tvíhöfði í sömu skykkjunni. Þetta er svona spurning, ert þú Rauðhetta eða úlfurinn? Annað verkið heitir Fylgihlutir og sýnir hjón sem halda á vír á milli sín með bíl og öllu því sem við þurfum að hafa í þjóðfélaginu. Svo er karl uppi á peningahrúgu en verkið heitir Ofsalega er hann hár og myndarlegur," upplýsir Sólveig.

Hún segir að í einu verkinu sé maður sem dregur heiminn á eftir sér og er með þyrnikórónu á hausnum. „Þetta er byrðin og hann er með allar áhyggjur heimsins á herðum sér. Svo er ein að fæða hús og annar ber hús á bakinu."

Sólveig segir sýninguna fjalla um fjötra efnishyggjunnar. „Hvernig hún getur fest okkur og veitt okkur frelsi. Hvað var eiginlega að gerast hérna? Þetta eru spurningar og vangaveltur. Mikið er lagt í sýninguna og verkin eru mjög stór."

Sýningin opnar í listasal Iðuhússins í dag klukkan fjögur og stendur til níunda september.

martaf@frettabladid.is

Gleði og hamingja í Vindáshlíð 27.-29. ágúst 2010

Gleðitónar **Rósa Jóhannesdóttir,** fiðluleikari

Hlátur **Ásta Valdimarsdóttir,** hláturambassador

Verið glöð **Sr. María Ágústsdóttir**

Hamingjan er best af öllu í sköpunarverkinu **Lára Sch. Thorsteinsson,** verkefnastjóri

Messa **Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir**

Verð aðeins 10.900 krónur með gistingu, dagskrá og fullu fæði.
Nánari upplýsingar á *www.kfum.is* - Bókanir í síma 588 8899

VERÐ-SPRENGJA!

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Hjá skröddurum

GESTIR MENNINGARNÆTUR GETA LITIÐ INN Á SAUMAVERKSTÆÐIÐ SKRADDARANN Á LINDARGÖTU Í KVÖLD.

Saumaverkstæðið Skraddarinn á Lindargötu 38 verður opið milli klukkan sjö og níu í kvöld.

Hvort saumamaskínur verða í gangi hjá Skraddaranum á horni Vatnsstígs og Lindargötu skal ósagt látið en þeir Árni Gjærdbo, klæðskeri og eigandi verkstæðisins og Kjartan Ágúst Pálsson nemi í greininni taka örugglega vel á móti gestum og gangandi í kvöld.

- gun

Klæðskerinn Árni og neminn Kjartan Ágúst verða með opið hús. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hlutverkasetur slær upp trommuhring fyrir utan Janusbúðina á Laugavegi 25 milli 15 og 16 í dag. Ætlunin er að vekja athygli á Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun.

hlutverkasetur.is

Útibússtjóri á Selfossi

Við leitum að metnaðarfullum og kraftmiklum útibússtjóra á skrifstofu okkar á Selfossi. Í boði er spennandi og krefjandi starf hjá framsæknu félagi sem hefur á að skipa öflugum og samhentum hópi starfsmanna.

Helstu verkefni:
- Umsjón og ábyrgð með þjónustu og rekstri útibúsins
- Markaðssetning og áætlanagerð
- Ráðgjöf, sala og þjónusta til viðskiptavina
- Ábyrgð á umboðum og þjónustuaðilum á svæðinu.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Þjónustulund og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af fjármála- eða vátryggingastarfssemi er kostur.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2010. Umsóknir skulu fyllast út á www.sjova.is merkt „Útibússtjóri á Selfossi“. Nánari upplýsingar veita Jón Birgir Guðmundsson, forstöðumaður útibúa og umboða, jonbirgir@sjova.is, sími 440 2385 og Guðrún Inga Guðlaugsdóttir, fræðslustjóri, gudrun.gudlaugsdottir@sjova.is, sími 440 2327.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0467

Sjóva er leiðandi félag sem leggur metnað sinn í að tryggja verðmætin í lífi fólks. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.

SJÓVÁ

Landsbankinn

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 37 útibú og afgreiðslur um land allt.

Mannauðsstjóri

Landsbankinn auglýsir starf mannauðsstjóra laust til umsóknar. Starfið felur í sér áherslu á metnaðarfulla mannauðsstefnu og góða fyrirtækjamenningu. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi til að annast þetta ábyrgðarmikla og fjölbreytta starf.

Helstu verkþættir:
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málum
- Stuðla að traustri fyrirtækjamenningu
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni
- Umsjón með starfsþróunarmálum
- Mat á mannaflaþörf og umsjón með ráðningum
- Ábyrgð á gerð starfslýsinga og starfssamninga
- Þátttaka í mótun og framkvæmd launastefnu

Hæfniskröfur og eiginleikar:
- Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er æskileg
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar er nauðsynleg
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veita:
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is
og Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

POLARN O. PYRET

Barnafataverslun

Barnafataverslunin POLARN O. PYRET selur vandaðan barnafatnað á 0–11 ára.

Við leitum að liðsmanni í góðan hóp starfsmanna okkar til að þjónusta viðskiptavini, stilla fram vörum í verslun og taka á móti sendingum ásamt öðru því sem til fellur.

Leitað er eftir jákvæðum og skipulögðum einstaklingi sem hefur til að bera starfsgleði, fumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og þjónustulund. Reynsla af verslunarstörfum skilyrði og kostur ef viðkomandi er eldri en 30 ára.

Um er að ræða 80–90% starf í verslun okkar í Smáralind auk vinnuframlags aðra hvora helgi.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslununum í Kringlunni og Smáralind. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

POLARN O. PYRET

Umsjónamaður Húseigna
Maintenance Technician

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Umsjónamanns Húseigna í tímabundið hlutastarf.

Umsóknarfrestur er til 3 september 2010. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a part-time temporary-position of Maintenance Technician. **The closing date for this postion is September 3, 2010.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

Sölumaður í verslun

Start tölvuverslun rekur glæsilega tölvuverslun í Bæjarlind 1 í Kópavogi. Við leitum að sölumanni í verslun okkar með reynslu og þekkingu af tölvuvörum. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund. Reglusemi og stundvísi er skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 29. ágúst 2010

Umsóknir óskast sendar á atvinna@start.is

start TÖLVUVERSLUN

Capacent Ráðningar

INNKAUP - SÉRFRÆÐINGUR

Elkem

Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblendi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Framleiðsla og starfsemi Elkem er knýjandi afl í vitundarvakningu almennings í umhverfismálum. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika innan sem utan hefðbundinna viðskiptasviða. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Elkem Ísland ehf. leitar að öflugum einstaklingi til starfa við hráefnainnkaup hjá félaginu. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra innkaupasviðs.

Starfssvið
- Innkaup á hráefnum og tengdum aðföngum fyrir magnesíum kísiljárnframleiðslu Elkem á Íslandi
- Umsjón með flutningum frá framleiðenda
- Skipulag geymslu á hráefnum innan og utan athafnasvæða Elkem á Íslandi
- Gerð notkunaráætlana fyrir hráefni í samstarfi við framleiðslu
- Áhættugreining innkaupa
- Þarfagreining í aðfangaöflun og birgðastýring
- Þátttaka í samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, rekstrarfræði eða skyldum tæknigreinum.
- Reynsla í samningagerð er kostur
- Reynsla af stjórnun aðfangaöflunar hjá stóru fyrirtæki æskileg
- Gott vald á tölfræðilegri greiningu gagna
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta, kunnátta í Norðurlandamáli kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Elkem Ísland ehf. er staðsett á Grundartanga, sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SPENNANDI STARF Á SVIÐI STARFSENDURHÆFINGAR!

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Starfsendurhæfingarsjóður leitar að sérfræðingi/ráðgjafa til að vinna að fjölbreyttum verkefnum á sviði starfsendurhæfingar. Um er að ræða bæði ráðgjöf til einstaklinga á mismunandi starfsstöðvum og vinnu við ýmis þróunarverkefni hjá sjóðnum. Hér gefst einstakt tækifæri til að vinna að uppbyggingu, þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Um er að ræða mjög krefjandi starf.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi (t.d. á sviði sálfræði, náms- og starfsráðgjafar, iðjuþjálfunar, sjúkraþjálfunar, félagsráðgjafar eða hjúkrunar)
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði ráðgjafar
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð skipulags- og samskiptahæfni
- Leiðtogahæfileikar og jákvætt viðmót
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð

Að Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og viðeigandi úrræðum. Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins **www.virk.is**

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Starfið heyrir beint undir forstjóra.
Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi og helstu viðskiptavinir þess eru alþjóðleg fyrirtæki. Breytingar á alþjóðlegum raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Verksvið framkvæmdastjóra er að:
- Tryggja hagkvæmustu fjárbindingu í rekstrarlegum eignum
- Annast daglega fjárstýringu og tryggja hagkvæmustu niðurstöðu
- Annast greiningu og stýringu á fjárhagslegri áhættu bæði vegna skuldbindinga sem fela í sér fjárhagslega hagsmuni og viðskiptalega áhættu
- Bera ábyrgð á uppgjöri og fjárhagslegri skýrslugerð til stjórnar og stjórnenda

Menntunarkröfur og reynsla:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálastjórnun hjá stóru fyrirtæki
- Reynsla af fjármögnun og samskiptum við innlendar sem erlendar fjármálastofnanir
- Reynsla af stjórnun og samningagerð

Leitum að einstaklingi sem hefur:
- Leiðtogahæfileika
- Stefnumótandi hugsun
- Yfirgripsmikla fjámálareynslu
- Greiningarhæfni
- Mjög góða samskiptahæfileika
- Mjög góða enskukunnáttu

Í boði er:
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞRÓUNARSVIÐS

Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra þróunarsviðs. Starfið heyrir beint undir forstjóra. Breytingar á rekstrarumhverfi Landsvirkjunar skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Þess vegna hefur verið ákveðið að stofna nýtt svið, þróunarsvið. Innlend starfsemi dótturfélagsins, Landsvirkjunar Power, verður færð á nýja sviðið.

Verksvið þróunarsviðs er:
- Þróun virkjunarkosta
- Leyfisveitingar fyrir virkjanir
- Tryggja hagkvæma útfærslu á virkjunarkostum
- Auka sveigjanleika í orkuframleiðslu
- Nýsköpun í orkuframleiðslu
- Langtímayfirsýn yfir orkuforða
- Tryggja bestu vinnubrögð og stuðla að aukinni þekkingu

Menntunarkröfur og reynsla:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af undirbúningi framkvæmda
- Reynsla af nýsköpun og þróun
- Reynsla af stjórnun og samningagerð
- Reynsla af stefnumótun

Leitum að einstaklingi sem hefur:
- Leiðtogahæfileika
- Skapandi hugsun
- Greiningarhæfni
- Mjög góða samskiptahæfileika
- Mjög góða enskukunnáttu

Í boði er:
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Krefjandi verkefni

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

Námsráðgjafi – afleysing

Menntaskólinn Hraðbraut leitar eftir einstaklingi til að leysa námsráðgjafa af í fæðingarorlofi. Um er að ræða 50% starf í eitt ár. Reynsla sem náms- og starfsráðgjafi úr framhaldsskóla er kostur.

Umsóknir sendast til Sigríðar Þrúðar Stefánsdóttur, aðstoðarskólastjóra í netfangið sigridur@hradbraut.is

Umsóknarfrestur er til 28. ágúst.

Saumastofa ÖBÍ

Saumakona með reynslu af almennum saumaskap, sniðagerð og öðru sem snýr að saumaskap óskast til starfa hjá Saumastofu ÖBÍ í Hátúni 10. Áhugi á sölumennsku og samskiptum við viðskiptavini er æskilegur kostur.

Leiðbeinandi -Ræstingar

Leiðbeinandi óskast til starfa í ræstingadeild Vinnustaða ÖBÍ í Hátúni 10. Vinnan felst í verkstjórn 4-5 starfsmanna ásamt vinnu með þeim. Vinnutíminn er kl. 8-12 virka daga.

Vinnustaðir ÖBÍ bjóða upp á góða vinnuaðstöðu á þægilegum vinnustað. Áhugasamir sendi tölvupóst á thorsteinn@vobi.is ,
Þorsteinn (skrifstofa) eða Harpa (saumastofa) s. 552 6800

Störf á Suður - Grænlandi

Angel Minig plc. óskar eftir að ráða vélvirkja eða menn vana vinnuvéla viðgerðum til viðgerða og viðhalds á námutækjum sem notuð eru við gullvinnslu

Unnið er í 6 vikur og 3 vikur í frí, laun samkvæmt samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar veitir Óskar Guðmundsson sími 899 0448 eða 421 2799.

Ferilskrá óskast send á:
Oskar.gudmundsson@angelmining.com
Ture.groenlund@angelmining.com
Tim.daffern@angelmining.com

Capacent Ráðningar

RÁÐUNEYTISSTJÓRI

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fer með mál er varða efnahagsmál, viðskiptamál og málefni fjármálamarkaðar.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið auglýsir embætti ráðuneytisstjóra laust til umsóknar. Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar í embættið til fimm ára.

Um embættið gilda lög um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969, með síðari breytingum, og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði eða sambærilegu námi
- Þekking og reynsla á verkefnasviði ráðuneytisins
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Um er að ræða fullt starf sem skipað verður í hið fyrsta. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Með vísan til jafnréttislaga eru konur jafnt sem karlar hvattar til þess að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
ATH. umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 6. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um embættið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að sinna embættinu.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

HUGSAR ÞÚ Í LAUSNUM?

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Framundan á upplýsingatæknisviði er mikil uppbygging gagnagrunna, ásamt því að efla markvissa notkun þeirra og auka viðskiptagreind. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Upplýsingatæknisvið býður upp á krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing í viðskiptagreind (Business Intelligence) á upplýsingatæknisvið til að styrkja góðan hóp starfsmanna. Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á viðskiptagreind, er með hæfileika til að vinna með viðskiptaeiningum, greina þarfir þeirra og útfæra lausnir. Þekking og reynsla af uppbyggingu á vöruhúsi gagna ásamt reynslu af helstu Microsoft tólum á þessu sviði er kostur.

Starfssvið

- Þróun á vöruhúsi gagna og gagnamódeli FME
- Uppbygging á viðskiptagreind (Business Intelligence)
- Greining á notkun gagna með viðskiptaeiningum
- Skýrslugerð og úrvinnsla gagna
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af notkun og uppbyggingu á vöruhúsi gagna
- Mikill áhugi og þekking á viðskiptagreind
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL Server, Analysis Services, Integration Services, Reporting Services og Visual Studio æskileg
- Frumkvæði, jákvæðni, kraftur, nákvæmni og skipulagni í vinnubrögðum
- Hæfni til að vinna bæði sjálfstætt sem og í hóp

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

800 7000 – siminn.is

Hugbúnaðarþróun og rekstur

Við viljum efla hópinn

Hugbúnaðarþróun og rekstur leitar að öflugum sérfræðingum til að takast á við ögrandi framtíðarverkefni.

Hugbúnaðarþróun og rekstur er deild innan Símans sem vinnur skv. Agile aðferðafræðinni og notar Scrum og Kanban í verkefnum sínum. Verkefni deildarinnar eru afar fjölbreytt, bæði á sviði innri og ytri starfsemi, og tengjast grunnkerfum (símstöðvar, sjónvarpskerfi, viðskiptakerfi) eða vörum og þjónustum Símans.

UNIX-Kerfisstjóri

Starfslýsing:
Starfið felst í rekstri á ýmsum upplýsingatæknikerfum Símans. Unnið er með fjölmörgum deildum innan Símans sem sinna meðal annars hugbúnaðarþróun og framsetningu fyrir notendur. Leitað er að aðila með reynslu af rekstri á svipuðum kerfum.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða öðrum raungreinum eða önnur sambærileg menntun.
- Mjög góð þekking á Linux ásamt reynslu af rekstri upplýsingatæknikerfa.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð þekking á Internetstöðlum og þjónustum.
- Frumkvæði ásamt öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Æskileg reynsla:
- Þekking og reynsla af HP-UX, AIX, Solaris.
- Þekking af Open Source hugbúnaði, svo sem Bind, Apache vefþjónum og Tomcat.
- Reynsla af hýsingu netþjóna í vélasölum.
- Þekking á ITIL og nýlegum stöðlum er kostur.

Samþætting kerfa

Starfslýsing:
Starfið felst m.a. í að samþætta hin ýmsu upplýsingakerfi Símans til að auðvelda flæði upplýsinga og efla sjálfsafgreiðslu.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.
- Reynsla á sviði samþættingar upplýsingakerfa, þar sem notuð eru ferlatól á borð við Tibco Business Works og Webmethods.

Scrum master

Starfslýsing:
Starfið felst í stýringu Scrum hópa, greiningu verkefna og mótun vinnuferla.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af stýringu hugbúnaðarverkefna.

Viðmótsforritun

Starfslýsing:
Starfið felst m.a. í að forrita virkni fyrir ytri og innri vefi Símans með tengingum við vefþjónustur eða gagnagrunna.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði
- Reynsla af viðmótsforritun (html, CSS, Javascript, Spring), Java og vefþjónustum.

Almennar hæfniskröfur til umsækjenda eru sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni til mannlegra samskipta

Hjá Símanum er lögð mikil áhersla á góðan starfsanda, velferð starfsmanna og hvetjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Í boði er sveigjanleiki í vinnutíma og tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2010

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga.
Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM43230

» Ráðningarþjónusta

Forritari/Verkefnastjóri

Sérhæft hugbúnaðarfyrirtæki sem þjónustar mörg af stærri fyrirtækjum landsins óskar eftir að ráða forritara/verkefnastjóra til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða.

» Starfssvið

- Hugbúnaðarþróun
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina

» Hæfniskröfur

- Menntun/reynsla á sviði hugbúnaðargerðar
- Reynsla af viðskiptahugbúnaði kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Capacent Ráðningar

ÞJÓNUSTUSTJÓRI

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

Dekkjahöllin er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið í rekstri í yfir 25 ár. Í dag er fyrirtækið með hjólbarðaþjónustu, smurstöð og þvottastöð á Akureyri og hjólbarðaþjónustu og smurstöð á Egilsstöðum og í Reykjavík. Fyrirtækið flytur inn dekk, felgur og fleiri fylgihluti, sem seldir eru í smásölu og heildsölu.

Dekkjahöllin í Reykjavík leitar að þjónustustjóra.

Starfið felst í daglegri umsjón með þjónustustöð fyrirtækisins í Reykjavík. Viðkomandi sér um að taka á móti viðskiptavinum, hefur umsjón með þjónustustöð, deilir niður verkefnum og sér um sölu, afgreiðslu og reikningagerð. Æskilegt er að viðkomandi geti jafnframt aðstoðað á verkstæði.
Vinnutími er samkomulagsatriði, en opnunartími þjónustustöðvarinnar er frá 8:00-18:00 virka daga og 10:00-14:00 á laugardögum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun í bifvélavirkjun eða reynsla á sviði bifreiða- eða hjólbarðaþjónustu æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð þjónustulund, fagleg framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

KPMG

KPMG starfar í neti alþjóðlegra fyrirtækja. Á Íslandi starfa tæplega 240 manns hjá KPMG og er hópurinn skipaður sérfræðingum af öllum sviðum viðskipta.

KPMG leitar að sterkum liðsmönnum í öflugt teymi upplýsingatæknideildar. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi í alþjóðlegu umhverfi.

KERFISREKSTUR

Starfssvið
- Þátttaka í rekstri og þróun upplýsingakerfa félagsins í nánu samstarfi við erlenda samstarfsaðila ásamt úrvinnslu flóknari þjónustubeiðna
- Skjölun kerfa og verkferla
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Yfirgripsmikil þekking á kerfisrekstri
- Vottuð Microsoft þekking ásamt grunnþekkingu á einhverju forritunarmáli kostur

NOTENDAÞJÓNUSTA

Starfssvið
- Almenn þjónusta við notendur og úrvinnsla þjónustubeiðna
- Utanumhald og eftirfylgni vegna notendaþjónustu
- Ýmis verkefni tengd vöktun, skýrslugerð og daglegum kerfisrekstri
- Fræðsla og gerð notendaleiðbeininga

Menntunar- og hæfniskröfur
- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Góð almenn tölvuþekking og reynsla af þjónustustörfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Helstu kerfi: Windows 2003/2008 netþjónar, Windows 2008 file service, Active Directory, DNS, DHCP, SharePoint, SQL Server 2005/2008, Exchange 2003/2010, System Center tólunum (SCCM, SCOM, SCSM) og WebSense.

Umsjón með störfunum hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfin.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Fjölskylda í Kópavogi óskar eftir aðstoð við heimilisstörf og þrif um 4 tíma á dag eftir hádegi. Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar á netfangið kopavog@gmail.com

A family in Kópavogur seeks domestic help for 4 hours pr day, in the afternoon. Please send information to kopavog@gmail.com

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Sérfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar

Heilbrigðisráðuneytið

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu yfirstjórnar ráðuneytisins. Skrifstofa yfirstjórnar annast samþættingu á starfsemi ráðuneytisins, auk sérstakra átaksverkefna svo sem viðvíkjandi breytingastjórnun. Skrifstofan sér um skipan stjórna, nefnda og ráða á vegum ráðuneytisins og fjallar einnig um rannsóknir og nýsköpun og önnur sóknarfæri í heilbrigðisþjónustu.

Starfssvið: Starfið fellst í sérfræðivinnu á skrifstofu yfirstjórnar, m.a. stefnumótun, verkefnisstjórnun, undirbúningi og framkvæmd skipulagsbreytinga, afgreiðslu ýmissa erinda og öðrum verkefnum sem undir skrifstofuna og ráðuneytið heyra.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun sem nýtist í stafi eða sambærileg menntun. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af verkefnisstjórnun og áætlanagerð og hæfni til að leiða stefnumótun, undirbúning og framkvæmd skipulagsbreytinga. Gerð er krafa um góða tölvukunnáttu, góða íslenskukunnáttu, góða enskukunnáttu og kunnáttu í einu öðru Norðurlandamáli. Nauðsynlegt er að umsækjandi búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum, geti unnið undir álagi og sjálfstætt. Þá er æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á starfsemi og rekstri ríkisstofnana og þekkingu á stjórnsýslunni.

Um er að ræða fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veita Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri (berglind.asgeirsdottir@hbr.stjr.is) og Sigurjón Ingi Haraldsson, skrifstofustjóri (sigurjon.ingi.haraldsson@hbr.stjr.is).

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist heilbrigðisráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík eða á postur@hbr.stjr.is eigi síðar en 5. september 2010.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3300 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

Umsjónarmaður fasteignar

Marel óskar eftir að ráða til starfa umsjónarmann fasteignar til að halda utan um rekstur, eftirlit og viðhald höfuðstöðva fyrirtækisins að Austurhrauni 9 í Garðabæ. Húsnæðið er 19.200 fm og í því starfa um 400 manns.

Í starfinu felst:
- Umsjón með almennu viðhaldi og breytingum
- Gerð samninga við verktaka vegna viðhalds, öryggisþjónustu og ræstinga
- Umsjón og eftirlit með þjónustu verktaka
- Gerð kostnaðaráætlana
- Umsjón með innkaupum og ráðstöfun húsbúnaðar
- Umsjón aðgangs-og öryggiskerfis
- Minniháttar viðhald og viðgerðir

Hæfniskröfur:
- Iðnmenntun eða sambærileg menntun
- Reynsla af rekstri og svipuðum umsjónarstörfum er kostur
- Framtakssemi og sveigjanleiki
- Jákvætt viðhorf og þjónustulund
- Skipulag og nákvæmni í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Snorri Þorkelsson, snorri.thorkelsson@marel.com, í síma 5638000.

Umsóknarfrestur er til og með 30 ágúst nk.
Vinsamlegast sækið um starfið á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs

www.marel.com | marel

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Markmið Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

Vefstjóri

Íslandsstofa óskar eftir vefstjóra til þess að hafa umsjón með innlendum og erlendum vefjum m.a. tengdum landkynningu, útflutningi, erlendum fjárfestingum og almennri upplýsingagjöf stofunnar. Um er að ræða nýtt starf.

Helstu verkefni:
- Daglegt viðhald og stýring á vefjum og vefverkefnum
- Ritstjórn vefja og innsetning á efni
- Þróun, samþætting og þarfagreining á vefjum og vefverkefnum
- Markaðssetning vefja

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnáttu, önnur tungumál eru kostur
- Haldgóð þekking á vefumsjónarkerfum
- Reynsla af markaðssetningu á Internetinu
- Gott auga fyrir hönnun og framsetningu á efni
- Góð samskipta- og skipulagshæfni

Upplýsingar veitir:
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

STARFATORG.IS

VW Golf 1600, 9/2003, comfort, ek 98 þús, ný tímareim, Áhvíl 560 þús, verð 790 þús. uppl. 862-9535.

Til sölu Suzuki Baleno árg. ,98 sjsk. nýsk. ek. 132 þús. V. 350 þús. S. 893 5517.

Skoda Octavia 4x4 station, diesel, beinskiptur. Bíll sem eyðir litlu. Ekinn um 55 þús. 2008 árgerð. Ásett verð 3.150 þ. Fæst á 2.800 þ. Uppl. í síma 660 0288.

TOYOTA AVENSIS SJÁLFSSKIPTUR ÁRGERÐ 2001. GRÁSANSERAÐUR. SKOÐAÐUR. EKINN 212 Þ.KM. ÁSETT VERÐ 790 ÞÚSUND. SKIPTI Á ÓDÝRARI HUGSANLEG. S. 895 8956.

LEXUS IS 250. ÁRGERÐ 2006. EINN EIGANDI. SJÁLFSSKIPTUR. LITUR: LJÓSGRÁR METALLIC. SVÖRT LEÐURINNRÉTTING. SÓLLUGA . EKINN 45 Þ.KM. VERÐ 3.990.000.- S. 895 8956.

Sprinter 316 árg‘05, ek. 155þús. Gjaldmælir og talstöð geta fylgt ásamt hlutabréfi í sendibílastöð. Upplýsingar gefur JR bílasalan í S. 567 0333

Honda Jazz 2005

Sjsk. ek. aðeins 33 þús. Krókur, spoiler, álfelgur. Lofkæling o.m.fl. V. 1.490 þús. Uppl. í s. 895 0010.

Bílaútsölur framleiðenda í USA. Nú færðu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Eigum einnig heimkomna sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge og öðrum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000

Audi Q7,07,ek.49000,4,2 350 ho,svartur,20 dekk,Loftpúðafjöðrun,side assist, advaced key,bluetooth,navigation,bose sound system,adaptive lights,og fl.fl. V.7.3 s:7722766

CHEVROLET SILVERADO 2500 DISEL DURAMAX. Árgerð 2005, ekinn 136 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.390.000.Snilldar lán getur fylgt með, lán 2.900.000 afborgun 48 þ. Rnr.151823.

Mitsubitsi Pajero árg.‘97, ek.162þús. Bensin bill. Tílboð 480þús. Uppl. í s. 857 3052.

Peugeot 306 98‘. Ek. u.þ.b. 160þ. Vetrard. fylgja. Staðgr. 300þ. 899 9784 564 2331.

Toyota Hiace árg. ,06 ek. 80 þús. V. 1.650 þús. Engin skipti. S. 694 8448.

Til sölu VW FOX BACICLINE, árg. ,07,ekinn 83.þ.km. 2.dyra,5 gíra b.sk.Ný skoðaður og flottur í skólann.V.1.090. Uppl. í s. 896-0593.

MYND/KRAMHÚSIÐ

Bollywood-dansinn er ástar- og gleðidans sem ættaður er frá Indlandi.

Dunandi tónlist og dans

Kramhúsið mun óma af tónlist og dansi úr öllum heimshornum stafna á milli og út á strætin í kring í dag milli klukkan hálf þrjú og hálf sex. Fólk er hvatt til að taka þátt í Bollywood- og Balkandönsum.

„Það verður afslappað og skemmtilegt hjá okkur í Kramhúsinu á Skólavörðustíg í dag. Hér verða bæði danssýningar og danskennsla fyrir börn og fullorðna á efri hæðinni," segir Þórunn Ásdís Óskarsdóttir í Kramhúsinu sem verður með opið hús frá klukkan 14.30 til 17.30.

„Fyrst verður létt Bollywood-danskennsla klukkan 14.45 með Margréti Erlu Maack," segir Þórunn og lýsir dansinum nánar fyrir fáfróðum blaðamanninum. „Þetta er indverskur gleðidans, svolítið líkur magadansi." Hún segir Bollywood-dans njóta mikilla vinsælda en þarf ekki helst að mæta í indverskum sari til að falla inn í steminguna? „Nei, nei," flýtir Þórunn Ásdís sér að svara. „Stelpurnar sem dansa hann hér reglulega eru oft í mussum og pilsum en í dag kemur fólk inn af götunni til að prófa og er að sjálfsögðu bara í sínum venjulegu fötum," tekur hún fram.

Breikdanshetjan Natasha tekur góða breikdansæfingu klukkan 15.45 og í framhaldinu sýnir kennarinn Ragna Þyri nútímalega götudansa. Um hálf fimm birtist á gólfinu dansparið Bryndís og Hany og kynna hinn seiðandi tangó. „Svo verður líf fjör á gólfinu í Balkandönsum með Vesku, kennaranum okkar frá Búlgaríu, klukkan 17," segir Þórunn Ásdís. „Þá eru allir velkomnir á gólfið. Balkan er svona sígaunadansar, alls konar hringdansar sem dansaðir eru við austur-evrópska tónlist."

Þetta hljómar allt vel og ekki spillir að í kjallara Kramhússins verða Leynifélagsfundir með þeim Brynhildi Björnsdóttur og Kristínu Evu Þórhallsdóttur á hálftíma fresti frá 14.30. Þær segja frá og leyfa gestum að heyra fáheyrð íslensk barnalög við undirleik Vignis Stefánssonar. Stundin varir í fimmtán mínútur og er ætluð leynifélögum á öllum aldri.

gun@frettabladid.is

Edda Björg Eyjólfsdóttir ætlar að halda fatamarkað í garðinum heima hjá sér í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Máta föt og hlusta á ljúfa tóna í garði

Edda Björg Eyjólfsdóttir vonast til að fá sem flesta í heimsókn á fatamarkað sem verður í garðinum heima hjá henni í dag.

„Ég er búin að taka saman og sitja á ansi góðu safni af skemmtilegum fötum sem að ég vil bara leyfa öðrum að njóta," segir Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona. Hún og Ragna Sara Jónsdóttir ætla að halda fatamarkað og garðsölu í garði Eddu Bjargar í Miðstræti 5 í dag.

„Maðurinn minn, Stefán Már Magnússon, ætlar að fara út með plötuspilarann og spila ljúfa tóna," upplýsir Edda Björg og bætir við það hafi oft komið til tals að það gæti verið skemmtilegt að halda markað úti í garði. „Og þá er þetta einmitt dagurinn til þess."

Það mun kenna ýmissa grasa á markaðnum að sögn Eddu Bjargar. „Föt, skór og glingur, og lítið barnahjól og pollagalli á krakkana. Það verður bara hægt að koma og tylla sér og hlýða á ljúfa tóna á meðan konan „dressar" sig upp og jafnvel að karlinn fái jakka eða svo."

Markaðurinn verður opinn frá ellefu til fjögur.

Í fótspor Þórbergs

GENGIÐ VERÐUR UM SÖGUSLÓÐIR ÞÓRBERGS ÞÓRÐARSONAR Í VESTURBÆ REYKJAVÍKUR ANNAÐ KVÖLD OG STANSAÐ VIÐ ÁHUGAVERÐA STAÐI.

Pétur Gunnarsson rithöfundur leiðir fróðleiksgöngu um söguslóðir Þórbergs Þórðarsonar í Vesturbæ Reykjavíkur annað kvöld. Gangan er meðal annars farin í tilefni af útkomu bókarinnar Meistarar og lærisveinar sem hefur að geyma áður óbirt ævisagnahandrit Þórbergs.

Þórbergur fluttist ungur til Reykjavíkur og ól þar síðan manninn til æviloka árið 1974. Í göngunni verða heimsótt nokkur örlagarík kennileiti á lífsgöngu meistarans þar sem þau er að finna á afmörkuðu svæði í Vesturbæ Reykjavíkur með Unuhús í miðpunkti.

Lagt verður upp frá húsakynnum Forlagsins að Bræðraborgarstíg 7 klukkan átta og endað á sama stað rúmri klukkustund síðar.

Unuhús er miðdepill í lífssögu Þórbergs.

Til sölu opel aztra station 97', keyrður 160 þús. Gott ástand og útlit. Sk. 11. Verð 250 þús. S. 660 2820.

Opel Vectra staition 2000 ek. 120þ. 1600 sjálfsk. Gott eintak, gott verð. S. 895 7662 & 690 6993.

Til sölu renault laguna 98', verð 150 þús. Þarfnast viðgerðar. S. 899 8417

M. Benz í skiptum fyri

M. Benz 280 CDI árg. ,07. Hlaðinn aukabúnaði. Óskast í skiptum fyrir ML 320, Toyta Land Cruiser eða Land Rover discovery. Ekki eldra en ,07. S. 891 6405.

Toyota Corolla Terra, 1600 vél, ssk, árg'06,ek.17þús.Silvurgrár,eins og nýr. V. 2.050þús. S. 557 4698 & 862 3950

0-250 þús.

Kerra heit galf L260 B130 góð dekk v. 270Þupl s 6909454 Óskaar

Gullmoli Renault Modus 06 ek.a-ðeins10þkm.með stærri vél v 1.499þkr s:6977685

Til sölu v/ flutninga: Hyundai Santa Fe V6 4X4, árg. 06, skoðaður 2011, ek. 129þ. Frábær bíll í alla staði, Ásett verð 2.2m, tilboð 1.8m. Ekkert áhvílandi. Uppl. í síma 698-0777

Toyota Touring 1995, ek. 253 þ. skoð-aður 2011, reglubundið viðh. og smur., krókur, ný framrúða og yfirfarnar bremsur, vetrardekk á felgjum fylgja. Uppl. 846 3209.

250-499 þús.

VW Passat árg.'98 Ekinn 175þ. Sjálfskiptur, nýskoðaður. Verð 490þús - s. 893 5568.

Opel Astra station 99" ekinn 168 þkm tilsölu beinsk,vél 1,6L,nýskoðaður athugasemdarlaust góður bíll,verð 390 þúsund staðgreitt. Uppl í síma 8204640.

500-999 þús.

Til sölu þetta Colemann Redwood 9 feta fellihýsi. 99árg 550þús. 825 7774.

opel zafira 12/00arg ek.152þus,sk.11 v:620þus s:6917752

Til sölu MMC PAJERO 1999. 2,8 Tdi. Sjálfskipting. Ekin- 211þús. S.8939032

1-2 milljónir

Toyota Aygo árgerð 06, sérstaklega sparneytin bíll. keyrður 42þús. Verð 1150 þúsund. Hafið samband: hall-uru@gmail.com eða síma 860 0227.

Renault megane, ág 04 Sk 11, ek 88þ, ásett verð 1490þ Tilboð! 1190þ s. 664 8888.

TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI 2005 árgerð, Ekinn 95.000 km, Beinskiptur TILBOÐ 1.100.000 kr Ásett verð 1.350.000 kr Hafið samband við Snævar í síma 865 0343.

2 milljónir +

Flottur bíll

BMW M5 árgerð 2001 Ek. aðeins 98.000 km, 400 hö, sko 2011 18" felgur, leður, filmur, stór skjár, flottur bíll. Ásett verð 3.390 þús, áhvílandi Ca 550 þús, ATH SKIPTI í hjól eða bíl. Uppl. í s. 693 5053.

Patrol 2004, 35" br, ekinn 86 þkm. Fallegur og vel með farinn. Uppl í 8211143.

Til sölu TOYOTA lc 120 árg 05 ekinn 125 þús 35 tommu breyttur snirtilegur bíll sími 8942255

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Corolla, Yaris eða Avensis óskast

Árg. 1998-2002 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

Óska eftir bíl á verðbilinu 80-100 þús. stgr. S. 615 3995.

ÓE bíl í góðu standi,sjask, skð 2011. Toyota, Honda, Suzuki, Hyundai, VW, Peugeot, Renault eða Citroen. 200-350 þús. 690-2409 (ekki eftir 22:00).

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

Óska eftir Land Crusier 90 árg. 2001-2002 Staðgreiðsla í boði fyrir góðan bíl Sími 896 6121.

Jeppar

Ford econoline 44" mikið breyttur 14 manna bíll Tilvalinn i túrista akstur, hópferðaleyfi og guide kerfi. s: 840 4151.

Mazda 3 árg. 2006 Ekin 103þ. Sjálfsk. Verð kr. 1.650þ. Skipti á ód. bíl í sama eða minni stærðarflokki möguleg. S. 8443501

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hópferðabílar

Iveco 4912 Turbo 19+1+1 árg'94 , ek. 283þ. Telma, loftstokkar, ofnar, loft-hurð, skoðaður. Þarfnast aðhlynningar. Ágætis húsbílaefni. Óska eftir góðum grindarbíl 30-35manna. s. 898 6581.

SG 441

MB 917, árgerð 1991, 30 manna Upplýsingar í síma 897 5976.

PT 841

Vario 614, árgerð 2001, 20 manna Upplýsingar í síma 897 5976.

Húsbílar

Til sölu hliðar+fylgihlutir (fortjald) fyrir húsbíl m/ 3m markísu. Uppl. í S. 840 3017

Mótorhjól

Til sölu KTM SX 125 árg 08 verð 500þús vel með farið og flott hjól UPPL: 899 1041

Honda FMX 650 2007 sk 2012, 7000km nýtt sett ad dekkjum ný smurt 750þ stgr s:825 6615.

KTM 250SXF krossari, 2007 árg, v. 530 þús, skoða skipti á bíl(t.d Yaris) s. 6949877

Til sölu Suzuki Dr 650 árg'01, ek aðeins 7500km. Uppl í s. 844 0478

Fjórhjól

Mikið úrval aukahluta fyrir fjórhjól og vélsleða. Msport hefur opnað verslun að Auðbrekku 10, kóp. Opið 17:30 - 20:00 alla virka daga. www.msport.is

Jianshe Mountain Lion 400cc 4x4. Mountain Lion Fjórhjól. Skráningarár: 2007. Camo 4X4. Lítið notað. V. 450 þús. Uppl. í s. 866 9299.

Can-Am Outlander 800 MAX XT 2008 til sölu. Ekið 3.400 km. Hiti í handföngum, spil og fl. Verð 2.450.þús. tilboð 2.150. þús.kr. Bein sala. Sími 894 4708.

Vespur

Til sölu JM-STAR vespa 50cc, árg.2009, ek.1200km, hjálmur og yfirbreyðsla fylgja með. Verð 190þús. uppl. 8628775

Kerrur

Humbaur álkerrur

Innanmál 251x131x35 cm.13" dekk. Burðargeta 581 kg. Heildarþyngd 750 kg.Verð 242.356 kr.Hægt er að fá lok á kerruna.Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:517-7718

Til sölu farangurskerra,burðarmikil og þétt,L.2.10,B.1.28,H.1.14.innamál. Verð 390.000. Uppl. í s. 896-0593.

Brimco kerrur.

Kerrubreidd 1,25m. Lengd 1,50-3,0m. 13" dekk. Verð frá 159.000 H.b.geta 750kg. Yfirbreiðslur. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos 894-5111

Kerrutjakkur.

Trailer-aid tjakkur fyrir 2ja öxla kerrur. Upplagður í ferðalagið. Verð aðeins kr.7.900 Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosfellsbæ. S.894-5111 www.brimco.is

Hjólhýsi

LMC DOMINANT 660, ÁRG. 2006. EINSTAKLEGA VEL MEÐ FARIÐ, SEM NÝTT. MARKÍSA, SÓLARSELLA, AUKA VIFTA. VERÐ 3.750 ÞÚS. UPPL. Í S: 8964773

Tjaldvagnar

Palemino Yearling 2003

11.5 feta tjaldvagn, fortjald, borð og stólar. 2 sólarsellur. Verð 1 milljón. uppl. í s. 690 1348.

Fellihýsi

Til sölu fellihýsi Fleetwood E3, með sólarsellu, búið að breyta rafmagni í 220 volt, 2 rafgeymar og 2 gaskútar fylgja verð kr. 2.990.000,- nánari upp-lýsingar í síma :566-8239, 892-8239 og 898-1774.

Til sölu 8feta Viking fellihýsi árg. ,99 með fortjaldi.Lítur vel út.Tilboð 590þús. Uppl. í s. 660 4406.

Vinnuvélar

Hinar þekktu Tsurumi dælur í úrvali á lager. Skolpdælur Iðnaðardælur Verktakadælur IMPEX.is S. 534 5300.

Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Einnig hjólavél, Komatsu 150 árg. ,91. Nýlegur mótor. S. 892 5309.

•Skotbómulyftarar •Gröfur
•Raf/Dísel lyftarar •Hjólaskóflur
•Vinnulyftur •Fjölnotavélar
•Smámokstursvélar •Ljósamöstur
leiguvelar.is

Hyundai Hjólagrafa R140W árg.07 ásamt fleyg F12LN s7n 3454 árg.07. Nýskráð 01/08. Smurkerfi, hraðtengi, 4 Skóflur þ.a. 1. Tilt. Keyrð 1660 st. V.12,9m, tilboð óskast. Uppl. 8616021 eða mar@nams.is Geymið augl.

MAN 4-öxla, árg. 2006 tilboð 6,9+vsk. Einnig Komatsu PW 150 hjólavél, Komatsu pc 50 og WA 70 hjólaskófla, einnig VOLVO lítill gámabíll með fleti og gám o.fl. S: 661 2288.

Lyftarar

Körfubílaleigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Bátar

Til sölu

Vélbáturinn Lena Gk 72, 20 tonn, bátur-inn er í strandveiðikerfinu. Áhugaverður hvort sem hobbíbátur eða fiskibátur. ATH tilboð óskast! Uppl, í síma 770-5144

Óska eftir góðum hraðbát innan við 6.metra á bilinu 800 þús-3 millj. Uppl. S. 662 6818

til sölu BAYLINER 175 3,0L m/ Kerru, GÓÐUR Í SJÓSTÖNG-SVARTFUGLSVEIÐAR ER MEÐ YFIRBYGGÐU TJALDI. VERÐ 3,9milj. SKIPTI Á JETSKI, FJÓRHJÓLI, SNJÓSLEÐA EÐA PICKUP. S:7730710

4ra metra Zodiac bátur með 15 hö. mótor, tilboð óskast. Uppl. í s. 844 0478.

Flug

Til sölu fisflugvél. Uppl. og myndir á tinyurl.com/fisflug. Fyrirspurnir: hans@internet.is

Bílaþjónusta

Frumherji
Söluskoðanir Frumherja
Ertu að kaupa bíl? Taktu ekki óþarfa áhættu. Láttu frekar greina ástand bílsins með ítarlegri söluskoðun hjá Frumherja. Skoðunin kostar 9.900. Ekki þarf mikið til að söluskoðun borgi sig margfalt.
Fáðu aukna vissu í bílakaupin með söluskoðun Frumherja.
Tímapantanir í síma 570 9090
Frumherji
– örugg bifreiðaskoðun

Aukahlutir í bíla

Er með mjög fullkomnar nýjar tölvur til sölu til að bilanagreina bíla og þurrka villukóða út, mjög einfaldar í notkun. Tölvurnar greina allar gerðir bíla (jap-anska, evrópska, ameríska ofl.) þar á meðal VW, AUDI, skoda. Les og þurrkar út Airbak, Abs, Service ljós o.fl. sem aðrar tölvur gera ekki. Einnig eru allar uppfærslur fríar frá framleiðanda eftir því hvaða tegundir koma á markað. Verð 52.000 m/Vsk Nánari upplýsingar í síma 867 2076, Gunnar.

Hjólbarðar

Japanskar Vélar Varahlutasala

Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Þjónusta

Hjólbarðar

Varahlutir

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Viðgerðir

Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

Þarftu að láta gera við tjaldvagninn, fellihýsið,hjólhýsið eða húsbílinn eftir sumarið? Við getum hugsanlega hjálpað. Hagverk bifreiðasmiðja Bæjarflöt 2 S: 587 4760.

ÞJÓNUSTA

Sendibílaþjónusta

Alhliða flutningar: Búslóðir Húsgögn Píanó Raftæki Hljóðfæri Sorp. Erum alltaf við síman 561 3333

Þrif

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Ræstingar

Tek að mér fyrirtækja-, flutnings-og heimilisþrif. Vandvirk og sanngjörn í verði. Uppl. á thrif123@gmail.com

Garðyrkja

Tek að mér minni garðverkefni, trjáfellingar,hellulagnir ofl. Uppl í s: 8670927

Haustklippingar
Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

SÓLPALLAR, skjólveggir, öll almenn smíða og garðvinna, vanir menn og góð verð. Brynjar s: 862 8621.

Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

eks endurskoðun býður þjónustu sína á sanngjörnu verði. Áralöng reynsla kemur þér til góða. Upplýsingar í síma 8929336

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Heildarlausnir f. fyrirtæki og einstakl. S. 571 0040.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Öflugur byggingarmeistari með mikla reynslu í faginu vill bæta við sig verkefnum. Er í samstafi við aðra meistara. Meðlimur í Meistarafélagi byggingarmanna til margar ára. S. 862 1546

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Dulspeki-heilun

Andleg og náttúruleg netverslun. Spá, spil, reykelsi og fl. www.spirit.is

Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 0850 & 844 0329.

Spádómar

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður.
Hvað viltu vita um sumarið ?
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Múrarar

Meistarinn
Tröppu og múrviðgerðir, steinsögun, uppsetning á veggjum. Flísalagnir, steinhleðslur og breytingar á húsnæði. Vönduð vinna s.896 5778 og 899 4254

Viðgerðir
Allt almennt húsaviðhald, utan sem innan. Múrverk, flísar, steining, hellulagningar, sólpallar og margt fl. S. 847 2209.

Trésmíði

Bergiðjan ehf Íslensk farmleiðsla
Fjölnota einingarhús 14fm og 21fm t.d. gróðurhús, bátageymsla. Erum með 2 teg. af rólum á staðnum. Hausttilboð á 9 holu minigolfi. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Erum að hefja framleiðslu á garðvörum úr Íslenskum trjábolum. Haustafsl. af sumarvörum. Uppl. í s. 867 3245. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. bergidjan@gmail.com Erum með myndir á facebook

Önnur þjónusta

Sjóstöng, Sjóstöng.
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

KEYPT & SELT

Til sölu

Gróðurhús Rýmingarsala
Gróðurhús 180x180cm 3,6fm M/hertu gleri 175 þ.
Gróðurhús 190x320cm 6,1fm M/gleri 200þ. Gróðurhús 190x320cm 6,1fm M/Hertu gleri 230þ.
Gróðurhús 250c380cm 9,8fm M/Hertu gleri 300þ.
KLIF ehf S:552-3300

ATH - ATH - ATH
Til sölu gjaldeyrir. Uppl. í s. 896 4457.

Æfingatæki til sölu „KETLER", tvær lyftingastangir 140 kg lóð. Einn lyftingabekkur, 4 handlóð. Heildarverð 80 þús. S. 897 0563.

Hef úrval af þvottavélum, þurrkurum, ísskápum og eldavélum til sölu. Tökum bilaðar velar uppí. Einnig ódýrir varahlutir í þvottavélar. Opið um helgina 12:00 - 18:00 Síðumúla 37 Kjallara 847-5545.

Tilkynningar

Verið velkomin í heimsókn til okkar á menningarnótt frá kl. 19–21.

Léttar veitingar í boði.

Klæðskerarnir Árni og Kjartan taka á móti ykkur.

SKRADDARINN Á HORNINU
Lindargata 38 • 101 Reykjavík
Sími 552 5540 • Gsm 861 4380

Þjónusta

Video og DVD spilari til sölu. V. 9000 kr. S. 554 6286, Tomas.

Explorer 98, tengdamömmubox , borðtennisborð, rúm úr Ikea með skúffum undir og fleira til sölu. S. 863 8892.

Gefins

Köttur til gefins. Uppl. s. S. 699 8429.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Hljóðfæri

80ára antík pianó Hornung&Möller ný yfirfarið Verð 400þús S:662 8724 Sigrún Vala.

Vantar þig æfingarhúsnæði!
Hringdu í síma 8243001 eða 8243002 hellirinn@tonaslod.is www.tonaslod.is

Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikkukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

GLÆSILEGAR KERRUR til sölu í helstu barnabúðum Baby Sam Móðurást Varðan og Hagkaup þær eru mjög léttar 8 kg álstell og falla mjög vel saman til í 3 litum

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

Ýmislegt

GÍNUR, óska eftir að kaupa vel með farnar hauslausar gínur. Upplýsingar í s. 772 7877

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Kaupauki með öllum pöntunum í ágúst. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

SPA - DREAM OASIS
Fáðu kort og nudd frítt.
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

upprunalega nudd í tveimur eða fjórum höndum á allan líkamann good massage 693 75 97

Whole body massage 841 8529.

NUDD - Tilboð - NUDD

Nudd kr. 3500,-

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Námskeið



Smáskipanámskeið 2.9. - 16. 10. fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 9. 10. - 16. 10. Staðarnám. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins

Leirkrúsin Spennandi námskeið á haustönn Uppl. www.leir.is S: 661 2179/555 1809

Kennsla

Harmonikukennsla hafin fyrir byrjendur og lengra komna. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsgögn

Er með tveggja ára gamalt rúm til sölu vegna flutninga. 180x200. Tilboð óskast. S. 869 5595.

Til sölu: Vandað borðstofuborð og 8 stólar- gæðamublur. Uppl. í síma 699 62 80.

Dýrahald

Til sölu yndislegir dverg schnauzer hvolpar. Frábærir fjölskyldu hundar, afhendast með ættbók frá HRFÍ, örmerktir,bólusettir og heilsuskoðaðir. upplýs í 6990120

Langar þig í yndislegan og fjörugan 10 vikna kisustrák? þá eru Tarsan eða Mógli að leita að þér! Sími 698 2466

Golden retriever hvolpur til sölu heilsuf. sk. og tilbúinn til afhendingar. ættb. frá íshundum verð 160þ (hægt að semja um greiðslur) 8638596 & 123.is/madda

Saluki hvolpar til sölu, ættbók frá HRFÍ, tilbúnir til afhendingar uppl í s: 697 4117.

Coton de Tuléar. Skemmtilegir smáhundar, skoðaðu tegundina á www.coton.is, einnig er hægt að hringja í 867 2253.

yorkshire Terrier hvolpur til sölu. tík afhendist bólusett örmerkt með ættbók frá Hrfí uppl 6902661

Yorkshire Terrier hvolpar til sölu Ættbók frá HRFÍ örm. full bólusettir. Tilb. til afhendingar. Uppl. í s. 896 3306.

Schafer hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Foreldrar myndaðir. Tilbúnir til afhendingar. s. 777 6969.

Fallegir kettlingar 10 vikna fást gefins. S. 772 4277.

Fyrir veiðimenn

Gæsaveiði-kornakur.
Laus veiðileyfi í kornakur í Skagafirði. Möguleiki að blanda saman stangveiði og skotveiði. Hús fylgir. Uppl. í s. 868 4043.

TILBOÐ - TILBOÐ
Í stjóstöng og grill, aðeins 4.990,- á mann Svo bjóðum við uppá miðnætursiglingu á Menningarnótt fyrir aðeins 2.000 kr á mann.Sjáið hina glæsilegu flugeldasýningu frá sjónum af. Uppl. í s: 865 6200 eða andrea.seatours@hotmail.com

Þverá í Borgarfirði
Sjóbirtingsveiði frá 11. sept. til 10. okt. í neðri hluta Þverár. Veitt er eingöngu á flugu og eru kaststangir bannaðar. Einnig er skylt að sleppa öllum laxi aftur í ánna. 3 stangir í boði á dag. Nánari uppl. í s. 848 2304.

Hestamennska

Hesthús óskast til leigu í Heimsenda eða Andvara. Uppl í s. 699 2769 & 866 8982

Húsnæði í boði

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

Akureyri
Orlofsíbúð til leigu í miðbæ Akureyrar. S. 891 8363.

Hveragerði
4 herb. keðjuhús (endahús) til leigu. Uppl. í s. 692 5503.

Til leigu er vel skipulögð 62 m2 björt og rúmgóð íbúð í rólegu lyftuhúsi í 104 Reykjavík. Íbúðin er parketlögð, flísalagt baðherbergi og suðursvalir. Sameiginleg þvottaaðstaða er í kjallara. Leigan er kr. 100 þús. á mánuði og er hiti, rafmagn og hússjóður innifalið. Tryggingar: Bankaábyrgð, tryggingarvíxill eða fyrirframgreiðsla. Áhugasamir hafi samband við gunnst.g@gmail.com

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Reykl. og ábyrgur meðleigjandi óskast í 3ja herb íbúð í 170. Leiga 45.000. Nánari upp. í 691-4207

Skemmtanir

IRISH PUB
UL Reykjavíkuvegur 60, Hafnfj. S. 555 0022
DYSKOTEKA • DJ-JARO
ZAPRASZMY
NA DYSKOTEKE
OD-22:00—DO-03:00

Til leigu 5 svefnherb raðhús á góðum stað í Árbæ. Tvöfaldur bílskúr. Sími 8648351

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

120 fm, 5 herb. íbúð í Jöldugróf til leigu. 160 fm garður. Langtímaleiga. Uppl. í s. 863 8892.

Um 40fm. 2-3herb. íb. á 1.h. fjölbýli Hólahv. 111, innif.: þv.vél á gangi, hiti+rafm., gervihn.sjónv., ísskápur. Íb. skiptist í 2 ca. jafnstór herb/stofur., lítið eldh. og bað. Hentar vel fyrir 2, t.d. nemendur við FB. Örstutt í alla þjónustu Eing. traustir leigj.og 3ja mán. trygging. V. 70þ. mán. Uppl. S: 694-2356

Herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 773 3182.

4 herbergja íbúð til leigu í Breiðholti. 130 þús. á mánuði, hiti, rafmagn og hússjóður innifalinn. Uppl. Gunnar sími 6952589.

Árbær. Lítið snyrtil fullbúið herbergi til leigu á 27þús. Aðeins reglusamir koma til greina. S. 820-3515.

Til leigu 15fm herb. í Seljahv. á 40.þ. á mán. Að. að baði, eldh, stofu. S:845 3379.

Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb. íbúð til leigu í 101, 107 eða vestast í 105. Reyklaus, á háskólaaldri og þægilegur í umgegni. Skilvísum greiðslum heitið og reglusemi. Trygging ef óskað er. Steinþór Helgi - 662 0063.

Fjögurra manna fjölskylda með börn á grunnskólaaldri óskar eftir rúmgóðu einbýlishúsi til leigu á Akranesi. Við erum reglusöm og göngum vel um. Öruggar greiðslur. S:862-4191 eða oddurb@simnet.is

Mjög ábyrgur og reglusamur háskólanemi um þrítugt óskar eftir íbúð miðsvæðis í Reykjavík fyrir allt að 100 þúsund á mánuði. Borga fyrirfram og legg fram tryggingar. Uppl 821 2545.

2-3 herbergja íbúð ósk
Mjög ábyrgur og reglusamur háskólanemi um þrítugt óskar eftir að leigja 2-3 herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík, helst á svæði 101, 105 eða 107. Get borgað allt að 100 þúsund á mánuði. Borga fyrirfram og legg fram tryggingar sé þess óskað. Uppl. í síma 821 2545.

Erum mjög reglusamt og traust par með tvö börn að leita að 4.herb íbúð, raðhúsi eða einbýli í kóp, garðabæ eða hfj. Stöndum alltaf í skilum og með mjög góð meðmæli frá fyrrum leigusala. Alexandra 7718545

Reyklaust par með 2.börn óskar eftir einbýli par/raðhúsi verður að vera með bílskúr.Uppl í s. 696 2682

Reglusamt og reyklaust par á háskólaaldri óskar eftir 2 herbergja íbúð á svæði 105 - 107 sem fyrst. Uppl. í síma 866-2757 Lilja og 690-6166 Sigurður.

Fjölsk óskar eftir einbýli/raðhúsi til leigu í Fossvogi. Allt leigutímabilið greiðist fyrirfram S 860-0430

Óska eftir 4-5 herbergja íbúð í Grafarvogi, helst í Rimahverfi. Uppl. í síma 8238470

Óska eftir 4ra herb. íbúð í Hafnarfirði í nágrenni við Setbergs eða Lækjarskóla. Uppl í síma 7730040

par óskar eftir að leigja íbúð á höfuðborgassvæðinu getum borgað allt að 80.000 á mánuði. S. 8498471 David

26 ára einstæð reyklaus, reglusöm kvk óskar eftir 2ja herb íbúð, helst í 110, 112 eða 113. Skilvísar greiðslur. S:6629839

Sumarbústaðir

Stórt sumarhús í Grímsnesi til leigu
Helgar/viku leiga. Gisting fyrir 6-10 manns, heitur pottur og sauna. Helgarleiga 75þús, 5 nætur (sun-fös) 95þús, vikuleiga 125þús. Laust í ágúst 22.-27 einnig laust haust Uppl. í s. 898 1598 sjá myndir: miklaborg.is undir Viðibrekka.

210fm einbýlishús+ca. 60 fm útihús. Innflutt frá Brasilíu,tilbúið til afhendingar í 40ft gám. Í pakkanum fylgir,allir gluggar,100 fm verandarefni,8 stk útihurðir. 100 fm loftklæðning. Verð 9,9 millj. Skipti möguleg Uppl.692-3000 www midbaer.is

Sumarbústaður við Geysi með 7.000 fm eignarlandi. Allt innbú er nýlegt og fylgir sölunni. Grunnflötur 95,2 fm + svefnloft. Fæst á góðu verði! Áhugasamir geta haft samband við Viktor í síma 898-3523 eða viktor@kraftvelar.is

Skemmtanir

Cafe Catalina
Í kvöld spilar hljómsveitin
AMIGOS
Kíkjið á www.catalina.is
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!
Hádegismatur alla virka daga
Boltinn í beinni!
Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

Atvinna

ÞINGHOLT
Jónas Örn Jónasson
hdl og löggiltur fasteignasali.

Ísak
S: 8225588

OPIÐ HÚS – Sunnudaginn 22.08 kl. 16–18 að Miðvangi 41. Hafnarfirði. Bjalla 808. Í einkasölu 2ja. herbergja íbúð á áttundu hæð (efstu) í fjölbýli sem er með frábæru útsýni. Húsvörður, lyfta, þvottahús í íbúð. Stutt í alla þjónustu fyrir eldri borgara. **Íbúðin er laus strax. Uppl. gefur Ísak 8225588.**

ÞINGHOLT
Jónas Örn Jónasson
hdl og löggiltur fasteignasali.

Ísak V. Jóhannsson

- Leigufélag er að leita eftir 2ja og 3ja herbergja íbúðum.
- Fjárfestar leita eftir atvinnuhúsnæði í öllum stærðum.
- Höfum verið beðnir að útvega skuldsett fyrirtæki.
- Verktaki óskar eftir fjölbýlishúsi í byggingu.
- Skoðum og verðmetum samdægurs.

Vinsamlega sendið póst á isak@tingholt.is eða s. 822 5588.

Fasteignasalan óskar að ráða vana sölumenn.

Stóreign
Fremri í atvinnufasteignum | S: 590 7600

Skólastræti
– heil húseign - fjárfestingartækifæri

Húseign á þremur hæðum vel staðsett í hjarta borgarinnar og hefur verið mikið endurnýjað. Í húsinu eru fimm íbúðir sem allar eru vel innréttaðar. Í kjallara er vinnustofa, þvottahús og geymslur. Húsið er byggt árið 1916 og endurnýjað 2003. Húsið er í langtímaútleigu.

Nánari upplýsingar veita sölumenn Stóreignar

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði •Skúlatún 2 • 105 Rvk
Aðalheiður Karlsdóttir löggilturfasteignasali.

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Hraunberg 19 þrjár íbúðir.





OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 22. ÁGÚST Á MILLI 15-17

Í dag býðst þér og þínum að skoða þetta fallega 362 fm einbýlishús. Húsið er 183 fm og svo fylgir 180 fm bílskúr sem er nýlega innréttaður sem skúr og tvær íbúðir sem eru í útleigu. Hér færð þú mikið fyrir peninginn. Bjóddu þína eign uppí.

Áhv. Kr.43,5 millj. Söluverð kr.62,9. - Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali S - 895 3000.-

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Sumarbústaðir

Til sölu fokhelt sumarhús 85fm. Milliloft 55fm. Ásett verð 12,5m. Tilbúið til flutnings. Uppl í S. 899 5466 og haffihar@simnet.is

Sumarhús í Borgarbyggð
Til leigu í Skorradal. 4-6manna sumarhús m/ heitum potti og veiði. V. 30þ. vikan. Eignaland@gmail.com

Sumarbústaður óskast til flutnings, þarf að geta nýttst sem skrifstofuhúsnæði. S. 451 2938.

Nýlegur ca. 60m2 sumarbústaður á 14 ha sérlega fallegu eignarlandi til sölu. Klukkutíma akstur frá Reykjavík, uppl. í síma 695 1873.

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI KRÓKHÁLS nr 10 C.A 120 FM Verð 26.9 millj Skipti á sumarbústað koma til greina eða ýmis skipti. Uppl í síma 517-1111 eða 696-1001 www.bilaborg.is

Til leigu 30fm skrifstofuherbergi í miðbæ Hfj. V. 42 þ. + vsk. per. mán. S. 897 6054.

Geymsluhúsnæði

Vetrarleiga í Skorradal fyrir tjadvagna, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Uppl. indridastadir@indridastadir.is

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Atvinna í boði

JOLLI

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði leitar að hressu og duglegu starfsfólki til starfa í fullt starf og hlutastarf. Aðeins reglusamt og samviskusamt fólk kemur til greina. Vinna sem hentar vel með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.

Stýrimann vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði. Uppl. í s. 848 9071 & 893 5590 milli kl. 8-17

Atvinna

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

Glæsilegt ósamsett hús til sölu.

170 m² innflutt sumarhús.
Húsið afhendist í gámum og fylgja innréttingar, plankaparket á gólf og panell á veggi. Vandað og gott hús

Verð kr. 25 milljónir.

Upplýsingar : Þórhallur sími 896 8232.

MOSFELLS BAKARÍ

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí í Mosfellsbæ Óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155 og 566 6145 eða á staðnum.

ísbúð VESTURBÆJAR

Ísbúð Vesturbæjar Hagamel 67 óskar eftir duglegu fólki til starfa. Dag, kvöld og helgarvaktir í boði. Uppl í s: 899 5504 eða 896 4394.

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óskar eftir líflegu starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.
Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is

KRINGLU KRÁIN

Veitingastaðurinn Krin
Óskum eftir starfsmanni á morgnana í ræstingu. Reynsla af ræstingu æskileg. Upplýsingar í síma 893-2323 eða info@kringlukrain.is

PORTIÐ
CAFÉ & RESTAURANT

Óskum eftir vönum þjónum í vaktavinnu
Viljum bæta við okkur þjónum í vaktavinnu. Reynsla æskileg. Lágmarksaldur 20 ár. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Áhugasamir sendi umsókn á þriund@simnet.is eða 893-2323

Kokkur/grillari:þarf að vera góð/ur í heimilis og austulenskum mat óskast út á land, möguleiki á fríu húsnæði. Upplýs. í síma 692 5519.

Stuðningsfulltrúi óskast til starfa í 50% starf e.h. í frístundaheimili Safamýrarskóla (Safamýri 5, Reykjavík). Upplýsingar í s. 5686262 (Erla/Guðrún) eða erla.gunnarsdóttir@reykjavik.is

Cafe Óliver
Óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús. Umsóknir í síma 821 8500, Arnar eða arnar@cafeoliver.is (Góð íslenska skilyrði).

Au pair - Svíþjóð
Fimm manna íslensk fjölskylda í Svíþjóð auglýsir eftir au pair. Nánari upplýsingar fást hjá Vilborgu (vilborgk@hotmail.com).

Gallabuxnabúðin Kringlunni óskar eftir góðri sölukonu með áhuga á tísku í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. gallabuxnabudin@simnet.is/895-3895 Elísabet

Óskum eftir að ráða au-pair til Lúxemborgar til gæslu 2ja barna à aldrinum 1 árs og 3ja ára. Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri og hafa bílprof, vera reglusöm og hafa gaman af börnum. Frönsku -eða Þýskukunnátta væri kostur.

Atvinna óskast

Vanur málari með 15 ára reynslu óskar eftir eftir vinnu simi 692 3994.

Rúmlega sextugur maður óskar eftir vinnu. Er með vinnuvéla réttindi, meirapróf og rútupróf. Hef einnig áhuga á húsvörslu og ráðsmannsstörfum, vanur verkstjórn við jarðvegsframkvæmdir og byggingar. Hef unnið við smíðar,pípulagnir og fl iðngreinar. Áhuga samir hafið samb. skessutak@internet.is

Handlaginn maður óskar eftir framtíðarstarfi á höfuðborgarsvæðinu, t.d. við húsvörslu, umsjón eigna eða lagerstörf. Vanur að vinna sjálfstætt. Upplýsingar í síma 6611852

Viðskiptatækifæri

Veitingarekstur - bar í 101 Reykjavík
Til sölu góður veitingarekstur í miðborg Reykjavíkur. Um er að ræða stað á besta stað með leyfi í flokki III. Staðurinn er í góðum rekstri, vel tækjum og tólum búinn og býður upp á mikla stækkunarmöguleika, ef vilji er fyrir hendi. Þeir sem hafa áhuga á að fá nánari upplýsingar sendi fyrirspurn á ellibra@visir.is

Atvinna/viðskipti: Einstaklega áhugavert viðskiptatækifæri tengt ferðaþjónustu, skemmti- og ævintýraferðir. Vanti þig verkefni þá er þetta etv. fyrir þig uppl. 772 0075.

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Opið þegar þér hentar.

PurpleRabbit.is
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

Álfheimar 74 – Glæsibær

Eitt glæsilegasta verslunarhúsnæðið í bænum til leigu eða sölu – laust strax!



275 fm salur með gluggum á þrjá vegu og stórum aðgangsdyrum inn í verslunarmiðstöðina. Að mestu eitt rými með afhólfaðri snyrtingu og geymslu. Mjög vandaður frágangur og getur hentað margvíslegum rekstri sem krefst góðrar ímyndar, aðgengis og sýnileika.

Verð 65 milljónir

Frekari upplýsingar veita neðangreindar fasteignasölur sem einnig sýna húsnæðið.

HRAUNHAMAR · ÁS FASTEIGNASALA · VALHÖLL FASTEIGNASALA · FASTEIGNASALAN MIKLABORG

Í UPPÁHALDI HJÁ GRÍMI:

Elephant (2003)
Gus Van Sant

Happiness (1998)
Todd Solondz

Taxi Driver (1976)
Martin Scorsese

The Conformist (1970)
Bernardo Bertolucci

bíómyndum áður. Það var ákveðin öryggistilfinning að hafa þessa reynslubolta í tökuliðinu. Þetta var mjög góður hópur.“

Stuttmyndir með Erpi

Eins og áður segir sló Grímur í gegn með stuttmyndum sínum og hlaut hann meðal annars Eddu-verðlaunin fyrir Bræðrabyltu, auk fjölda erlendra viðurkenninga. Hann er sammála því að gerð Sumarlandsins hafi verið rökrétt framhald af stuttmyndagerðinni. „Maður er orðinn 33 ára gamall og það var jafnvel byrjað að kalla eftir því að maður tæki þetta skref,“ segir hann og bætir við að viðbrigðin séu nokkur við gerð leikinnar myndar í fullri lengd. „Þetta er aðeins flóknara og aðeins meira stress kannski. En ég var búinn að ganga í gegnum þennan skóla, þannig séð, að gera stuttmyndir sem hafa alltaf orðið betri og betri. Maður var ágætlega tilbúinn í þetta.“

En hvaðan kemur þessi kvikmyndaáhugi? „Ég byrjaði í leiklist þegar ég var krakki og lék í tveimur leiksýningum í Þjóðleikhúsinu. Ég byrjaði sem patti að syngja í Óliver Twist, Síðan æxlaðist þetta þannig að móðir félaga míns Erps Eyvindarsonar keypti VHS-myndavél og við byrjuðum að gera stuttmyndir á hana þegar við vorum fjórtán ára gamlir. Þá skiptumst við á að taka upp og leika. Við lékum öll hlutverkin, konur og karlmenn og allan pakkann,“ segir Grímur og hlær. „Svo var maður í menntaskóla að gera stuttmyndir. Ég gerði Klósettmenningu með Rúnari Rúnarssyni. Þá vorum við átján ára og hún gekk rosalega vel og vann verðlaun. Maður síaðist smátt og smátt inn í þetta. Á einhverjum tímapunkti reyndi maður að kúpla sig út úr þessu og kíkti í háskólann en svo endaði maður aftur í þessu.“

Grímur fór í kvikmyndanám til Prag í Tékklandi árið 2002 og dvaldi þar í tvö ár. Þar kviknaði áhugi hjá honum að gera leiknar kvikmyndir. „Ég hef aldrei tekið þessa ákvörðun um að verða leikstjóri. Það er eins og manni hafi bara verið ætlað að fara í þetta.“

dagskrá

sem sameinar óperu, djass og söngleikjatónlist. Páll Óskar stígur á svið og flytur lögin sín með Sinfóníuhljómsveitinni í nóvember. Kvikmyndatónlist verða einnig gerð góð skil á þessu síðasta starfsári hljómsveitarinnar í Háskólabíói eftir fimmtíu ár í húsinu.

Á næsta ári verður tónleikahúsið Harpa nýtt heimili Sinfóníunnar. „Það er ljóst að það verður gjörbylting á allri aðstöðu hljómsveitarinnar í nýju tónlistarhúsi. Salurinn verður líka gjörbylting fyrir tónleikagesti. Það eru afskaplega spennandi tímar framundan,“ segir Sigurður.

Opnunartónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar á þessu starfsári verða 10. september þar sem pianóleikarinn Víkingur Heiðar stígur á svið.

Lay Low á opnunarhátíð

Í tilefni opnunarhátíðar Menningarhússins Hofs og Akureyrarvöku verða haldnir tónleikar í Hofi föstudaginn 27. ágúst kl. 19.30 og síðar um kvöldið, kl. 22.30. Fyrri tónleikarnir verða sendir út beint á Rás 2.

Söngkonan Lay Low tekur þar á móti gestum og flytur norðlenska tónlist í bland við sína eigin. Flytjendur eru auk Lay Low: Kammerkórinn Ísold, Eyþór Ingi Jónsson, Kór Hrafnagilsskóla, María Gunnarsdóttir, Strengjasveit, Daníel Þorsteinsson, Lára Sóley Jóhannsdóttir, Blásarakvartett, Vilhjálmur Ingi Sigurðarson, Slagverksveit, Rokksveitin Malignant Mist og fleiri.

Tónleikarnir eru þeir fyrstu sem haldnir eru í Menningarhúsinu Hofi. Miðaverð er 1.500 kr. en öllum 20 ára og yngri er boðið frítt á tónleikana. Nánari upplýsingar eru á síðunni menningarhus.is.

Lay Low Söngkonan Lay Low kemur fram á tónleikunum í Menningarhúsinu Hofi föstudaginn 27. ágúst.

NUTRILENK
ACTIVE
NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA

Skráðu þig á facebook síðuna NUTRILENK fyrir liðina – því getur fylgt heppni!

Árni Freyr Gestsson
aflraunamaður

Aðeins 1 hylki á dag losaði mig út úr verkjapakkanum!

Ég hef stundað lyftingar allt frá 13 ára aldri. Ég byrjaði 18 ára að stunda kraftlyftingar og hef keppt bæði í þeim og aflraunum síðastliðin ár. Undanfarin ár hef ég fundið þegar nær dregur keppnistímabilum, æfingaálag eykst og þyngdin verður meiri þá eykst álag á liðina og verkir gera vart við sig hér og þar í líkamanum. Olnbogar og hné verða t.d. aumari en vanalega og liðirnir eiga það til að bólgna upp. Oft hef ég þurft að bíta á jaxlinn sökum verkja.

Ónot í fingri var hreinlega að gera út af við mig og var ég hættur að geta beygt fingurinn. Ég var búinn að fara á milli lækna en ekkert sást né fannst. Svo heppilega vildi til að ég var beðinn um að prófa nýtt efni á íslenskum markaði, NutriLenk Active sem hefur áhrif á liðvökvann og liðkar stirða liði. Ótrúlegt en satt þá varð ég laus við verkinn á einungis á nokkrum vikum. Ég byrjaði á að hlaða upp efninu í 2 vikur þ.e. 2 hylki á dag og fór svo niður í 1 hylki á dag. Annað sem kom mér á óvart var að þrátt fyrir að vera búinn að léttast þetta mikið þá hefur mér sennilega aldrei liðið betur t.d. í olnbogum og öxlum, en þetta eru staðir sem ég bjóst við að verða jafnvel viðkvæmari á meðan ég var að léttast. Það er frábært að finna þennan liðleika og vera laus við verki en þess vegna er auðvitað mikið auðveldara að æfa af krafti fyrir mót sumarsins segir Árni Freyr Gestsson að lokum en hann stefnir á að keppa á mótum í undir 105 kg. flokki.

NUTRILENK Active
er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hvað getur NUTRILENK Active gert fyrir þig?

- NUTRILENK Active inniheldur vatnsmeðhöndlaðan hanakamb sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulegum efnum svokallaðri Hýalúrónsýru sem getur hjálpað við að endurbyggja og viðhalda jafnvægi í liðum.
- NUTRILENK Active eykur liðleika og liðheilbrigði og sér til þess að liðirnir þínir séu heilbrigðir og vel smurðir, svo þú getir æft að fullum krafti án hindrana.
- NUTRILENK Active auðvaldar liðunum að jafna sig eftir æfingar.

NUTRILENK Active er unnið úr sérvöldum hanakömbum og inniheldur því engin fiskiprótein eða skelfisk, hvert hylki inniheldur 28 gr. Hýalúrónsýru.

Þægilegt aðeins eitt hylki á dag.

Hver er munurinn á NUTRILENK Active og NUTRILENK Gold?

NUTRILENK Active er hentugt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum það hefur jákvæð áhrif á liðvökvann.

NUTRILENK Gold er hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Gott byggingarefni fyrir liðbrjóskið.

Get ég tekið inn hvorutveggja?
- Já það getur unnið mjög vel saman.

Þrír Gullnir rýtingar

Tvær bækur eftir franska spennusagnahöfundinn Fred Vargas eru komnar út í kilju hjá Bjarti og ein til viðbótar er væntanleg. Bækurnar sem eru komnar út heita Varúlfurinn og Kallarinn. Sú sem er væntanleg nefnist Þríforkurinn.

Fred Vargas er dulnefni franska sagn- og fornleifafræðingsins Fréderique Audoin-Rouzeau sem fæddist í París árið 1957. Hún hefur þrívegis hlotið glæpasagnaverðlaunin Gullna rýtinginn á undanförnum árum og er Vargas fyrsti rithöfundurinn sem hlýtur þau fyrir þrjár bækur í röð, eða árin 2006, 2008 og 2009.

Vargas starfaði sem mikils metinn vísindamaður í Frakklandi og rannsakaði meðal annars hættulegar farsóttir á borð við svarta dauða, áður en hún ákvað að reyna fyrir sér sem rithöfundur. Bækur hennar gerast í París og snúast um lögreglufulltrúann Adamsberg og aðstoðarmenn hans. Áhugi Vargas á miðöldum endurspeglast í mörgum skáldsögum hennar, sérstaklega í gegnum persónuna Marc Vandoosler, sem er ungur sérfræðingur í þessu tímabili mannkynssögunnar.

Tvær bækur eftir franska spennusagnahöfundinn Fred Vargas eru komnar út í kilju.

Barokksveit **Barokksveit Berjadaga undirbýr sig fyrir tónleika á hátíðinni.**

Berjadagar hafnir

Tónlistarhátíðin Berjadagar hófst á Ólafsfirði í gær og lýkur á morgun, sunnudag. Þetta er í tólfta sinn sem hátíðin er haldin. Á Berjadögum verða þrennir tónleikar og einnig verður sungið og leikið á sauðagarnir, haldin sögustund og myndlistarnámskeið verða í boði fyrir börn. Forn hljóðfæri og handrit verða sýnd að ógleymdu markaðstorgi Berjadaga.

Gestir geta fleygt sér í berjamó, bragðað á berjaafurðum, hlýtt á söguna um Ásu sem týndist í eldgosinu, skoðað myndir barnanna í Fjallabyggð og þess á milli leyft tónlist að endurnæra andann og sálina.

Listamenn Berjadaga 2010 verða Herdís Egilsdóttir, kennari og listakona, Guðný Einarsdóttir organisti, Frederique Friess sópransöngkona, Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari, Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari, Sönghópurinn Kordía, Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari og Diljá Sigursveinsdóttir fiðluleikari og listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á síðunni Fjallabyggd.is/berjadagar.

TUTTUGU FJÖLBREYTT VERK Á BOÐSTÓLUM

Mikil aðsókn var í Borgarleikhúsið síðasta vetur. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri vill nýta sér meðbyrinn og gera enn betur í ár.

Á síðasta vetri í Borgarleikhúsinu var sett nýtt met í aðsókn, áskriftarsölu og Grímutilnefningum. Gestirnir voru tæplega 220 þúsund talsins, kortin seldust í yfir tíu þúsund eintökum og verk leikhússins fengu 38 tilnefningar til Grímunnar, sem er meira en nokkru sinni áður í íslensku leikhúsi.

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri, segir að hvergi verði slakað á klónni í vetur. „Við vitum að það eru miklar væntingar eftir meðbyrinn á síðasta ári. Við lítum á það sem hvatningu til að halda áfram og gera enn betur. Við kappkostum að vera einlæg í listinni og segja sögur sem okkur finnst eiga erindi og taka þannig á brýnum málum," segir Magnús Geir, sem er að hefja sitt þriðja ár við stjórnvölinn. „Við erum afskaplega spennt fyrir nýju leikári, sem verður mjög fjölbreytt. Stefnan verður í megindráttum sú sama og verið hefur en með nýju kryddi. Þetta verður blanda af verkum sem ættu að kæta og gleðja en líka verða áleitin og kraftmikil verk sem eiga brýnt erindi við samtímann."

Tuttugu verk verða á boðstólum. Á stóra sviðinu verður í september frumsýnt verkið Enron, eitt umtalaðasta leikrit heims síðasta árið, og jólasýningin í ár er eitt höfuðverk leikbókmenntanna, Ofviðrið, í leikstjórn hins kunna Oskaras Korsunovas. Eftir áramótin kemur á svið gamanleikurinn Nei, ráðherra! eftir Ray Cooney. Á Nýja sviðinu í október verður síðan frumsýnd ný leikgerð af verðlaunasögu Auðar Jónsdóttur, Fólkið í kjallaranum.

Ögrandi nútímaverk hafa verið áberandi á nýja sviðinu og í þeim flokki er Elsku barn, frumsýnt rétt eftir jól. Í apríl ræður Húsmóðirin, glænýr gleðileikur með Vestuportshópnum, ríkjum á nýja sviðinu. Sigurður Sigurjónsson leikur í einleiknum Afinn á litla sviðinu sem mun einnig hýsa ruslóperuna, Strýhærða Pétur. Benedikt Erlingsson mun jafnframt stýra Sóleyjarkvæðum eftir Jóhannes úr Kötlum eftir áramót.

Sýningin Gauragangur sem heillaði leikhúsgesti í fyrra snýr aftur og Skoppa og Skrítla koma líka aftur á svið. Barnasýningin Horn á höfði heldur áfram og þá mun Góa opna heim ævintýranna með Eldfærunum. Eftir áramót hefst undirbúningur fyrir einn vinsælasta fjölskyldusöngleik allra tíma, Galdrakarlinn í Oz, en þá býður Borgarleikhúsið hæfileikaríkum börnum í áheyrnarprufur. Sýningarnar Jesús litli, Fjölskyldan og Harry og Heimir halda einnig áfram í takmarkaðan tíma.

ÞRJÚ STÓR VERK:
Ofviðrið - William Shakespeare
Enron - Lucy Prebble
Nei, ráðherra - Ray Cooney

Öflugur leikhópur Borgarleikhússins mun skemmta áhorfendum í vetur.

Magnús Geir Þórðarson segir að nýja leikárið verði bæði fjölbreytt og skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Menningarnótt í Galleríi Fold hefst kl. 13 · Opið til kl. 22

Ísland í dag
Hjalti Parelius

Laugardaginn 21. ágúst verður opnuð sýning á verkum Hjalta Pareliusar í Forsal Gallerís Foldar. Sýningin er hluti af dagskrá Menningarnætur og stendur til 5. september.

Sjávarsýn

Sýning á verkum úr safni Braga Guðlaugssonar dúklagningameistara. Að þessu sinni valdi Bragi verk tengd sjónum úr safni sínu. Bragi er löngu landsþekktur safnari. Sýningin stendur til 29. ágúst.

Vökum af list

Dagskráin er á myndlist.is

Hvaða saga er í myndinni?
Leikur fyrir alla

Ratleikur fyrir börn og fullorðna
kl. 13–16 • kl. 16–19 • kl. 19–21.30

Barnaland
Kl. 13–19
Mikið fjör fyrir yngri börnin

Listahapp
Ókeypis happadrættismiðar fyrir alla

Bráðlifandi músik
kl.13–14 • kl. 15.30–18 • kl.19.30–21.30
Jóhann Fr. Álfþórsson leikur létt lög fyrir gesti og gangandi.

LISTMUNASALA fold

Allir velkomnir á opnun sýninganna

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Ólafur verður í aðalhlutverkinu í Rigoletto eftir Verdi.

Rigoletto í Óperunni

Óperan sem Íslenska óperan færir upp á komandi haustmisseri er Rigoletto eftir Giuseppe Verdi. Þetta áhrifamikla og hádramatíska meistaraverk er ein af þekktustu óperum sögunnar og er reglulega færð upp í flestum óperuhúsum veraldar. Í verkinu koma saman ástir, valdabarátta og örlög í æsispennandi fléttu, sem römmuð er inn af hrífandi tónlist meistara Verdi og inniheldur meðal annars hinar þekktu aríur „La donne e mobile“ og „Questa o Quella“ að ógleymdum kvartettinum „Bella figlia dell'amore“.

Það er Ólafur Kjartan Sigurðarson sem fer með hlutverk Rigoletto, Jóhann Friðgeir Valdimarsson leikur Hertogann af Mantua, Þóra Einarsdóttir er Gilda, Jóhann Smári Sævarsson kemur fram sem Sparafucile, Sesselja Kristjánsdóttir sem Maddalena, Bergþór Pálsson sem Monterone og Bylgja Dís Gunnarsdóttir sem Giovanna. Alls eru sex sýningar ráðgerðar á verkinu og verður frumsýning 9. október.

Eftirlifendur ragnaraka

Emil Hjörvar Petersen hefur gefið úr bókina Saga eftirlifenda – Höður og Baldur.

Bókin Saga eftirlifenda – Höður og Baldur eftir Emil Hjörvar Petersen er komin út hjá Nykri og er þetta fyrsta bókin í þríleik. Þetta er viðamikil saga sem sameinar margar greinar skáldsagnagerðar svo úr verður nýstárlegt verk. Sögunni er lýst sem spennandi fantasíutrylli, tilvistarlegri en gjarnan skoplegri frásögn af bræðrum og ádeilukenndri lýsingu á stöðu manna, vætta og goða í heimi átaka og blekkinga. Rétt rúmlega sjö þúsund ár hafa liðið frá hörmungunum og sögusviðið er hliðstæður tími og er nú til dags. Aðalpersónurnar eru bræðurnir Höður og Baldur.

Emil Hjörvar, fæddur 1984, hefur undanfarið getið sér gott orð sem ljóðskáld. Hann hefur gefið út tvær ljóðabækur, Refur og Gárungagap sem hafa fengið góðar viðtökur.

Auga fyrir auga lýkur

Sýningunni Annað auga lýkur á Kjarvalsstöðum á sunnudag. Þar eru til sýnis um sextíu ljósmyndaverk eftir marga af eftirsóttustu listamönnum samtímans á veraldarvísu en verkin eru öll í eigu listaverkasafnaranna Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Safneign þeirra telur um eitt þúsund verk, sem er ein stærsta einkasafneign á Íslandi. Sýningin var á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2010. Sýningarstjóri er Birta Guðjónsdóttir.

Sýningunni Annað auga lýkur á Kjarvalsstöðum á sunnudag. Um sextíu ljósmyndaverk eru þar til sýnis.

Pennaveski fyllt	verð frá	799.-	Skæri	verð frá	299.-	Stílabók A5	verð frá 265.-
Blýantur	verð frá	20.-	Trélitir	verð frá	385.-	Fagbók	verð frá 694.-
Límstifti	verð frá	95.-	Yddari með boxi	verð frá	150.-	Bréfabindi 4 hr	verð frá 399.-
Skrúfblýantur	verð frá	99.-	Strokleður	verð frá	50.-	Vasareiknivél	verð frá 799.-
Milliblöð	verð frá	345.-	Teygjumappa	verð frá	270.-	Skólataska	verð frá 1.490.-
Plastmöppur	verð frá	79.-	Reikningsbók A4	verð frá	339.-	Línustrikuð gormaA4 80 bls	verð frá 370.-
Gráðubogi	verð frá	145.-	Stílabók A4	verð frá	339.-	Rúðustrikuð gormaA5 80 bls	verð frá 365.-
Reglustika	verð frá	75.-	Reikningsbók A5	verð frá	265.-	Áherslupenni	verð frá 50.-

Lækjargata 2a 101 R.sími 5115001 opiða alla daga 9 til 22

Má maður drepa mann?

Leiklist ★★★

Vakt – leikhópurinn Amma

Leikarar: Einar Aðalsteinsson, Hera Hilmarsdóttir. Höfundur: Halldór Armand Ásgeirsson

Samband ungra sviðslistamanna heldur hátíð á hverju ári og eru þau nú orðin fimm árin sem art-Fart-hátíðin hefur glatt áhorfendur. Ein þeirra sýninga sem nú voru settar á svið var eftir Halldór Armand Ásgeirsson undir titlinum Vakt. Á föstudagskvöldið var fullur salur af fólki í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi sem hefði getað setið á gjörgæslu Landspítalans því þannig var umhorfs fyrir utan að maður í sínu dýpsta ástandi lá með allar tegundir af slöngum og túðum og þráðum sem tengd voru við líf-vana líkamann í rúmi með þar til gerð mælitæki sér við hlið.

Tveir ungir læknar eða læknanemar eru á vakt þegar komið er með mann sem ekið hefur á ofsahraða eftir Miklubraut og liggur nú óþekkjanlegur í dái. Það er hugsanlegt að meginhluti verksins eigi að gerast á einni nóttu. Þau Einar Aðalsteinsson og Hera Hilmarsdóttir fara með hlutverk læknanna ungu. Þau spjalla um lífsins gagn og nauðsynjar meðan þau fylgjast með gangi mála á mælum hjá hinum slasaða. Þau vita ekki hver hann er og hann hefur greinilega engin sérstök áhrif á þau því þau spjalla um heima og geima og hinn slasaða eins og hann sé þar hvergi nærri. Strax þar gætti ótrúverðugleika í textanum og þar með leiknum, því þó það séu kannski durtar og stundum eiginhagsmunaseggir sem veljast í læknastétt þá er það löngu liðin tíð að menn reifi öll heimsins mál beint inn í eyrun á manneskju í kóma. Unga konan sem Hera Hilmarsdóttir léði líf hafði lent í því að bróðir hennar Róbert hafði orðið fyrir fólskulegri tilefnislausri árás úti á götu og þar með var líf hans og um leið fjölskyldu hennar allrar lagt í rúst.

Læknirinn ungi sem Einar Aðalsteinsson lék fær af hendi höfundar, hlutverk hlustanda og boltaveggjar fremur en eiginlegan bakgrunn að moða úr. Hann er skondinn á stundum og flækist inn í hennar öfgaviðbrögð þá er hún kemst að því að maðurinn í bólinu er enginn annar en sá sem lagt hafði líf bróður hennar í rúst.

Með einu agnarlitlu handtaki gætu þau tekið hann úr sambandi, úr sambandi við þetta líf sem þau á þessari stundu ráða yfir. Þessi siðferðislegi kollhnís sem þau sameiginlega lenda í, er það sem verkið fjallar um. Hefnd og hver ræður yfir lífinu og hver myndi svo sem fatta þó svo að þau styttu ... allar þessar spurningar og allar þessar hugdettur á línunni slöku. Þetta var mjög góð hugmynd og vonandi verður hún þróuð frekar en sýningin leið fyrir að nærveru þriðja augans, leikstjórans, vantaði alveg.

Elísabet Brekkan

Einar Aðalsteinsson og Hera Hilmarsdóttir leika í sýningunni Vakt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Niðurstaða: Góð hugmynd og vonandi verður hún þróuð frekar. Sýningin leið fyrir að nærveru þriðja augans, leikstjórans, vantaði.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Nokkur sæti laus!

Skrifstofubraut I
Er tveggja anna hagnýt braut þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst
Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi
Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.
Inntökuskilyrði: Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst.

Office Skills Programme for Foreign Students
Office Skills Programme for students, over the age of 20, not having Icelandic as their mother tongue. The courses are taught both in basic Icelandic and English.
Time: Mondays, Tuesdays and Wednesdays from 17:30 to 20:30. See mk.is

Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/8244114 eða í inga.karlsdottir@mk.is

Auður Ava Ólafsdóttir hefur verið tilnefnd til bókmenntaverðlaunanna Prix Roman du Fnac 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tilnefnd til franskra bókmenntaverðlauna

Auður Ava Ólafsdóttir hefur verið tilnefnd til bókmenntaverðlaunanna Prix Roman du Fnac 2010 í Frakklandi fyrir þriðju skáldsögu sína Afleggjarann.

Spurð hvort hún hafi átt von á tilnefningunni segir Auður Ava: „Ég býst aldrei við neinu, hvorki góðu né slæmu. En þetta er voða gaman enda eru þetta virt verðlaun og bókin fær góða athygli," segir hún. „Ég er í sjálfu sér aldrei með neinar væntingar heldur er bara að vinna mína vinnu. Ég er að undirbúa kennslu í háskólanum þannig að ég hef alltaf nóg að sýsla við."

Afleggjarinn hlaut Menningarverðlaun DV í bókmenntum og var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2009. Tilnefningarnar til Prix Roman du Fnac eru þær fyrstu á komandi bókmenntavertíð í Frakklandi og verða verðlaunin veitt í lok ágúst. Útgefandi Afleggjara í Frakklandi er bókaforlagið Zulma og heitir skáldsagan Rosa Candida í franskri þýðingu Catherine Eyjólfsson. Bókin kemur í verslanir í Frakklandi um miðjan ágúst en fór í dreifingu til gagnrýnenda og „bókalesara" bókabúða sl. vor. „Þetta er algjör snilldarþýðing hjá Catherine Eyjólfsson. Hún nær alveg músíkinni. Hún er svo mikilvæg í mínum verkum, þessi tónn. Það er oft erfiðast að ná honum í þýðingum," segir Auður.

Það eru 900 manns úr frönskum bókaiðnaði sem standa að vali á bókum sem eru tilnefndar árlega til Prix Roman du Fnac. Forlagið Zulma hefur þegar fengið afar jákvæð viðbrögð við Afleggjara Auðar og hefur ákveðið að láta prenta annað upplag. Þá hefur franska forlagið einnig keypt útgáfuréttinn að skáldsögu Auðar, Rigning í nóvember.

Augnakonfekt

Laugavegi 95 | Sími 552 9922 | www.augnakonfekt.is

Opið frameftir á menningarnótt

Ingi Sign
skartgripahönnuður/gullsmiður

Verið velkomin
á Menningarnótt,
Kolbrún og Ingi.

GALLERÝ AUGNAKONFEKT

Kolbrún Roberts listmálari

GUSTAV KLIMT LISTMUNIR

40% afsláttur

Handmálað m/24 kt gulli

Handunnin glervara -15%

Gjafir fyrir öll tækifæri



Sign skargripir fást í Augnakonfekt

AÐ TJALDABAKI

Ljóðlínusafn nefnist ný útgáfa með þremur ljóðabókum Sigurðar Pálssonar: Ljóðlínudans, Ljóðlínuskip og Ljóðlínuspil. Ljóðlínusafn er þriðja ljóðasafn Sigurðar en áður hafa komið út safnbækurnar Ljóðvegasafn og Ljóðnámusafn. Eldri ljóðabækur hins margverðlaunaða Sigurðar hafa verið ófáanlegar um árabil. Loksins verður hægt að nálgast þær í bókabúðum á ný því þær koma nú út í röð safnbóka frá Forlaginu.

Sigurður er fæddur á Skinnastað 1948. Hann er leikhúsfræðingur að mennt, rithöfundur og þýðandi að starfi. Hann er í fremstu röð íslenskra ljóðskálda, prósahöfunda og leikskálda, fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Minnisbók sína og Grímuverðlaun fyrir leikverkið Utan gátta. Ljóðabækur hans eru fjórtán talsins.

Pétur Gunnarsson rithöfundur leiðir göngu um söguslóðir Þórbergs Þórðarsonar í Vesturbæ Reykjavíkur á morgun. Gangan er farin í tilefni af útkomu bókarinnar Meistarar og lærisveinar sem hefur að geyma áður óbirt ævisagnahandrit Þórbergs. Þórbergur fluttist unglingur til Reykjavíkur og ól þar manninn til æviloka árið 1974. Í göngunni verða heimsótt nokkur örlagarík kennileiti á lífsgöngu Þórbergs þar sem þau er að finna á afmörkuðu svæði í Vesturbæ Reykjavíkur með Unuhús að miðpunkti. Gangan er öllum opin, lagt verður upp frá skrifstofu Forlagsins að Bræðraborgarstíg 7 kl. 20 og endað á sama stað rúmri klukkustund síðar.

Haldið verður upp á 100 ára afmæli íslensku hljómplötunnar í Norræna húsinu á mánudaginn. Fram kemur fjöldi listamanna ásamt því að flutt verða erindi úr sögu íslenskrar tónlistar. Kynnir á dagskránni verður Halldór Halldórsson (Dóri DNA).

512 54 01
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Auglýsingin gildir til og með 22.ágúst eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og mynadbrengl.

ÓDÝRT Í SKÓLANN!!!

SPARA SPARA

5 Í PAKKA

Gormabók A4 lína
699KR

30% AFSLÁTTUR

185KR
A4 verkefna og úrklippubók

Af öllum fylltum pennaveskjum

65KR
Áherslupenni gulur

Stílabók A4 vírheft línustrikuð
99KR

99KR
Gatapokar plastvasar

20KR
Strokleður

50KR
Blý HB 0,5 - 2 stk í pk

245KR
Merkifánar pílu neonlitir

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

OPIÐ
LAU OG SUN
10-20

SKEIFUNNI 11 s: 5331010
griffill.is

KILLER BOOGIE Þeyr á tónleikum á Lækjartorgi í september árið 1981.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Úr seventíspoppi í nýbylgjurokk

Í miðjum upptökum á fyrstu hljómplötu **Þeys** gekkst sveitin undir miklar breytingar, einar þær róttækustu í íslenskri dægurtónlistarsögu. Í tilefni þrjátíu ára starfsafmælis hins eiginlega Þeys kemur sveitin fram í Norræna húsinu á mánudagskvöld í dagskrá tileinkaðri aldarafmæli íslensku hljómplötunnar. *Kjartan Guðmundsson* leit yfir feril þessarar goðsagnakenndu hljómsveitar.

Þrátt fyrir þriggja stiga spurning í Popppunkti er að leika brot úr lagi af fyrstu plötu Þeys, Þagað í hel sem kom út hjá SG-hljómplötum árið 1980, og inna keppendur eftir því um hvaða hljómsveit sé að ræða. Líklegt er að fátt verði um svör nema hjá allra hörðustu tónlistarspekingum, því platan er að flestu leyti gjörólík því sem heyrðist frá Þey á annarri breiðskífu sveitarinnar, Mjötviður Mær, einungis ári síðar.

Það merkilega gerðist nefnilega í miðju upptökuferli fyrrnefndu plötunnar að tónlist Þeys stökkbreyttist úr léttu seventís-poppi með greinilegum diskó-áhrifum yfir í framsækið og drungalegt nýbylgjurokk sem sótti áhrif sín að verulegu leyti í póst-pönkið svokallaða, bönd á borð við Joy Division og fleiri sem urðu til í kjölfar pönkbylgjunnar í Englandi undir lok áttunda áratugarins. Raunar hefur vafist fyrir fólki að skilgreina tónlist Þeys niður í kjölinn, en víst er að létt/þunga blandan sem boðið var upp á á Þagað í hel ruglaði ýmsa í ríminu. Ekki er óalgengt að þeir sem á annað borð lögðu við hlustir lýsi verkinu sem geðklofa, en platan hefur aldrei verið endurútgefin og verður ekki úr þessu, þótt vissulega sé hún stórmerkileg í poppsögulegu tilliti.

Róttækar breytingar

Á nýbylgjutónleikum sem haldnir voru undir einkunnarorðaleiknum „Barðir til róbóta“ í Gamla bíói fyrir jólin 1980, um það leyti sem Þagað í hel kom út, komu Þeysarar fram ásamt Utangarðsmönnum, Fræbbblunum og fleirum. Í umfjöllun sinni um hljómleikana lýsir blaðamaður Vísis sveitinni sem efnilegri.

„Mér skilst að þeir hafi hljómsveitarstrákarnir – og stelpan, verið að spila hugljúfa blásverkstónlist þar til fyrir skömmu: uppgötvað þá hvað slíkt er leiðinlegt og farið að rokka, skipað söngvaranum að syngja falskt. Lofaði góðu ... Ekki svo að skilja að ég álíti Þey pönkhljómsveit – það verður hljómsveitin að eiga við sjálfa sig – en ég tók eftir því að Þeyr hafði lokið sér af púuðu menn annaðhvort eða hrópuðu skefjalaust húrra,“ segir í Vísi 20. desember 1980.

Þegar þarna var komið sögu hafði Guðlaugur Kristinn Óttarsson gengið til liðs við Þeysara, en stofnmeðlimirnir Elín Reynisdóttir og Jóhann Helgason sögðu skilið við sveitina stuttu síðar. Gítarsnillingurinn Þorsteinn Magnússon úr Eik bættist í hópinn stuttu síðar og var þá komin sú liðskipan sem hélst óbreytt þar til sveitin liðaðist í sundur vorið 1983, en fyrir höfðu verið þeir Magnús Guðmundsson söngvari, Hilmar Örn Agnarsson bassaleikari, Sigtryggur Baldursson trommari. Hilmar Örn Hilmarsson, síðar allsherjargoði, og Guðni Rúnar Agnarsson voru hugmyndafræðingar sveitarinnar og Hilmar samdi flesta textana.

Mikil afköst á einu ári

Svona skipuð fór hljómsveitin fljótlega að vekja verulega athygli fyrir nýstárlega tónlistarsköpun og enn nýbylgjulegri sviðsframkomu. Mikið var um pælingar í hópnum og óspart sótt í sarp ýmiss konar dul- og heimspeki, auk þess sem Guðlaugur gítarleikari þótti flestum fróðari um eðlisfræði og tengd mál.

Litla platan Útfrymi kom út undir merkjum Eskvímó, sem var hljómplötufyrirtæki sveitarinnar sjálfrar, um vorið 1981 við fögnuð margra og kjarninn sem sótti tónleika Þeysara stækkaði ört. Tíutommuplatan Iður til fóta kom út í september sama ár og jók enn á þær vonir að Þeyr ætti eftir að gera risastóra hluti á tónlistarsviðinu.

Í desember 1981 gaf sveitin svo út breiðskífuna Mjötviður mær sem var meðal annars lýst sem tímamótaplötu af gagnrýnendum. Platan sú virðist hafa lifað bestu lífi af afurðum Þeys, í vitund almennings hið minnsta, og var meðal annars í 34. sæti yfir hundrað bestu plötur Íslandsögunnar í kosningu Rásar 2, Félags íslenskra hljómplötuframleiðenda og Tónlistar.is á síðasta ári. Mjötviður mær skartar einnig þekktasta lagi Þeysara, Rúdolf, sem einnig kom út á plötu með tónlist úr kvikmyndinni Rokk í Reykjavík árið 1982.

MERKASTA ENDURKOMA HLJÓMSVEITAR

Poppfræðingurinn Jens Guðmundsson, sem fjallaði meðal annars um hljómsveitina Þey í bók sinni Poppbókin: Í fyrsta sæti frá 1983, hikar ekki við að kalla tónleika sveitarinnar í Norræna húsinu á mánudag merkustu endurkomu hljómsveitar í rokksögu Íslands.

„Þeyr skar sig úr öðrum nýbylgjusveitum á ýmsan hátt, meðal annars vegna þess hversu góðir hljóðfæraleikarar þeir voru, en það skipti líka máli að þeir vildu alls ekki vera fyrirsjáanlegir í því sem þeir gerðu. Engin hljómsveit, hvorki fyrr né síðar, hefur hljómað neitt í líkingu við Þeysara,“ segir Jens.

Hann segir ekki nokkurn vafa leika á því að Þeyr hafi haft alla burði til að slá í gegn erlendis. „Í textum Þeys var að finna mikla ádeilu á nasisma, en einhverra hluta vegna fengu margir þá hugmynd í kollinn að meðlimir hljómsveitarinnar væru að daðra við nasisma. Mikið til var þetta húmor, eins og til dæmis að kalla Adolf Hitler „Rúdolf“, og þótt mörgum Íslendingum þyki í lagi að grínast með svona hluti og taka slíkt ekki mjög alvarlega þá er allt annað upp á teningnum erlendis. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er það til dæmis þegjandi samkomulag meðal poppskríbenta að fjalla ekki um nasista í músík. Þessi misskilningur kom klárlega í veg fyrir frama Þeysara erlendis. Það sama gerðist með hljómsveitina Ham, þegar sú sveit var í þeirri góðu stöðu að spila með Sykurmolunum í útlöndum. Ham grínaðist með nasisma og þess vegna voru þeir sniðgengnir af popppressunni.“

TÓNLISTARLEG OPINBERUN

Það var mikil tónlistarleg opinberun fyrir mig að heyra í Þey í fyrsta skipti. Ég þræddi safnarabúðirnar og linnti ekki látum fyrr en ég hafði eignast allar plöturnar þeirra á vínyl, nema As Above. Hana fann ég því miður aldrei,“ segir Páll Ragnar Pálsson, fyrrum gítarleikari í Maus, sem nú nemur tónsmíðar í Tallinn í Eistlandi. Páll kynntist tónlist Þeysara í gegnum eldri bróður sinn, sem mataði fróðleiksfúsan tónlistaráhugamanninn á pönki og nýbylgju strax á unglingsárum.

„Ég heillaðist gjörsamlega af þessu kuldarokks-sándi,“ heldur Páll áfram. „Ef maður reynir að setja þetta í samhengi þá var kalda stríðið auðvitað í fullum gangi á þessum tíma, menn voru að pæla í hvenær kjarnorkusprengjan félli og kannski réði það stemningunni á vissan hátt. Ógnin var yfirvofandi og allt var dálítið kalt og nöturlegt. Svo er einhver draumkennd stemning í tónlistinni sem er mjög sérstök, sérstaklega á Mjötviður mær. Heillandi blanda af krafti og mystík, djúpum pælingum og líka húmor.“

Páll nefnir sérstaklega trommuleik Sigtryggs og samleik gítarleikaranna Guðlaugs og Þorsteins sem dæmi um snilli Þeysara. „Gítarleikararnir hafa hvor sinn karakterinn, en blandan er alveg stórkostleg. Tónlist Þeys hafði hiklaust mikil áhrif á það hvernig ég spilaði á gítar í árdaga Maus, sérstaklega á fyrstu tveimur plötunum,“ segir Páll.

Undirheimar stórborgar

Milli útkomu Iðurs til fóta og Mjötviðar mær brugðu Þeysarar sér til Bretlands. Þeir höfðu kynnst þeim Geordie og Jaz Coleman úr hinni heimsþekktu nýbylgjusveit Killing Joke og hugðust nýta sér samböndin ytra, en lítið varð þó úr spilamennsku í ferðinni. Í bókinni Eru ekki allir í stuði?: Rokk á Íslandi á síðustu öld eftir Dr. Gunna kemur fram að sveitinni var boðið að hita upp fyrir The Cure á hljómleikaferðalagi en treysti sér ekki í slíkt ævintýri. Þá stóð á tímabili til að stór hluti Þeysara rynni inn í Killing Joke, en ekki varð úr því.

Þeyr kvaddi sér þó í útgáfusamning við Shout Records, sem árið eftir gaf út úrval af lögum Þeys á plötunni As Above.

Svanasöngurinn

Eftir hljómleikaferðalög um Skandinavíu og stanslausa spilamennsku árið 1982 virðist sem liðsmenn Þeys hafi farið að þreytast nokkuð á harkinu, enda seldust breiðskífur sveitarinnar fráleitt í línulegu hlutfalli við frábær viðbrögð gagnrýnenda. Tólftomman The Fourth Reich kom út í desember það ár og reyndist svanasöngur sveitarinnar hvað útgáfu varðaði. Eins og áður sagði liðaðist bandið hljóðlega í sundur vorið 1983.

Sigtryggur og Guðlaugur gengu í Kuklið, sem síðar þróaðist yfir í Sykurmolana. Magnús stofnaði hljómsveitina með Nöktum, Þorsteinn sendi frá sér sólóplötuna Líf, en Hilmar Örn Agnarsson lærði til orgelleikara og starfar sem slíkur í Skálholtskirkju.

Activio Bylting í hópþjálfun

NÝTT!

Hámarks þjálfun á öruggan og nákvæman hátt!

Activio 500+ er nýtt kerfi sem tryggir að þú bætir þol þitt og þrek á réttan hátt.

Kerfið mælir hjartslátt og sýnir púls þátttakenda á stóru tjaldi. Skífa tengd þínum púlsmæli gefur nákvæmar upplýsingar um hve mikið þú leggur á þig í tímanum. Aðeins þú veist hvaða skífa er tengd þínu númeri.

Þjálfunin er nákvæm og áhrifarík fyrir jafnt byrjendur sem fólk í topp formi. Kynningarverð aðeins 18.900 kr.

Hefst 30. ágúst.

Skráðu þig núna í vefverslun Hreyfingar eða í síma 414 4000.

Allar upplýsingar á www.hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Það er kominn tími til að tína

Tími matarmikilla sveppa, safaríkra berja, kynngimagnaðra jurta og annarra gjafa náttúrunnar er runninn upp. *Fréttablaðið* vísar veginn að nokkrum vel völdum stöðum þar sem borgar sig að staldra við, beygja sig niður og hefjast handa við að tína.

1. HEIÐMÖRK

Hrútaber

Mörgum þykir nauðsynlegt að ná sér í hrútaber á haustin og gera úr þeim hrútaberjahlaup, sem allir matgæðingar vita að er bráðnauðsynlegt með jólarjúpunum og annarri villibráð. Hrútaberjahlaup passar ekki síður vel með með ostunum og rauðvíninu á nöprum vetrardögum. Berin leynast undir og í kringum birkitré. Fyrir óvana getur verið erfitt að koma augu á þau, þar sem blöð lyngsins eru stór og hylja þau oft. Göngufólk í Heiðmörk, með glöggt auga fyrir lyngi hrútaberjanna, hefur hins vegar tekið eftir því að þar er nú krökkt af þeim. Því er óhætt að mæla með hrútaberjaferð í Heiðmörkina.

2. GRÁBRÓKARHRAUN

Burnirót

Burnirótin er kölluð ginseng norðursins. Hún er seld í heilsubúðum um allan heim undir nafninu Arctic Root og þykir búa yfir stórkostlegum eiginleikum til að fríska upp sálina. Burnirótin vex um allt land, en mjög mikið hefur sést af henni í Borgarfirðinum og er Grábrókarhraunið þá sérstaklega nefnt sem tilvalinn tínslustaður. Til marks um hversu full burnirótin er af heilnæmum efnum er að ef sauðfé kemst í hana étur það hana eins og sælgæti upp til agna. Um þessar mundir er jurtin fallin og rétti tíminn til að taka hana, því jarðstöngull hennar er einungis nýttur. Burnirótin er talin gefa skarpa hugsun og gera fólk jákvæðara. Þá er hún talin góð fyrir taugakerfið.

3. BREIÐAFJÖRÐUR

Kræklingur

Þó að enn séu nokkrar vikur í að kominn sé besti tíminn til kræklingatínslu er vel hægt að mæla með kræklingaferð í Breiðafjörðinn, ef fólk er á annað borð komið í þann gírinn að sækja sér ókeypis kræsingar til náttúrunnar. Á undanförnum árum hefur verið eftirlit með vexti eitraðra þörunga og eitrun í skelfiski af þeirra völdum á vegum Matvælastofnunar í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, skelfiskveiðimenn og kræklingaræktendur. Samkvæmt síðustu sýnatöku í Stykkishólmi, þann 16. ágúst, er nú ekki varað við neyslu skelfisks úr Breiðafirðinum.

4. STRANDIR

Bláber

Samkvæmt fréttum af Ströndum er berjasprettan þar afbragð í sumar. Það er því óhætt að mæla með berjaferð á Strandir, þótt bláberin finnist víða um land og fleiri landshlutar en Vestfirðirnir geri tilkall til þess að eiga bestu berjalönd landsins, ef ekki heimsins. Til að mynda eru firðirnir fyrir austan margir hverjir miklar berjakistur. Bláber eru svo meinholl og stútfull af C-vítamínum og andoxunarefnum að Íslendingar ættu að taka tínsluna alvarlega og fylla kistur sínar af þeim, til að bæta upp fyrir niðamyrkrið sem fram undan er í vetur.

5. SVARFAÐARDALUR

Aðalber

Aðalbláberin vaxa víða um land. Mikið er af þeim á Vestfjörðum en einnig á Norðurlandi. Aðalbláber geta bæði verið blá og svört. Þau svörtu eru kölluð aðalber af Norðlendingum, sem raunar vilja sumir hverjir meina að aðalbláber og aðalber séu hreint ekki sami hluturinn. Svarfaðardalurinn er frægur fyrir þau, en þar finnast nær eingöngu hin svörtu aðalber.

6. BÖGGVISSTAÐAFJALL

Beitilyng

Böggvisstaðafjall við Dalvík er ekki bara skemmtilegt skíðasvæði á veturna heldur líka gjöfult berjaland á sumrin. Þar, sem víða annars staðar á landinu þar sem berjaland er, finnst beitilyng. Það finnst þó ekki um allt land, til að mynda ekki á Vestfjörðum. Beitilyngið, sem blómgast í ágúst, er talin öflug jurt, sem hefur meðal annars reynst vel á ýmiss konar gigt. Þá mun lyngið hafa róandi áhrif og því gott að þurrka það og búa svo til úr því te til að drekka á kvöldin fyrir svefninn.

7. HALLORMSSTAÐASKÓGUR

Lerkisveppir

Þar sem lerki hefur verið plantað finnst lerkisveppurinn oft á tíðum í stórum breiðum. Það er því mikið af honum í lerkiskóginum í Hallormsstaðaskógi og margir sem leggja árvisst leið sína þangað eftir honum. Hann er talinn mjög góður matsveppur en bestur þykir hann ungur, stinnur og nýsprottinn. Þegar sveppir eru tíndir er gott að hafa í huga að nota körfu, en ekki lokuð ílát eða plastpoka, því sveppirnir skemmast fljótt ef ekki leikur loft um þá.

8. HAUKAFELL

Krækiber

Í land Skógræktarfélagsins í Haukafelli hópast allir Hornfirðingar í berjamó. Svæðið er sérstaklega ríkt af krækiberjum, þó þar séu einnig aðrar berjategundir, svo ekki sé talað um sveppina. Haukafellið er mjög gróið og því ekki síður skemmtilegt útivistarsvæði.

9. TUMASTAÐIR

Furusveppur

Furusveppurinn er talinn meðal bestu matsveppanna sem finnast hér á landi. Myndarleg skógrækt er að Tumastöðum í Fljótshlíðinni. Þangað er tilvalið að fara með fjölskylduna í skógarferð og í sveppamó. Margar trjátegundir er að finna á Tumastöðum, þar á meðal töluvert af furutrjám. Furusveppurinn lifir í sambýli við furuna og er nefndur eftir honum. Algengast er að finna þá við smærri trén. Best er að tína nýsprottna sveppi þegar þeir eru enn þá dökkfjólubrúnir og með hvelfdum og stinnum hatti.

10. KRÝSUVÍK

Einir

Einir finnst í Krýsuvík í stórum breiðum, en hann vex líka víða um land í kjarri, hrauni og móum. Bæði er gott að tína eininn sjálfan og berin sem á honum vaxa. Einiberin eru bæði notuð sem krydd og til að búa til vín. Í bókinni Íslenskar lækninga- og drykkjarjurtir, eftir Björn L. Jónsson, sem kom út árið 1973, segir að bæði lauf og ber einisins örvi svita og þvag og eru vindeyðandi. Þá sé einirinn góður við bjúgi, hósta, hálsbólgu, liðverkjum, þvagstemmu, tíðateppu, andarteppu og máttleysi, hvorki meira né minna.

Heimildir: Samtöl við berjamanninn Svein Rúnar Hauksson, sveppakonuna Ásu Margréti Ásgeirsdóttur og jurtakonuna Sóleyju Elíasdóttur og aðra náttúruunnendur, heimasíðan www.berjavinir.com, bókin Matsveppir í náttúru Íslands.

Nú, eða á allra næstu vikum, er líka góður tími til að …

… klippa rauðu berin af reynitrjánum sem eru gullfalleg á þessum árstíma, skella þeim í frystinn, taka þau út í desember og nota í heimatilbúnu jólaskreytinguna sem þú ætladir alltaf að gera.

… huga að því hvað á að gefa fiðruðu vinum sínum að borða þegar kólna fer í veðri. Sumir smíða fuglabúr, setja upp ker og dunda sér við að búa til kornkransa handa þeim. Margir vilja lokka til sín þresti og þá er gott að hafa í huga að þeir eru vitlausir í epli og fúlsa eflaust ekki við þeim núna, þó enn sé hlýtt í lofti.

… tína berin af rifsberjarunnanum úti í garði og skella í rifsberjahlaup og jafnvel rifsberjalíkjör sem mörgum þykir gott að smakka.

… horfa niður fyrir sig í göngutúrunum og tína upp falleg lauf sem falla af trjánum þegar hausta tekur, þurrka þau og pressa. Krökkum þykir sérstaklega skemmtilegt að búa til ýmiss konar listaverk úr laufblöðunum.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM KL.10

95
KR. KG
RAUÐAR FERSKAR VATNSMELÓNUR

593
KR. KG
NÝ VÍNBER - AMERÍSK UPPSKERA

157
KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR RAUÐAR/HVÍTAR

DRYKKIR FYRIR HLAUPARA

139
KR. 500ml
AQUARIUS 500ml

98
KR. 250ml
EUROSHOPPER 250ml MEÐ OG ÁN SYKURS

159
KR. 500g
NÝJAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR 500G

ALLT FYRIR SULTUGERÐINA

359
KR. PK
SULTUSYKUR MEÐ SULTUHLEYPI 1 KG

98
KR. STK
SULTUKRUKKUR 290ml

198
KR. PK
DORITOS SNAKK 165G

195
KR. PK
EUROSHOPPER STRÁSYKUR 1 KG

79
KR. PK
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 1/2 KG

689
KR. PK
NEUTRAL ÞVOTTAEFNI 1.9 KG.

1998
KR. PK
ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR

198
KR. PK
PAMPERS SIMPLY CLEAN 72 STK

295
KR. PK
EUROSHOPPER CORN FLAKES 750g

498
KR. PK
CHEERIOS 512g

659
KR. PK
KELLOGGS 1 KG

698
KR. PK
CHEERIOS HONEY NUT 715g

698
4 x 1.5 ltr

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

OLZA

PRINCE POLO since 1955

Domino's Pizza

DAGANA 20. -22. ÁGÚST

VERÐUM VIÐ MEÐ GO-KART BRAUTIR Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

GO-KART

KORPUTORGI

REYKJAVÍK (MENNINGARNÓTT)

EGILSTÖÐUM (ORMSTEITI)

HVERAGERÐI (BLÓMSTRANDI DAGAR)

NÝTT!

GO-KART SKÓLINN

Nýjung á Íslandi!. GO-KART akstursskóli fyrir alla. Aksturs íþróttamaðurinn Krisján Einar sem að keppir í evrópumeistaramótinu í Formúlu 3 og er núverandi íslandsmeistari í Gokart er þjálfari skólans. Kristján Einar sem er einn framsti ökumaður okkar íslendinga verður með okkur í allan vetur á gokart brautinni Korputorgi.

NÝTT!

NÝJIR BÍLAR!!!

Vorum að fá í hús 17 glænýja bíla. Bílarnir eru af gerðinni DINO og eru þeir bestu í bransanum. Sprækari, skemmtilegri og betri. Renndu við og taktu einn hring.

GOKA

BRAUTIN

BÓKAÐU NÚNA!

771-2221

GOKART.IS

MENNINGARNÓTT 2010

GLENS OG GAMAN Á GAMLA S.V.R PLANINU!

GO-KART BRAUT FRÁ GOKART.IS

TÍVOLÍ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

RUGL VERÐ, 30 MIÐAR AÐEINS 2000 KR.

DOMINO'S VAGNINN Á SVÆÐINU

KRAKKAHÖLLIN

OPIÐ LAUGARDAG: 10-23
SUNNUDAG: 10 - 22

Á GAMLA S.V.R PLANINU VIÐ KIRKJUSAND DAGANA 20.-22. ÁGÚST

RT.IS

ORKUDRYKKUR
SEM VIRKAR!

Menningarnótt undirbúin

Flautukórinn KóSi, sem heldur tónleika klukkan 11.30 í dag að Laugavegi 13, samanstendur af átta stelpum á aldrinum 15 til 18 ára úr Tónskóla Sigurveins D. Kristinssonar og Tónskóla Kópavogs. Fréttablaðið fékk **Ingibjörgu Erlu Þórhallsdóttur**, einn meðlimanna, til að smella af nokkrum myndum á degi sem einkenndist af æfingum og skólaundirbúningi.

MYNDBROT ÚR DEGI | Miðvikudagurinn 18. ágúst | Myndir teknar á Panasonic Lumix DMC-LX2

1 Ég byrja alla morgna á því að fá mér Kellogg's Special K, mikilvægustu máltíð dagsins.

2 Miðvikudagurinn 18. ágúst var síðasti dagurinn minn í sumarfrí og ákvað ég að nýta tímann og veðurblíðuna og kíkja á Laugaveginn.

3 Flautukórinn KóSi að fínpússa dagskrána fyrir menningarnæturtónleikana.

Framtak á landsbyggðinni

Ertu með hugmynd að nýrri vöru eða þjónustu?

Framtak veitir starfandi fyrirtækjum á landsbyggðinni styrki til að þróa nýjar vörur og þjónustu.

Markmið verkefnisins er að hvetja til þróunar og nýsköpunar hjá starfandi fyrirtækjum á landsbyggðinni og veita faglega og fjárhagslega aðstoð við nýsköpun og þróun.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Í umsókn þarf að koma fram:

- **Skýr lýsing** á verkefninu í heild og ætluðum árangri
- **Lýsing á nýnæmi** verkefnisins og á hvaða hátt verkefnið er frábrugðið þeim lausnum sem eru á markaði í dag
- **Yfirlit yfir innlenda samkeppni** ef um er að ræða
- **Áætlun** yfir kostnað

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á vefslóðinni **www.nmi.is/impra**.

Einnig má senda beiðni um upplýsingar og aðstoð á netfangið **sigurdurs@nmi.is**.

Næsti umsóknarfrestur er til **15. september** n.k.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra

Borgum við Norðurslóð | 600 Akureyri | Sími 522 9435 | www.nmi.is

4 Nú er ég að byrja á þriðja árinu mínu í Verzló og það þarf að redda bókum fyrir veturinn.

5 Æfing númer tvö þennan daginn ásamt Helga Reyni þar sem við æfum vel valin lög.



6 Ekkert er betra og fallegra en kvöldganga í Elliðaárdalnum sem er í mínu nánasta umhverfi.

Hjálpum Pakistan

söfnunarsíminn er 904 1500

Rauði kross Íslands

HÚSGAGNAHÖLLIN

HAUSTVEISLA!

GLÆSILEGAR HAUSTVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

spizy DENMARK

NÚNA 20% AFSLÁTTUR

ALLIR SEM KAUPA SÓFA UM HELGINA (fram á mánudag) FÁ TVO PÚÐA AÐ EIGIN VALI.

OREGON hornsófi.
Vienna svart áklæði.
B:310x240 H:85 D:80/150 cm.
Fæst með vinstri og hægri tungu.

229.990
FULLT VERÐ: 299.980

NÝ VÖRULÍNA í smávörudeild SEM LÍFGAR UPP Á HEIMILIÐ

490
SPIZY servíettur.
20 stk. í pakka.

NÝTT

STING tungusófi. Ljósgrátt áklæði.
B:252 D:87/150 H:63 cm.
Fæst með vinstri og hægri tungu.

179.980
FULLT VERÐ: 199.990



490
SPIZY diskamottur.
Margir litir.

NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

ASPEN La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm. Fæst með natur, rauðu og brúnu áklæði.

74.980
FULLT VERÐ: 99.980

NÝTT

NÚNA 20% AFSLÁTTUR

KENYA hægindastóll.
B:70 D:61 H:82 cm. Rio kakí og Rio purple áklæði.

39.990
FULLT VERÐ: 49.990

NÚNA 30% AFSLÁTTUR

BORMIOLI Desert skál. 10 cm.	**340**	Fullt verð: ~~490~~
BORMIOLI Líkjörsglas	**190**	Fullt verð: ~~290~~
BORMIOLI Long drink glas 41 cl.	**340**	Fullt verð: ~~490~~
BORMIOLI Whisky glas 19,5 cl.	**250**	Fullt verð: ~~360~~
BORMIOLI Vatnsglas 30 cl.	**250**	Fullt verð: ~~390~~

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

KIM CATTRALL ER FÆDD ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1956

„List snýst um að tjá hver maður er. Hlutverkin sem ég leik eru skúlptúrarnir mínir.“

Kim er bresk leikkona sem meðal annars er þekkt fyrir leik sinn í Police Academy og Sex and the City.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 21. ÁGÚST 1913

Monu Lisu var stolið

Málverkinu fræga, Monu Lisu, var stolið af listasafninu Louvre í París þennan mánaðardag árið 1913. Málarinn Louis Béroud uppgötvaði stuldinn þegar hann kom að auðum veggnum morguninn eftir. Þegar tvö ár voru liðin frá ráninu komst upp um þjófinn. Hann var starfsmaður Louvre-safnsins, Vincenco Peruggia. Hann var ítalskur þjóðernissinni sem áleit verkið þjóðareign Ítala. Því hafði hann falið sig inni í kústaskáp þar til safninu var lokað og gengið síðan út með verkið undir frakka sínum.

Eftir að hafa geymt það í íbúð sinni í tvö ár reyndi hann að selja Uffizi-safninu í Flórens það. Málverkið var sýnt á helstu söfnum Ítalíu en síðan sent aftur til eigenda sinna í Frakklandi.

Peruggia var hylltur um alla Ítalíu fyrir verknaðinn og fékk aðeins nokkra mánuði í fangelsi.

MERKISATBURÐIR

1011 Njáll Þorgeirsson og heimilisfólk hans á Bergþórshvoli í Landeyjum er brennt inni af Flosa Þórðarsyni og mönnum hans.

1238 Örlygsstaðabardagi er háður í Skagafirði.

1905 Lagning ritsíma til Íslands og símalínu frá Austfjörðum til Akureyrar og Reykjavíkur er samþykkt á Alþingi.

1932 Vígð er 170 metra löng brú á Þverá í Rangárvallasýslu að viðstöddu fjölmenni.

1958 Friðrik Ólafsson skákmaður varð stórmeistari, 24 ára gamall.

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

AFMÆLI

EIRÍKUR JÓNSSON ritstjóri er 58 ára.

PÁLMI MATTHÍASSON prestur er 59 ára.

RAGNAR OG ÁSGEIR ER FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI. Jóna Björk Ragnarsdóttir, Ragnar Ingi Haraldsson, Ásgeir Ragnarsson, Þórey Jónsdóttir og Ásgeir Þór Ásgeirsson.

MYND/ÚR EINKASAFNI

FLUTNINGAFYRIRTÆKIÐ RAGNAR OG ÁSGEIR: FAGNAR FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI

Áhugi á akstri gengur í erfðir

„Það er auðvitað lifibrauð okkar að flytja vörurnar sem lengst. Við fögnum því samt þegar vegleiðir styttast því kúnninn okkar nýtur góðs af því sem og landsbyggðin,“ segir Ragnar Haraldsson, stofnandi fyrirtækisins Ragnar og Ásgeir, en hann hefur rekið vöruflutningafyrirtæki í Grundarfirði í fjörutíu ár með fjölskyldu sinni. Hann er því spurður hverjar hann telji mestu vegabætur á Vesturlandi á síðustu áratugum og nefnir fyrst Borgarfjarðarbrúna. „Svo var gert átak hér úti á Snæfellsnesinu þegar Vatnaleiðin svokallaða var gerð og líka brúin yfir Kolgrafarfjörðinn sem var tekin í gagnið í hittiðfyrra. Að ógleymdum Hvalfjarðargöngunum sem okkur finnst við reyndar borga helvíti mikið í. Göngin eru geipileg samgöngubót en umræðan um hönnun þeirra á því miður við rök að styðjast. Þau eru stórhættuleg þó við höfum aldrei orðið fyrir óhappi þar, sem betur fer.“

Ragnar kveðst hafa byrjað reksturinn á að kaupa notaðan Bedford vöruflutningabíl, ásamt konu sinni Rósu Björgu Sveinsdóttur sem hafi haldið utan um bókhaldið, ásamt því að ala upp börnin fjögur. „Börnin fóru snemma að hjálpa til við að losa og lesta án þess að fá borgað fyrir og Ásgeir sonur okkar byrjaði að keyra flutningabíl um leið og hann hafði aldur til og kom strax inn í reksturinn með okkur,“ lýsir Ragnar.

Nú er fyrirtækið eitt það öflugasta á sínu sviði í eigu einstaklinga, á sautján stóra bíla og nokkra minni sem notaðir eru til að safna saman vörum á Snæfellsnesinu og keyra þær út. Rósa, eiginkona Ragnars, er látin fyrir þremur árum, Ásgeir er framkvæmdastjóri, systir hans Jóna Björk er skrifstofustjóri og Þórey Jónsdóttir, eiginkona Ásgeirs, vinnur líka við bókhaldið. „Svo er sonur Ásgeirs farinn að keyra alveg á fullu og annar er í útkeyrslunni. Áhugi á akstrinum gengur í erfðir,“ lýsir Ragnar og sér fram á að fyrirtækinu verði haldið við, enda sé fjórði ættliðurinn kominn til skjalanna líka. „Þeir eru alltaf að barna þessir ungu menn, konurnar þeirra hafa verið að fæða aðra og þriðju hverja viku upp á síðkastið og von er á einni dömu eftir nokkra mánuði. Hún fær nú kannski stól á skrifstofunni, ef hún vill ekki keyra,“ segir hann í gamansömum tón.

En snúum okkur að afmælishaldinu sem er einmitt í dag. „Þau stjórna þessu nú börnin og tengdabörnin,“ segir Ragnar. „En við ætlum að halda fagnað í húsi félagsins hér í Grundarfirði og þangað er öllum viðskiptavinum og velunnurum fyrirtækisins boðið að koma. Hann byrjar klukkan átta í kvöld þegar golfmótið er búið.“

Við eftirgrennslan kemur í ljós að fyrirtækið Ragnar og Ásgeir heldur yfirleitt eitt golfmót á ári og nú er það að sjálfsögðu afmælismót. Skyldi Ragnar vera lunkinn í golfi. „Nei, það eru nú aðallega strákarnir. Ég reyndi að byrja í golfi fyrir einhverjum árum en mér fannst holan svo lítil að það væri ómögulegt að eiga við þetta og ég hef ekkert getað fengið því breytt.“

gun@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Grétars Sigurðssonar
Hjaltabakka 14, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Sigríður Þóra Ingadóttir
Rósa Dagný Grétarsdóttir — **Guðni Þór Arnórsson**
Laufey Grétarsdóttir — **Eyþór Harðarson**
Ingi Grétarsson — **Svandís Geirsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Innilegustu þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

Sigurrósar Margrétar Sigurjónsdóttur
Gullsmára 9, Kópavogi.

Jónas Gunnar Guðmundsson
Sigurbjörn Rúnar Jónasson
Reynir Jónasson — **Hrafnhildur Rós Valdimarsdóttir**
Daníel Björn Sigurbjörnsson
Matthías Sigurbjörnsson
Þórunn Sigurrós Sigurbjörnsdóttir
Bergdís Heiða Reynisdóttir
Friðbjörn Víðir Reynisson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

†

Ástkær faðir okkar

Stefán Bjarnason,
Sunnuvegi 19

er látinn. Jarðsett verður frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 25. ágúst kl. 13.

Fyrir hönd afkomenda,

Ragnar Stefánsson, Guðný Snæland, Elsa Vestmann Stefánsdóttir.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Halldórsson
Hvassaleiti 56, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 11. ágúst s.l. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur vilja koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks og heimilismanna á Sóltúni fyrir einstaka umönnun og samskipti.
Fyrir hönd aðstandenda,
Hrefna Lárusdóttir.

GLATT Á HJALLA Á sumarlokahátíð Reykjadals um miðjan þennan mánuð. Staðið hefur yfir söfnun til þess að tryggja megi starfsemina.

Á suðurleið fyrir Reykjadal

„Við erum komnir á Blönduós, það er búið að ganga alveg þvílíkt vel," segir Konráð Gottliebsson. Hann hjólar ásamt þremur vinum sínum sem allir eru á aldrinum fimmtán til tuttugu ára frá Ólafsfirði til Reykjavíkur til styrktar Reykjadal. Ferðin hófst í gær. „Við stefnum á að koma í bæinn á laugardag, og ef það gengur svona vel þá bara snemma."

Þeir félagarnir fara á tveimur hjólum sem Skíðaþjónustan lánaði þeim og einum bíl og skiptast á um að hjóla, alltaf tveir í einu þrjá tíma í senn. En hvernig fenguð þið þessa hugmynd? „Ég var nú bara hérna í vinnunni og sá einhverja krakka vera að hjóla hérna fram hjá. Þá hringdi ég í strákana og spurði þá hvort við ættum ekki að hjóla suður. Þeir voru til í þetta."

- mmf

Svanur mótaður úr dagblöðum

Origami Ísland stendur fyrir viðburði í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag milli klukkan 13 og 17. Viðburðurinn er hluti af menningarnótt.

Origami Ísland er félagsskapur þriggja áhugamanna um origami, þeirra Björns Finnssonar, Tómasar Lee og Jóns Víðis töframanns en þeir eru allir starfsmenn frístundastarfs Reykjavíkurborgar. Í dag munu þeir kenna gestum og gangandi að brjóta dagblaðapappír eftir kúnstarinnar reglum og útbúa sérstakt origamistykki sem kallast Kínverska stykkið. Stykkjunum verður síðan raðað saman í stóran dagblaðasvan. Einnig verður pappír á staðnum til að brjóta saman í litla báta sem fleyta má á tjörninni fyrir framan Ráðhúsið.

Þeir félagar hafa notað origami í starfi sínu með börnum og unglingum og hafa einnig staðið fyrir skemmtilegum uppákomum, meðal annars búið til origami-svani og gefið vegfarendum á Laugaveginum. Með viðburðinum í Ráðhúsinu vonast þeir til að fleiri bætist í hóp Origami Ísland og hvetja áhugasama til að koma við í dag.

- rat

NÝTT LÍF Gömul dagblöð breytast í fallega svani í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

Svavar Guðmundsson

Víðinesi, áður Völvufelli 46, Reykjavík,

sem lést á Víðinesi föstudaginn 13. ágúst, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13.00.

Margrét S. Guðmundsdóttir
Guðmundur Svavarsson
Erna Björk Svavarsdóttir
María Björk Svavarsdóttir
Guðmundur E. Guðmundsson
Karel Guðmundsson
Magnús Guðmundsson
og barnabörn.

Þórir I. Friðriksson
Sukunya Panalap
Einar Ármannsson
Peshawa Rafik

†

Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa okkur einstakan hlýhug og stuðning vegna andláts okkar ástkæru eiginkonu, móður, ömmu, tengdamömmu, systur og mágkonu,

Erlu Kristbjargar Garðarsdóttur

Sunnuflöt 8, Garðabæ,

sem lést þ. 19. júlí og var jarðsungin þ. 27. júlí sl. Sérstakar þakkir til Karítas, heimahjúkrunarþjónustu, starfsfólks LSH og allra þeirra sem önnuðust hana af alúð í veikindum hennar.

Ágúst Karlsson
Kristín Jóhanna Ágústsdóttir
Ásta Karen Ágústsdóttir
Ágúst Karl Ágústsson
Hekla Karen Pálsdóttir
Elfa Sól Ágústsdóttir
Gabríela Rós Ágústsdóttir
systkini og mágkonur.

Katrín Jónsdóttir

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR
Frí áletrun
Fallegir legsteinar á einstöku verði

Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com

†

Elskulegur eiginmaður minn,

Jóhann Þ. Löve

járnsmiður og fyrrverandi lögreglumaður,

lést á Líknardeild Landspítalans 19. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Sigríður Pálsdóttir.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og vinur,

Addý Jóna Guðjónsdóttir

frá Vestmannaeyjum
Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 12. ágúst. Jarðsett verður frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 28. ágúst kl. 15.

Marta Guðjóns
Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir
Sæþór Árni Hallgrímsson
Berglind Halla Hallgrímsdóttir
Jón Hermannsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jónas Þór Hreinsson

Ingibjörg Guðjónsdóttir

†

Þökkum öllum sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður minnar og ömmu okkar,

Sigríðar Rannveigar Tómasdóttur (Góu)

Grænuhlíð 26, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fá vinir og ættingjar sem önnuðust hana í veikindunum af alúð og kærleika og starfsfólk Líknardeildar Landspítalans.

Eva Sóley Sigurðardóttir
Gígja Sigríður Guðjónsdóttir
Karítas Sveina Guðjónsdóttir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Viðar Benediktsson

skipstjóri, Vesturbergi 117, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 13. ágúst. Útför fer fram frá Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

Brynja Guðbjörg Valgeirsdóttir
Berglind Viðarsdóttir
Kristjana Viðarsdóttir
Benedikt Viðarsson
og afabörn.

Björn Þórir Sigurðsson
Daníel Traustason
Hólmfríður Sylvía Traustadóttir

†

Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Einars Sigurðssonar

byggingarverkfræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild A6 og Lungnateymis á Landspítala, Fossvogi.

Ragnheiður Árnadóttir
Guðrún Olga Einarsdóttir
Sigurður Einarsson
Ragnheiður S. Einarsdóttir
barnabörn og langafabörn.

Steingrímur Jónsson
Valgerður M. Magnúsdóttir
Gunnar Jónsson

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Agnes Marinósdóttir

Hraunbæ 103,

lést á heimili sínu föstudaginn 16. júlí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

Marinó Kristinsson
Helga Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Flosi Sigurðsson

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Reynir Haukur Hauksson,

Boðagranda 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 17. ágúst. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. ágúst kl. 13.00.

Guðný Rannveig Reynisdóttir
Haukur Reynisson
barnabörn og barnabarnabörn.

Erna Gísladóttir

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Helgadóttur

Kirkjusandi 3, Reykjavík.

Helga Erlendsdóttir og Sigurður Árnason
Edda Erlendsdóttir og Olivier Manoury
Einar Erlendsson og Ásta Halldórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

HUGSAÐU
með ThinkPad
3 ára ábyrgð
Tilboðsverð 159.900 KR.
ThinkPad Edge 15,6" AMD
LIPUR OG YFIRVEGUÐ
Innbyggð vefmyndavél
15,6" skjár
320GB harður diskur
3 ára ábyrgð
Tilboðsverð 129.900 KR.
Lenovo G555
MEIRA FYRIR PENINGINN
Innbyggð vefmyndavél
15,6" skjár
320GB harður diskur
Skoðaðu úrvalið á netverslun.is
ThinkPad lenovo ideapad
NÝHERJI
Borgartúni 37 Kaupangi, Akureyri www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

Habbðu vet…

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Ömmur mínar voru afar ólíkar. Önnur var fín frú í Reykjavík sem átti það til að fornemast ógurlega, en sjálf gætti hún þess að sénera aldrei nokkurn mann. Amma í sveitinni fæddist aftur á móti á Fljótsdalshéraði aldamótaárið 1900 og átti það til að fussa og sveia yfir því sem henni fannst lítið vet. Afi í sveitinni, sem alist hafði upp á Barðaströndinni, habbði hins vegar litlar áhyggur og saggði mér oft sögur.

UM ALLT þetta fólk þótti mér og þykir enn óskaplega vænt þótt það sé nú farið yfir móðuna miklu. Óaðskiljanlegur hluti minningar þeirra og persónu var talsmáti þeirra, orðaforði og málsnið. Ég held að það hafi gert mér gott að alast upp við ólíkan framburð og málfar kynslóða sem nú hafa kvatt. Ég tel það hafa skerpt og eflt tilfinningu mína fyrir móðurmáli mínu. Það eitt að á Hringbrautinni var farið niður á milli hæða en á Stóru-Fellsöxl var farið ofan, varð mér ungum tilefni til heilabrota.

Í SÍÐUSTU tveim pistlum mínum hef ég ráðist harkalega á norðlenskan framburð, kallað hann hljóðvillu og fært sýndarrök fyrir því að hann sé rangur. Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Fullyrt var að norðlenskur framburður væri fallegur og festulegur, eins og fegurð og festuleiki geti ekki verið smekksatriði, og að hann sé réttur. Og af hverju er hann réttari en annar? Jú, af því að gömul kona úr Eyjafirði talaði þannig. Eru ömmur þá aðeins marktækur mælikvarði á fegurð og réttmæti íslenskuframburðar ef barnabörnin þeirra heita Valgerður, en ekki ef þau heita Davíð?

SJÁLFUR er ég af suðvesturhorninu og eðlilegur talandi minn ber þess vott. Gamlir karlar og kerlingar hafa hiklaust kallað hann rangan og ljótan í mín eyru, eins og það sé enginn dónaskapur. Það var því gaman að fylgjast með viðbrögðum þeirra þegar þau urðu sjálf fyrir barðinu á nákvæmlega sama hroka og yfirlæti og þau hafa alist upp við að eðlilegt sé að sýna því hvernig öðrum er eiginlegt að tala móðurmál sitt. Þeim sem hafa norðlenskan framburð virðist nefnilega hafa verið innrætt það frá frumbernsku að þeir tali fallegra og betra mál en aðrir. Fyrir því hafa þeir þó engin rök, aðeins einhverja hjartans sannfæringu.

STAÐREYNDIN er sú að allar ömmur tala hljómfagra og litríka íslensku, ekki bara eyfirskar, heldur líka ömmur að austan og vestan. Já, og líka ömmur sem töluðu dönskuskotna reykvísku.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Aftur í Skólann

Skiptiblöð í lit og stafrófsröð

Tímaritabox

Geymslubox, margar stærðir

Mikið úrval af ritföngum á frábæru verði!

Skipulagsmappa
með 30 vösum

Klemmumöppur
6 stk. saman

Rissblokk fáanleg
í stærð A3 og A4

Sniðug strokleður.
6 stk. saman í pakka

Pennastokkur,
8 litir og yddari

A5 skrifblokkir
2 stk. saman

Reiknivéla pennaveski

Reiknivélar

Pennaveski
margir litir fáanlegir

Minnisbók með penna

Skrifborðssett

QUADRO
borðlampi

1 STK. ÁÐUR: 2.995,-
1.995,-

Sílikon tölvumús

Sílikon lyklaborð

Tölvuúr, margir litir

Sængurverasett
stærð: 140x200 sm.

Dömukuldaskór
Stærðir: 28-35 verð 3.995,-
Stærðir: 36-41 verð 4.995,-

Innanhússíþróttaskór
Stærðir: 28-34 verð 3.995,-
Stærðir: 35-39 verð 4.495,-
Stærðir: 40-46 verð 4.995,-

Góðar íþróttabuxur með
rennilás á skálmum
Stærðir: 120 - 170 verð: 3.495,-
Stærðir: S - XXL verð: 3.995,-

NEVILLE skrifborðsstóll

FUN skrifborðsstóll

Skrifborð + skrifborðsstóll

CLAUS skrifborð

OMEGA skrifborð

Ímyndaðu þér þig hér!

Kvennakór Reykjavíkur

Fyrsta æfing haustsins
verður mánudaginn 30. ágúst kl. 18:30.
Æft er á sama stað og í fyrra; að Vitatorgi.
Áhugasamar konur vinsamlegast skrái sig í síma 896 6468 eftir kl. 17.

Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur
hefja æfingar í september.
Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðuna,
www.kvennakorinn.is, þegar nær dregur.

Dagskrá Norræna hússins á Menningarnótt

Tónlistarveisla í Vatnsmýrinni

1300 **Tríó Önundar** spilar poppskotinn jazz eftir Esbjörn Svensson, Radio Head, Smashing Pumpkins og fleiri. Tríóið skipa: Björn Önundur Arnarsson, píanó, Alexandra Kjeld, kontrabassi og Kristmundur Guðmundsson, trommur.

1330 Opnun á tveimur myndlistarsýningum.
Andlit og Skuggar. Stefán Boulter sýnir málverk og grafík. Verkin eru gerð í anda þess sem hann kallar ljóðrænt raunsæi og hefur verið kennt við Kitsch.
Eldur, jörð, vatn og loft – og kosmos, náttúran leikur stórt hlutverk í myndum norsku listakonunnar **Benthe Elisabeth**.

1400 Þrír kórar frá Norðurlöndum. **Qeqqani Erinarsoqatigiit** frá Grænlandi, **Schola Cantorum** frá Svíþjóð og **Viborg Kammerkor** frá Danmörku. Kórarnir flytja tónlist frá sínum heimalöndum.

1700 **Jean-Marie Machado**, hinn frægi jazzpíanisti frá Frakklandi kemur á Jazzhátíð Reykjavíkur. Hann leikur einleik og segir frá ferli sínum.

2000 **IKI tónleikar**. IKI er spunasönghljómsveit níu söngkvenna frá fjórum Norðurlöndum. IKI vinnur með fallegar laglínur, hljóð, hljóma, tungumál og takt – nota einungis röddina.

OPIÐ Tilraunalandið er opið kl. 12.00 – 17.00
Ókeypis aðgangur að öllum viðburðunum

NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið | Sturlugötu 5 | 101 Reykjavík | Sími 551 7030 | www.norraenahusid.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

22. ágúst kl 13.00 – 16.00
Langar þig að taka myndir af barninu þínu í íslenskum þjóðbúningi? Búningadagur barna verður á Árbæjarsafni sunnudaginn 22. ágúst milli klukkan 13.00 og 16.00. Þar býðst fólki að máta þjóðbúninga á börnin sín og taka af þeim myndir. Þarna verður einnig gott tækifæri til að spjalla við sérfræðinga um búninga barna. Allir þeir sem eiga þjóðbúninga eru hvattir til að mæta í þeim.

menning

menning@frettabladid.is

Berjadagar 2010

BERJADAGAR 2010 Árleg tónlistarhátíð sem haldin er í Fjallabyggð.

Tónlistarhátíðin Berjadagar 2010 verður haldin í Ólafsfirði nú um helgina. Þetta er í tólfta sinn sem hátíðin er haldin og hefur hún á þessum árum áunnið sér traust og virðingu og þar af leiðandi er hún orðinn fastur liður í menningarlífi bæjarins.

Á Berjadögum verða þrennir tónleikar með frábærum listamönnum, sungið og leikið á sauðagarnir og sögustund og myndlistarnámskeið fyrir börn, forn hljóðfæri og handrit sýnd að ógleymdu markaðstorgi Berjadaga.

Glæpir vinsæl

Bókin Glæpir eftir þýska lögfræðinginn Ferdinand von Schirach hefur slegið í gegn að undanförnu. Hún hefur selst í bráðum tvö hundruð þúsund eintökum og útgáfurétturinn hefur verið seldur til yfir þrjátíu landa. Stutt er síðan hún kom út hér á landi hjá bókaklúbbnum Neon.

Í bókinni segir Schirach ótrúlegar en sannar sögur af afbrotum, sérkennilegum refsingum og skrýtnum örlögum fólks sem hann hefur kynnst í starfi sínu. Fyrir skömmu kom út ný bók eftir hann, Sekt, sem hefur þegar selst í yfir hundrað þúsund eintökum og fór beint í annað sæti þýska metsölulistans.

STINA AUGUST ÁSAMT HLJÓMSVEITINNI NISTA Stína syngur á Jazzhátíð í Reykjavík á mánudagskvöld.

JAZZ OG MYNDLIST MENNINGARNÓTT

Verið velkomin á vinnustofu mína á horni Njálsgötu og Snorrabrautar á Menningarnótt, milli kl. 15–22.

Kl. 20–22 mun jazzdívan eina og sanna Kristjana Stefánsdóttir tæta og trylla okkur inn í nóttina með þeim Agnari Má á orgel og Ómari Guðjónssyni á gítar. Jazz- og blússtemning. **Allir velkomnir!**

Pétur Gautur
s. 898 7172 - peturgautur.is

Hjartað á Íslandi

Söngkonan Stína August, sem er búsett í Montreal í Kanada, heldur tónleika á Jazzhátíð í Reykjavík á mánudaginn á staðnum Venue við Tryggvagötu.

Með Stínu spila valinkunnir menn, eða þeir Björn Thoroddsen, Sigurður Flosason, Einar Scheving og Tómas Einarsson. Spiluð verða lög af væntanlegri sólóplötu hennar, Concrete World, en stefnt er að því að platan verði komin út fyrir tónleikana. Hún hefur verið í vinnslu sl. tvö ár og á henni eru tólf lög Jóhanns G. Jóhannssonar. Textarnir eru á ensku og hefur Stína samið nokkra þeirra. „Hann samdi lög sem maður hefur alist upp við og svo þekkir hann líka pabba minn. Hann var að vinna með þeim í Óðmönnum," segir Stína um Jóhann G. og tilurð plötunnar.

Hún er mjög spennt fyrir tónleikunum og hljóðfæraleikurunum sem verða með henni. „Hérna eru manns rætur og hjartað er náttúrulega hér að miklu leyti," segir hún. „Maður er með súperstjörnuband með sér. Þeir voru allir rosahressir og til í hvað sem var."

Stína mun jafnframt koma fram á menningarnótt, meðal annars í bakgarði verslunarinnar Nikita. Hún kom fram á tónleikum í gærkvöldi á Nasa með hljómsveit sinni Nista, sem spilar elektrórokk með poppívafi.

Stína heitir fullu nafni Kristín Birgitta Ágústsdóttir. Hún nam verkfræði við Háskóla Íslands og hefur frá barnsaldri verið við tónlistarnám og meðal annars lagt stund á klassískan söng við Söngskóla Reykjavíkur. Þá var hún í tónlistarnámi við Vocaltech, Concordia University í London. Eftir að hún fluttist búferlum til Kanada kom hún fram í söngleikjum eins og West Side Story og Chorus Line og nam raddþjálfun hjá Silviu Peron. Ásamt því að vera meðlimur Nistu gerir hún það gott með AXXE og syngur djass á eigin vegum.

Brautargengi í Reykjavík

Námskeið fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd með nýju eða starfandi fyrirtæki

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:
- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum varðandi stofnun fyrirtækja
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu og hentar jafnt konum sem eru að hefja rekstur og konum sem reka nú þegar fyrirtæki.

Kennsla hefst 13. september 2010. Umsóknarfrestur er til 30. ágúst.

Nánari upplýsingar og skráning á **www.nmi.is**, í síma **522 9267** eða á **tinna@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

218.889 gestir slógu öll met í fyrra
Vertu með okkur á mögnuðu leikári

Skelltu þér í Borgarleikhúsið

Kortasalan í fullum gangi
Tryggðu þér áskrift fyrir veturinn

Nýmalað og ilmandi Borgarleikhúsblað er komið út, glæsilegra en nokkru sinni fyrr. **Skoðaðu úrvalið** og veldu þær sýningar sem þú mátt ekki missa af.

GRÍMAN 2010
4 af 5
SÝNINGUM ÁRSINS

Hringdu núna í síma **568 8000**, farðu á **borgarleikhus.is** eða kíktu við í **miðasölu Borgarleikhússins** við Listabraut.

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

> TÍSKA TIL GÓÐS

Hin hálfíslenska Indía Salvör hefur tekið að sér að klæðast sama kjólnum daglega í heilan mánuð vegna góðgerðarstarfsemi. Indía bloggar um verkefnið daglega og segir frá hverju hún klæðist við kjólinn hvern dag.
Hægt er að fylgjast með verkefninu á vefsíðunni www.theuniformproject.com.

stíll

utlit@frettabladid.is

Tösku frá Aron Bullion sem búin er til úr tweed-efni og leðri.

OKKUR LANGAR Í ...

Hrikalega flottan varalit úr nýju Digi Pops-línunni frá Mac, mikið glimmer og fjör.

Fallegan köflóttan kjól sem dregur fram kvenlegu línurnar. Fæst í versluninni Einstökum ostakökum.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
SARA MCMAHON

Bannað að stela athyglinni

Ég er mikill aðdáandi brúðkaupa enda fallegar og rómantískar athafnir þar sem fólk kemur saman og fagnar brúðhjónunum og ástinni. Ég hef farið í nokkur brúðkaup um ævina og þegar kemur að því að velja klæðnað sem sæmir slíkum viðburði stend ég alltaf svolítið á gati. Ég veit að svart þykir ekki góður litur þegar koma á saman og fagna ástinni, enda oftast talinn sorgarlitur. Þess í stað ætti maður að velja skemmtilega mynstraða flík og glaðlega liti.

Um daginn komst ég svo að því að konur eiga líka að forðast það að klæðast hvítu í brúðkaupum því brúðurin á að skera sig úr hópnum á þessum merkisdegi. Þetta hafði ég ekki vitað áður og prísaði mig sæla yfir að hafa aldrei átt hvítan sparikjól því annars hefði ég eflaust gerst svo ósvífin að stela athyglinni frá hverri brúðinni á fætur annarri ár eftir ár. Það hefði auðvitað verið algjörlega óásættanleg hegðun af minni hálfu.

En batnandi fólki er best að lifa og nú veit ég að það þykir hvorki við hæfi að klæðast hvítu né svörtu þegar maður sækir brúðkaupsveislur. Litríkt og glaðlegt skal það vera og þannig mun ég reyna að klæða mig fyrir næsta brúðkaup. Reyndar tel ég að brúðkaupstískan sé orðin mun frjálslegri en áður og fer fatavalið gjarnan eftir því um hvernig brúðkaup er að ræða, er það lítið frjálslegt sveitabrúðkaup eða stórt og hefðbundið kirkjubrúðkaup? En, góðu gestir, hafið í huga að í báðum tilvikum skal hvorki syrgja né stela athyglinni.

FENDI FYRIR ALLA Hlýlegur loðkragi gerir mikið fyrir heildarsvipinn hér.

DÝRSLEGUR JAKKI Fyrirsæta klæðist kápu úr haustlínu Gucci. Kvenlegt og flott.

CHANEL Fallegt pils frá Chanel sem ætti ekki að fara fyrir brjóstið á neinum því þetta er ekki ekta loðfeldur.

Ný námskeið að hefjast

Jóga stúdíó hefur opnað á nýjum stað að Seljavegi 2

(við hliðina á Loftkastalanum í gamla Héðinshúsinu).

JÓGA Stúdíó

Byrjendanámskeið hefst mánudaginn 23. ágúst
Hot jóganámskeið hefst þriðjudaginn 24. ágúst
Krakkajóga 2-4 ára hefst mánudaginn 23. ágúst
Krakkajóga 5-7 ára hefst miðvikudaginn 25. ágúst
Krakkajóga 8-12 ára hefst fimtudaginn 26. ágúst

Nánari upplýsingar á jogastudio.is

Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025

Drífa Atladóttir
695-8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@jogastudio.is

LOÐFELDIR KOMA STERKIR INN Í HAUST:

Loðnir kragar og pilsfaldar

Haustið er handan við hornið og því ágætt að huga að hlýrri og notalegri hausttískunni. Á sýningarpöllunum í ár var mikið um loðfeldi, bæði alvöru og gervi, ásamt hlýlegum kuldaskóm og feldklæddum pilsföldum og hálskrögum.

FALLEG KÁPA Skemmtileg og öðruvísi mokkakápa úr haustlínu Fendi.

TIGNARLEG Falleg dragt frá Chanel sem minnir einna helst á klæðnað rússneskrar hefðarkonu.

Enn meiri afsláttur

60%

Afsláttur af öllum vörum

Opið frá 11-19 Laugardag
Opið Sunnudag frá 13-17

Menn + Konur, Laugavegi 7



Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

p.s. Fyrir forvitna....sjá haust 2010
á www.andersenlauth.com

> MÁL GEGN MADONNU

Höfðað hefur verið mál gegn söngkonunni **Madonnu** vegna barnafatalínu sem hún hannaði með dóttur sinni Lourdes Leon. Línan heitir Material Girl, eins og samnefnt lag Madonnu frá árinu 1985. Vandamálið er að fyrirtækið LA Triumph segist hafa framleitt föt undir nafninu Material Girl síðan 1997 og eigi því einkaréttinn á nafninu.

Fyrstu tónleikarnir í fjögur ár

Jóhann Jóhannsson heldur tónleika í Hallgrímskirkju 1. október í samstarfi við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, og 12 Tóna.

Þetta verða fyrstu tónleikar Jóhanns á Íslandi í fjögur ár en hann hefur verið að gera það gott á erlendri grundu að undanförnu. Jóhann verður ekki einn síns liðs á tónleikunum því hann mun hafa fimm manna hljómsveit sér til halds og trausts. Hana skipa þau Matthías Hemstock á slagverk, Una Sveinbjarnardóttir og Gréta Guðnadóttir á fiðlur, Guðmundur Kristmundsson á víólu og Hrafnkell Egilsson sellóleikari.

Á tónleikunum mun sveitin spila tónlist af þremur plötum Jóhanns: Englabörnum, Fordlandia og IBM 1401, a User´s Manual, í bland við nýtt efni sem enn hefur ekki komið út.

Þá mun Magnús Helgason jafnframt sýna kvikmyndir sem hann hefur gert sérstaklega við tónlistina en Magnús er yfirleitt með sveitinni þegar hún spilar erlendis. Kvikmyndir Magnúsar hafa ekki verið sýndar áður á Íslandi.

Síðasta hljómplata Jóhanns, And in the endless pause there came the sound of bees, kom út hjá 12 Tónum og í apríl síðastliðnum var hún gefin út um allan heim á vegum Type-útgáfunnar. Platan inniheldur tónlist úr kvikmyndinni Varmints sem hefur fengið fjölda verðlauna og var m.a. tilnefnd til BAFTA-verðlaunanna.

JÓHANN JÓHANNSSON Jóhann heldur tónleika í Hallgrímskirkju sem verða hans fyrstu í fjögur ár á Íslandi.

Tónlistin sjálf hefur fengið verðlaun á kvikmyndahátíðum í Bandaríkjunum og Japan.

fólk

folk@frettabladid.

Kynjakettir í Dýraríkinu

Ræktendur í Kattaræktarfélagi Íslands sýna ketti úr tegundarhópi 2 í Dýraríkinu Miðhrauni 2 laugardag og sunnudag frá klukkan 13 - 17

Allt að 50% afsláttur af kattamat og kattasandi
Allt að 40% afsláttur af kattasandsbökkum

HAFNARFJÖRÐUR IKEA DÝRARÍKIÐ REYKJAVÍK

DÝRARÍKIÐ ...fyrir dýravini!

Dýraríkið Miðhrauni 2 / opið 12-18 Dýraríkið Blómavalshúsinu Skútuvogi Dýraríkið Blómavalshúsinu Akureyri sími: 568 66 68

EINBEITIR SÉR AÐ TÓNLISTINNI Jógvan Hansen sendir frá sér nýtt lag sem nefnist Save it for a rainy day. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jógvan og Hawks vinna saman

Færeyski söngvarinn Jógvan Hansen er nýbúinn að gefa út nýtt lag en lítið hefur heyrst frá söngvaranum síðan í Eurovision. Lagið ber nafnið Save it for a rainy day og er skrifað af breska tónlistarmanninum Chesney Hawks.

„Það má eiginlega segja að lagið sé afleiðing af Eurovision," segir söngvarinn Jógvan Hansen glaður í bragði þegar Fréttablaðið náði af honum tali en hann er stoltur af nýja laginu sínu, Save it for a rainy day. „Þetta er lag um ástina eins og flest popplög en ég er mikill poppari í mér," segir Jógvan en það er enginn annar en tónlistarmaðurinn Chesney Hawks sem samdi lagið fyrir kappann. „Ég var svo heppin að það voru margir mjög hrifnir af mér eftir Eurovision og Hawks var í svona lagasmiðabúðum í Hvalfirði síðasta vor og sá mig í keppninni," segir Jógvan en Hawks tók að senda honum lög frá hinum og þessum til að syngja og varð þetta lag fyrir valinu en það er útsett fyrir Jógvan af Vigni Snæ Vigfússyni. Hawks er vinsæll breskur poppari sem er hvað þekktastur fyrir lagið The one and only sem var í toppsætum bresku vinsældarlistanna árið 1991.

Jógvan útilokar ekki frekari þátttöku í Eurovision-keppninni en hann lenti í öðru sæti í vor. „Ég var eiginlega of nálægt því að vinna til að ég geti hætt. Ef rétta lagið kemur til mín er ég mjög mikið til í að taka aftur þátt."

Jógvan er þessa dagana að einbeita sér að tónlistinni og hefur verið að spila úti um allt land í sumar. „Það tekur mikið á að vera tónlistamaður í fullu starfi og er ekki sérstaklega fjölskylduvænt. Ég er alltaf að vinna þegar allir hinir eru í fríi en ég elska þetta. Þetta er draumastarfið." Jógvan kemur fram í Hressingarskálanum í kvöld milli 20 og 23 og mun nýja lagið eflaust fá að hljóma þar. - áp

FÍGARÓ-línan komin aftur

20% afsláttur út ágúst

TEKK VÖRUHÚS KAUPTÚNI (GEGNT IKEA) SÍMI 564 4499

TEKK COMPANY

Holtagörðum og Kringlunni - www.tekk.is

Opið: Virka daga kl. 10-18 · Laugardaga kl. 10-17 · Sunnudaga kl. 13-17

ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGT Í SKÓLANUM

Í Eymundsson er ótrúlegt úrval af skólavörum sem krakkarnir elska

Hoppukastali í Hallarmúla alla helgina fyrir káta krakka.

Opið: Laugardag frá kl. 10-15
Sunnudag frá kl. 13-17

Allir krakkar fá spil að gjöf frá Eymundsson meðan birgðir endast þegar þeir kaupa skóladót.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Gwen langar í barn

Söngkonan Gwen Stefani hefur viðurkennt að hana langi að fjölga mannkyninu enn frekar

Fyrir á söngkonan tvo syni, Kingston fjögurra ára og Zuma tveggja ára, með eiginmanni sínum Gavin Rossdale og nú vill hún bæta einu barni við áður en það er um seinan.

Þrátt fyrir að vilja annað barn með eiginmanni sínum hefur söngkonan ekki farið leynt með reiði sína í garð Rossdale í nýju lögunum sínum. En mörg lög hennar snúast um hversu mikil asni Rossdale er.

Söngkonan hefur notað tónlist sína til að losa sig við reiði eftir að sóðadrósin Courtney Love sagði frá því að hún hefði átt í ástarsambandi við Rossdale bæði áður og stuttu eftir að hann og Gwen gengu í hjónaband. „Gwen var brjáluð yfir því að Courtney skyldi blaðra svona um samband sitt og Rossdales," sagði heimildarmaður. „Gwen vissi að þau höfðu verið saman en ekki rétt fyrir brúðkaupið. Í sumum laganna kallar hún hann svikara!"

GWEN STEFANI
Vill bæta við fjölskylduna þrátt fyrir vesen í hjónabandinu.

Kominn með nýja

Mótorhjólaframleiðandinn Jesse James, sem er hvað þekktastur fyrir að vera fyrrverandi eiginmaður leikkonunnar Söndru Bullock, er kominn með nýja dömu. Það mun vera húðflúrsdrottningin Kat von D en hún er fræg í Bandaríkjunum og víðar fyrir þátttöku sína í raunveruleikaþáttunum Miami Ink og LA Ink. Miklar sögusagnir hafa verið í fjölmiðlum vestanhafs um meint samband þeirra en daman lagði fréttirnar út á Twitter-síðuna sína fyrr í vikunni. Jesse James varð aðalskúrkur Ameríku þegar upp komst að hann hefði haldið fram hjá Bullock stuttu eftir að hún fékk Óskarsverðlaun.

KOMINN MEÐ NÝJA Jesse James er byrjaður með húðflúrsdrottningunni og raunveruleikaþáttastjörnunni Kat von D.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

VAMPÍRUR ÞYKJA FLOTTASTAR

Ungir strákar í vampírulíki þykja kynþokkafyllstu karlmenn jarðar. Robert Pattinsson skipar efsta sætið en Taylor Lautner er í öðru sæti. Kellan Lutz og Xavier Samuel eru einnig á topp fimm en Ian Somerhalder úr Vampire Diaries skipar þriðja sætið.

Ungar vampírur kynþokkafyllstar

Sean Connery var 59 ára þegar People-tímaritið valdi hann kynþokkafyllsta karlmann heims. En nú er öldin önnur og drengir í blóma lífsins þykja flottastir.

Ný bylgja tröllríður nú Hollywood; barnungir strákar sem heilla ameríska húsmæður upp úr skónum. Nýr listi Glamour-tímaritsins er sönnun þess. Robert Pattinson, aðalstjarnan úr Twilight, trónir á toppnum en fast á hæla hans kemur Taylor Lautner, önnur Twilight-stjarna. Í þriðja sæti er síðan Ian Somerhalder úr Vampire Diaries en svo koma Xavier Samuel og Kellan Lutz, einnig leikarar í Twilight, í fjórða og fimmta sætinu. Athygli vekur að flestir af þeim leikurum sem skipa fimm efstu sætin eru fæddir eftir 1980, undantekningin er Ian Somerhalder, hann er 32 ára.

Á topp tíu listanum eru eingöngu tveir leikarar sem segja má að séu komnir til vits og ára. Johnny Depp hefur verið fastagestur í slíkum kosningum en fellur um nokkur sæti hjá lesendum Glamour. Depp, sem myndi seint kallast „gamall" er hins vegar 23 árum eldri en Pattinsson. Hinn leikarinn er Skotinn Gerard Butler, fulltrúi hinnar gömlu staðalímyndar um karlmannlegan kynþokka, hrjúfur og axlabreiður. Þetta virðist hins vegar dottið úr tísku þótt vissulega verði að taka fram að vinsældir og kynþokki haldast oft í hendur. Og Twilight-æðið, sem gerir nánast eingöngu út á myndarleika karlkynsstjarnanna, hefur vart farið fram hjá neinum.

Fastagestir á svona listum undanfarin ár eru hvergi sjáanlegir. George Clooney nær þó 35. sæti en góðvinur hans, Brad Pitt, var ekki nefndur á nafn. Hugsanlegt er að samband Pitt og Angelinu Jolie hafi þar áhrif á, Pitt er bara orðinn ráðsettur fjölskyldumaður og Clooney er ekki lengur eftirsóttasti piparsveinn jarðar heldur er bara á leiðinni upp að altarinu með ítölsku unnustunni sinni. Leikarar á borð við Leonardo DiCaprio, Keanu Reeves og Jude Law náðu ekki heldur á blað hjá lesendum Glamour en hins vegar nær kanadíska barnastjarnan Justin Bieber alla leið í 7. sætið sem er kannski skýrasta dæmið um að æskudýrkunin er að ná hámarki hjá kvenkyninu.

ÓHEPPILEGT ORÐLAG Leikkonan Jennifer Aniston særði marga með óheppilegu orðavali sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

Illa valin orð

Jennifer Aniston var gestur í sjónvarpsþættinum Regis & Kelly í vikunni til að kynna nýja kvikmynd sína, The Switch. Í viðtalinu varð leikkonunni á þegar hún sagðist hafa gaman af því að klæða sig í ýmis gervi eins og misþroska einstaklingur.

Annar þáttastjórnandinn spurði Aniston út í myndaþátt þar sem leikkonan var klædd í anda söngkonunnar Barbara Streisand og var leikkonan helst til of fljót að svara: „Já, ég hef gaman af því að klæða mig í ýmis gervi. Ég hef lifibrauð mitt af því, eins og misþroska einstaklingur.“ Leikkonan hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir orð sín og hafa ýmis hagsmunasamtök krafist opinberrar afsökunarbeiðni frá Aniston.

Vill fá dóttur sína heim

Rokkekkjan Courtney Love hefur beðið dóttur sína og rokkarans sáluga, Kurts Cobain, um að snúa aftur heim til mömmu. Love var í fyrra bannað að eiga samskipti við Frances Bean Cobain eftir að sú síðarnefnda krafðist nálgunarbanns á móður sína.

Frances Bean varð átján ára á miðvikudag og því gildir nálgunarbannið ekki lengur. Love vonast til að dóttir hennar nái áttum og snúi aftur heim til hennar í New York. „Komdu heim. Það tók eitt ár en núna á ég flottasta húsið í The Village á fjórum hæðum. Vonandi nærðu áttum og kemur heim,“ skrifaði Love á Twitter-síðu sína. „Til hamingju með átján ára afmælið. Þetta var erfiður dagur fyrir mig. Ég sakna þín.“

Love bað Frances Bean einnig afsökunar á að hafa ekki verndað sjóð sem faðir hennar arfleiddi hana að. Love hefur verið sökuð um að hafa tekið peninga úr sjóðnum en hún segir að ónefndir aðilar hafi stolið honum.

MÆÐGUR Courtney Love og dóttir hennar Frances Bean Cobain meðan allt lék í lyndi.

Menningarnótt
Leikandi laugardagur í Bókabúð Máls og menningar

15:45 SODZIUS KÓRINN FRÁ LETTLANDI
16:00 POLLAPÖNK
16:30 UNTAK KÓRINN FRÁ NOREGI
17:00 FUNKANANSIE
17:30 MOSES HIGHTOWER
18:00 HAUKUR GRÖNDAL OG HLJÓMSVEIT
19:00 FABÚLA
20:00 JÓHANN KRISTINSSON OG HLJÓMSVEIT
21:00 EMIL HJÖRVAR PETERSEN LES UPP ÚR BÓK SINNI *SAGA EFTIRLIFENDA*
22:00 BEATUR OG ÞRJÁR RADDIR

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18
SÚFISTINN KAFFIHÚS

Ása Margrét Ásgrímsdóttir höfundur bókarinnar **Matsveppir í náttúru Íslands** eldar dásamlega sveppasúpu. Komdu og smakkaðu milli kl. 16 og 18.

Allt fyrir skólann
Skólavörur • Námsbækur • Skiptibókamarkaður

Bylgjan, Chevrolet og Hljóðx kynna flottustu tónleika ársins

MENNINGARVAKA

Á INGÓLFSTORGI Í KVÖLD KL. 20:00

Fram koma

PRÓFESSORINN & MEMFISMAFÍAN
KK
HJALTALÍN
MANNAKORN & ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR
HJÁLMAR

HLJÓÐX
BYLGJAN 989
CHEVROLET

Góða skemmtun!

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!



SÝNINGARTÍMAR

EXPENDABLES	4, 6, 8 og 10(POWER)	16
SALT	6, 8 og 10	16
LAST AIRBENDER 3D	2(950 kr), 4, 6 og 8	10
GROWN UPS	10	10
SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D	2(950 kr) - ÍSL TAL	L
KARATE KID	2(650 kr)	L

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
HUNDAR OG KETTIR 2 M/ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
LETTERS TO JULIET	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
SALT	kl. 8 - 10:10 - 10:50	14
THE SORCERER´S APPRENTICE	kl. 3:40 - 8 - 10:20	7
INCEPTION	kl. 7 - 8 - 10	12
INCEPTION	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ísl. Tali	kl. 2 - 4:20	L
LEIKFANGASAGA 3-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30	L

SAMBÍÓIN SELFOSSI

HUNDAR OG KETTIR 2 M/ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
KNIGHT AND DAY	kl. 10	12
KARATE KID	kl. 5:10 - 8	L
22 BULLETS	kl. 10:50	16
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ísl. Tali	kl. 1	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ísl. Tali	kl. 3	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

LETTERS TO JULIET	kl. 8:10 - 10:30	L
HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
THE LAST AIRBENDER-3D	kl. 5:50 - 8	7
THE SORCERER´S APPRENTICE	kl. 5:40 - 10:50	7
INCEPTION	kl. 8 - 10:10	12
SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

CATS & DOGS ísl tal	kl. 2 - 4 - 6	L
LETTERS TO JULIET	kl. 8 - 10	L
SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl tal	kl. 2 - 4 - 6	L
THE SORCERER'S APPRENTICE	kl. 8	7
INCEPTION	kl. 10:20	12

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

MYND/ATLI MÁR HAFSTEINSSON

HELGI OG KRISTJÁN Helgi Már og Kristján Helgi stjórna útvarpsþættinum Party Zone sem hefur verið starfræktur í tuttugu ár.

Tuttugu ára afmælishátíð

Útvarpsþátturinn Party Zone heldur upp á tuttugu ára afmælið sitt á Nasa 4. september með mikilli hátíð. Fjölmargir troða upp, þar á meðal Gus Gus.

Útvarpsþátturinn Party Zone heldur tuttugu ára afmælishátíð á Nasa laugardagskvöldið 4. september. Á meðal þeirra sem troða upp verða Gus Gus, Human Woman, Casanova, Rythmdoctor og félagarnir Margeir og Árni E.

„Það er mjög fyndið að við sem höfum haldið að við værum ungi hlutinn af tónlistarsenunni séum núna orðnir tuttugu ára," segir Helgi Már, annar af stjórnendum Party Zone. „Við þurftum í upphafi að berjast fyrir tilvist þessarar senu en hún er núna komin til að vera," segir hann og bætir við um afmælishátíðina: „Það verður mjög gaman að fá þessa listamenn til að koma við og taka þátt."

„Dansþáttur þjóðarinnar", Party Zone, hóf göngu sína á framhaldsskólaútvarpstöðinni Útrás haustið 1990 undir stjórn Helga Más og Kristjáns Helga. Úr varð fjögurra tíma útvarpsþáttur á laugardagskvöldum. Fljótlega fóru að mæta í heimsókn plötusnúðar eins og Maggi Lego, Ýmir og Grétar G sem vildu ólmir fá að spila nýjustu vínyl-plöturnar sem þeir keyptu í ferðum sínum til London. Smám saman varð Party Zone ákveðin miðstöð danstónlistarsenunnar og hefur verið það allar götur síðan. Partý verður haldið á undan hátíðinni á efri hæð Nasa þar sem öllum verður boðið sem hafa komið fram í þættinum eða unnið með þeim Helga og Kristjáni í gegnum tíðina og verður gestalistinn væntanlega af lengri gerðinni.

Party Zone hefur fært Íslendingum mörg stærstu nöfn danstónlistarinnar. Nægir að nefna Masters At Work, Booka Shade, Basement Jaxx, Timo Maas, Sasha, Carl Cox, Trentemöller og Carl Craig. Ekki má gleyma öllum reifunum, Eldborg og UXA 95. Þátturinn átti góð ár á útvarpsstöðvunum Sólinni, Aðalstöðinni, X-inu, Mono og svo á Rás 2, þar sem hann er núna í loftinu.

Miðaverð á afmælishátíðina er 2.500 krónur og fer forsala fram á Midi.is. Upphitun verður fyrir hátíðina í Party Zone á Rás 2 og á síðunni Pz.is þar sem þekktir plötusnúðar munu setja inn upphaldslögin sín í tilefni dagsins.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ

THE EXPENDABLES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE EXPENDABLES LÚXUS	kl. 1** - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
VAMPIRES SUCK	kl. 6 - 8 - 10	12
SALT	kl. 8 - 10.50	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 1(950 kr.)* -3.30 -5.40 - 10.10	10
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 1 - 4 (650 kr.)	L
KARATE KID	kl. 1 (650 kr.) - 5.10 - 8	L
SHREK 4 2D ÍSL TAL	kl. 1 (650 kr.) - 3.30	L

* Gleraugu seld sér **Aðeins laugardag

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ

THE EXPENDABLES	kl. 3.20 - 6.40 - 9 - 11.20	16
VAMPIRES SUCK	kl. 6 - 8 - 10	12
SALT	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	14
THE KARATE KID	kl. 3 (650 kr.) 8 - 10.50	L
BABIES	kl. 6	L
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 4 (650 kr.)	L

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ

THE EXPENDABLES	kl. 8 - 10* Kraftsýning	16
VAMPIRES SUCK	kl. 2 (600 kr.) - 4 - 8	12
SALT	kl. 6 - 10	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 2 (900 kr.) - 4 - 6	10

facebook.com/smarabio

TILBOÐS-VERÐ Í BÍÓ

SMÁRA BÍÓ
BORGAR BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

ALLAR SÝNINGAR-ÖLL BÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus Ódýrt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ



ÁLF. KL. 2 Í 3D OG 2D - KRINGL. KL. 2 Í 3D
SELF. KL. 2 Í 2D - AK KL. 2 Í 3D - KEFL. KL. 2 Í 2D
ÁLF. 2 Í 2D
KRINGL. 1:30-3D
AK. 2 2D
SELF. 1 2D
KEFL. 1:30 - 2D
ÁLF. KL. 2 Í 2D
KL. 1:30 Í 3D
KRINGL. KL. 1:30 Í 2D

STÖKKTU AF STAÐ

NÁMSKEIÐIN HEFJAST 30. ÁGÚST

Skráðu þig núna á www.hreyfing.is
eða í síma 414 4000.

STS super átak FYRIR KONUR

Taktu málin föstum tökum og stökktu af krafti strax af stað í nýjan og betri lífsstíl með STS kerfinu.

STS kerfið (Shock Training System) er sérhannað til að æfingarnar framkalli hámarks árangur. Þú færð sífellt að glíma við nýjar æfingar og vöðvarnir fá ekki að aðlagast sömu rútínunni.

Innifalið:

- Þjálfun 3x í viku
- Þátttakendur velja sér styrkleikastig
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að „ögra“ líkamanum að komast út úr stöðnun, ná eftirbruna og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka-æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur á námskeiðinu
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og uppskriftir frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Markvissar leiðbeiningar um mataræði. Byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood-stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir

6–vikna námskeið. Verð 24.900 kr.

10% afsláttur af öllum snyrti-, nudd- og spameðferðum í Blue Lagoon spa á meðan námskeiði stendur.

FGF FYRIR KARLA OG KONUR

Fanta gott form er æfingakerfi frá Hollywood sem hefur algjörlega slegið í gegn á Íslandi!

Þjálfunin byggist á einföldum æfingum sem miðast við að þátttakendur nái að hámarka brennslu og þjálfa upp þol og styrk á skjótan og hnitmiðaðan hátt. Mikil áhersla er lögð á að þjálfa snerpu og kjarnavöðvana. Grunnbrennsla líkamans eykst og í hverjum tíma verður til hinn eftirsótti eftirbruni í líkamanum sem gerir það að verkum að hitaeiningabrennsla líkamans heldur áfram á auknum hraða í nokkrar klukku-stundir eftir að æfingu lýkur.

Það er aldrei of seint að skora á sjálfa/n sig og komast í sitt besta form.

Tryggðu þér pláss!

6–vikna námskeið fyrir konur og karla. Verð 24.900 kr.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

> Biðstaða hjá Alfreð

Breiðablik og pólska félagið Lechi Gdansk höfðu ekki komist að samkomulagi um kaupverð á framherjanum Alfreð Finnbogasyni í gær. Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, sagðist í gær vera að bíða eftir viðbrögðum frá pólska liðinu. Fleiri tilboð í leikmanninn gætu síðan komið í næstu viku en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er von á nokkrum njósnurum á leik Blika og Hauka á mánudag en þeir koma gagngert til þess að skoða Alfreð.

sport
sport@frettabladid.is

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR: ÍHUGAR AÐ TAKA SÉR FRÍ ÚT TÍMABILIÐ TIL AÐ NÁ SÉR GÓÐRI AF MEIÐSLUM

Hef örugglega hitt þúsund lækna og sjúkraþjálfara

Margrét Lára Viðarsdóttir viðurkennir að hún eigi eitthvað í land með að sigrast á erfiðum meiðslum sem hafa hrjáð hana í tvö ár. „Ég er ekki sami leikmaður og ég var vegna meiðslanna," segir markadrottningin frá Vestmannaeyjum.

Margrét segir að sér líði ágætlega en hún spilaði sinn fyrsta heila leik í langan tíma um síðustu helgi. „Ég er ánægð með að vera byrjuð aftur að spila eftir langa fjarveru en það er mikill dagamunur á mér," segir Margrét.

„Þetta hefur verið mjög erfiður tími og langt ferli. Ég er örugglega búin að hitta þúsund lækna og sjúkraþjálfara og alls konar teymi. Sumir hafa hjálpað mér mikið en ég hef aldrei náð þessu almennilega úr mér. Nú er ég komin aftur í endurhæfingarferli þar sem ég þarf að byggja mig upp líkamlega og andlega," segir Margrét sem er einmitt að hefja nám í sálfræði við Háskólann á Akureyri. Það mun hún stunda í fjarnámi.

Eitt af því sem Margrét íhugar að gera til að ná sér er að taka sér frí frá knattspyrnu eftir landsleiki Íslands gegn Frökkum og Eistum. Kristianstad á sjö leiki eftir í sænsku úrvalsdeildinni.

„Þetta er stór spurning sem ég hef verið að velta mikið fyrir mér. Það væri kannski best að taka sér tíma í þetta og koma sterkari inn á næsta ári. Ég veit að ég eyðilegg ekkert í mér með að spila en ég er ekki sami leikmaður og áður. Ég geri ákveðnar kröfur til mín eins og fjölmiðlar og liðsfélagar mínir. Ég vil standa undir þessum kröfum," segir hún.

„Ég er hungruð í að komast í mitt gamla form og að taka mér frí gæti verið leiðin til þess. Við erum um miðja deild í Svíþjóð og þrátt fyrir að við höfum ákveðin markmið þar verð ég kannski að hugsa um sjálfa mig. Ég hef ekki gert það undanfarin tvö ár heldur oft tekið ákvarðanir út frá liðunum mínum. Ég vil alltaf spila en ég þarf líka að sýna skynsemi," segir Margrét.

pepsi deildin

Sunnudagurinn 22.ágúst

FH – Fylkir *Kaplakrikavöllur*	kl. 18:00
ÍBV – Grindavík *Hásteinsvöllur*	kl. 18:00

Mánudagurinn 23.ágúst

Keflavík - Stjarnan *Sparisjóðsv. Keflavík*	kl. 18:00
Valur – KR *Vodafonevöllurinn*	kl. 18:00
Breiðablik - Haukar *Kópavogsvöllur*	kl. 18:00
Fram - Selfoss *Laugardalsvöllur*	kl. 18:00

Ólafur Örn Bjarnason er góður með Grindavík:

Ósigraður á bekknum

FÓTBOLTI Gengi Grindvíkinga hefur heldur betur umturnast í sumar með komu Ólafs Arnar Bjarnasonar til félagsins. Varnarmaðurinn hefur náð frábærum árangri með liðið, einna helst þegar hann er sjálfur á leikjunum.

Grindvíkingar byrjuðu sumarið ömurlega undir stjórn Lúkasar Kostic. Liðið skoraði aðeins eitt mark í fjórum fyrstu leikjunum og tapaði þeim öllum. Lúkas var rekinn í lok maí.

Grindavík leitaði til Ólafs Arnar sem var samningsbundinn Brann í Noregi. Hann tók að sér þjálfun liðsins en sinnti henni reyndar með fjarþjálfun fyrst um sinn.

Hann þurfti að klára samning sinn við Brann og því kom hann ekki til landsins alkominn fyrr en í lok júlí.

Eftir að hann tók við hafa Grindvíkingar byrjað að hala inn stig en liðið tapaði þó fyrstu tveimur leikjunum eftir að hann tók við. Fyrsti sigurinn kom ekki fyrr en 14. júní gegn Blikum, en þá stýrði Ólafur Örn liðinu einmitt af bekknum í fyrsta sinn. - hþh

Þjálfararnir í sumar:

Ólafur Örn Bjarnason

Á bekknum: Fimm leikir, fjórir sigrar og eitt jafntefli. Markatala 13-6.

Ekki á bekknum: Sex leikir, fjögur töp og tvö jafntefli. Markatala 5-9.

Lúkas Kostic

Árangur í sumar: Fjórir leikir - fjögur töp. Markatala 1-9. Rekinn 26. maí

LÍNURNAR LAGÐAR Sigurður Ragnar ræðir við stelpurnar sínar á landsliðsæfingu. Hann segir að liðið þurfi að eiga toppleik í alla staði til þess að vinna Frakka. 3-0 sigur sé varla raunhæf úrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki raunhæft að vinna 3-0

Íslenska landsliðið mætir ógnarsterkum Frökkum á Laugardalsvelli í dag. Stelpurnar hafa trú á verkefninu en 3-0 sigur þarf til að komast beint á HM.

FÓTBOLTI Úrslitaleikurinn sem landsliðsþjálfarinn óskaði sér fer fram í dag. Margir mánuðir eru síðan Sigurður Ragnar Eyjólfsson talaði um að hann vildi búa til úrslitaleik gegn Frökkum á menningarnótt og sú er raunin.

Leikurinn á Laugardalsvelli klukkan 16.00 í dag sker úr um það hvort liðið verður í efsta sæti riðilsins. Ísland þarf að vinna 3-0 í dag og vinna svo Eista á miðvikudag til að hirða efsta sætið og komast þannig beint á HM.

„Frakkar eru með gríðarlega sterkt lið og það eru alltaf hörkuleikir á milli þjóðanna. Í fyrri leiknum voru þær miklu betri og unnu verðskuldað en hinir hafa verið jafnir og spennandi," sagði Sigurður en Ísland vann einmitt Frakka á Laugardalsvelli, 1-0 16. júní árið 2007.

„Við höfum það bak við eyrað að við þurfum að vinna 3-0. Það eru kannski ekki raunhæf úrslit en 1-0 gæti dugað til að koma okkur í efsta styrkleikaflokk fyrir næstu undankeppni. Við þurfum að eiga okkar besta leik bara til að vinna," segir þjálfarinn.

Hann segir að þessir leikir, stórir leikir þar sem mikið er í húfi, séu eitthvað sem henti liðinu. „Við vildum fá þennan leik en núna kemur í ljós úr hverju stelpurnar eru gerðar. Það kemur í ljós hverjar eru tilbúnar til að spila á þessu stigi," sagði Sigurður sem hefur verið ánægður með undirbúning liðsins í vikunni.

„Við þurfum að sjá hvernig leikurinn þróast en þær hafa flinkari leikmenn en við. Þær eru betri í að halda boltanum en það lið sem gerir það vinnur ekki alltaf. Það væri frábært að ná marki snemma til að leggja grunninn," sagði Sigurður Ragnar en liðið æfði í Sandgerði í gær og gisti í Keflavík í nótt.

„Við viljum detta í sömu rútínu og alltaf, með sömu göngutúrunum og öllu þar fram eftir götunum. Það hefur virkað vel. Ég býst við gríðarlega erfiðum leik en við höfum allar trú á verkefninu," segir Sara Björk Gunnarsdóttir.

„Við byrjum bara á því að skora eitt mark í einu, við skorum ekki þrjú í einni sókn. Það yrði slæmt að fá á sig mark og það má bara ekki gerast," segir Sara Björk og hvetur um leið fólk til að mæta á völlinn í dag.

hjalti@frettabladid.is

HLEÐSLA | **100%** HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

ÍÞRÓTTADRYKKUR

KEPPENDUR Í REYKJAVÍKURMARAÞONI GANGI YKKUR VEL!

HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU, LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ HLEÐSLA ER MEST SELDI OG VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI. *

MJÓLKURSAMSALAN

*SAMKVÆMT SÖLUTÖLUM ACNIELSEN OG CAPACENT 1. FEBRÚAR - 28. MARS 2010.

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 51173 08/10

Knattspyrnudeild HK óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa.

Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og markaðslega þenkjandi og tilbúinn að taka þátt í tekjuöflun deildarinnar ásamt öðrum störfum.
Umsóknir óskast sendar á skrifstofu HK, Íþróttahúsið Digranes, Skálaheiði 2, 200 Kópavogur eða í tölvupósti á laufey@hk.is.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Toppliðin í 1. deild karla unnu öll leiki sína í gær:

Leiknir vann bardagann um Breiðholtið

FÓTBOLTI Leiknir er enn í efsta sæti 1. deildar karla eftir verulega góðan sigur á nágrönnum sínum í ÍR í bardaganum um Breiðholtið í gær. Víkingur og Þór fylgja í humátt á eftir en liðin unnu bæði örugga sigra á andstæðingum sínum í gær.

Leiknir var betra liðið í leiknum í gær og ljóst frá upphafi að ÍR ætlaði sér að halda hreinu og freista þess að næla í eitt stig.

Nákvæmlega ekkert gerðist í fyrri hálfleik en heldur lifnaði yfir leiknum í síðari hálfleik. Leikmaður ÍR fékk rautt eftir aðeins tíu mínútur í síðari hálfleik og Leiknir komst yfir skömmu síðar með marki úr vítaspyrnu. Annað markið kom síðar og Leiknir innsiglaði þar með sanngjarnan sigur.

Fjarðabyggð vann gríðarlega mikilvægan sigur á HK fyrir austan. **- hbg**

BARÁTTA Úr leik Leiknis og ÍR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚRSLIT

1. deild karla:

Leiknir-ÍR	2-0
Kjartan Andri Baldvinsson, Kristján Jónsson.	
Þór-Grótta	5-0
Ármann Pétur Ævarsson 3, Jóhann Helgi Hannesson, Kristján Steinn Magnason.	
Fjarðabyggð-HK	2-0
Sveinbjörn Jónasson, Fannar Árnason.	
Víkingur-Þróttur	3-0
Marteinn Briem 2, Sigurður Egill Lárusson.	
Njarðvík-ÍA	1-2
Andri Fannar Freysson - Gary Martin 2.	

**Upplýsingar um markaskorara eru fengnar frá vefsíðunni fótbolti.net.*

STAÐAN:

Leiknir	**18**	**12**	**2**	**4**	**27-13**	**38**
Víkingur	18	11	3	4	33-20	36
Þór	**18**	**9**	**7**	**2**	**36-19**	**34**
ÍR	18	8	5	5	29-29	29
Fjölnir	**17**	**8**	**4**	**5**	**31-23**	**28**
ÍA	18	6	7	5	28-24	25
KA	**17**	**6**	**5**	**6**	**24-28**	**23**
Þróttur	18	6	3	9	24-32	21
HK	**18**	**5**	**4**	**9**	**25-32**	**19**
Grótta	18	4	5	9	24-31	17
Fjarðabyggð	**18**	**4**	**3**	**11**	**23-35**	**15**
Njarðvík	18	3	2	13	13-31	11

VAN DER VAART Hefur oft verið orðaður við Man. Utd. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Rafael van der Vaart:

Erfitt að hafna Man. Utd

FÓTBOLTI Rafael van der Vaart viðurkennir að það yrði erfitt að standast þá freistingu að fara til Manchester United í sumar.

Hollendingurinn hefur verið orðaður við sölu frá Real Madrid sem er búið að kaupa Mesut Özil, Angel Di Maria og Sergio Canales í sumar.

Hann hefur þó sagst vilja vera áfram hjá Real en Daily Express vitnar í hann í dag.

„Ég gæti aldrei spilað fyrir annað félag á Spáni og það er bara eitt félag sem er ekki skrefniður á við frá Real Madrid, það er Man. Utd," sagði hann. **- hþh**

Gylfi Þór Sigurðsson:

Valinn í A-landsliðið

FÓTBOLTI Fram kom á heimasíðu Reading í gær að Gylfi Þór Sigurðsson hefði verið valinn í A-landslið karla fyrir leikina gegn Noregi og Danmörku í undankeppni EM.

Gylfi hefur aðallega spilað með U-21 árs landsliði Íslands og var í lykilhlutverki er Ísland valtaði yfir Þýskaland á dögunum, 4-1.

Ekki er víst að þjálfari U-21 árs liðsins, Eyjólfur Sverrisson, sé par ánægður með þetta enda á U-21 árs liðið að spila gríðarlega mikilvægan leik gegn Tékklandi sama dag og A-landsliðið mætir Danmörku í Kaupmannahöfn.

- hbg

Skólinn byrjar...

Skólinn er að byrja og því mikilvægt að halda vel utan um námsbækurnar, ritföngin og fartölvuna. Nú er um að gera að vera tilbúin/n frá fyrsta degi og hafa allt á reiðum höndum. Skólataskan frá ZO-ON hentar einstaklega vel fyrir verkefnin sem framundan eru.

SKÓLATASKA

Skólataska sem hægt er að hafa á bakinu og einnig sem hliðartösku. Bólstrað bak. Hólf fyrir fartölvu ásamt einu aðalhólfi.

Á hliðinni er nethólf fyrir vatnsbrúsa og mörg minni hólf.

Verð: 9.990,-

ZO-ON skólataskan fæst í verslunum okkar í Bankastræti og Kringlunni
en auk þess í öllum helstu verslunum
með útivistarfatnað á Íslandi.

www.zo-on.is

ZO·ON ICELAND

ÖRUGGUR Í HEITA SÆTINU Willum Þór hefur ekki náð því besta úr Keflavíkurliðinu í sumar en er samt öruggur með starf sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur stendur við bakið á þjálfaranum, Willum Þór:

Nær væri að reka einhverja leikmenn

FÓTBOLTI Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, segir að stjórn deildarinnar standi heils hugar á bak við þjálfara liðsins, Willum Þór Þórsson, þó svo að gengi liðsins í sumar hafi ekki staðið undir væntingum sem allir í Keflavík gerðu til liðsins í sumar.

Keflavík situr sem stendur í 6. sæti Pepsi-deildarinnar og það sem vekur kannski mesta athygli er að Keflavík hefur skorað fæst mörk allra liða í deildinni.

Meira að segja Haukar, sem hafa ekki unnið leik í sumar, hafa skorað þremur mörkum fleira en Keflavík.

„Það stendur ekki til hjá okkur að reka Willum. Það væri líklega nær að reka einhverja leikmenn," sagði Þorsteinn en Keflavík tapaði á fimmtudag fyrir Selfossi, 3-2, eftir að hafa leitt 0-2 í hálfleik.

„Þetta er alls ekki nógu gott og spurning hvort við höfum ofmetið okkar lið. Auðvitað hefur gengið samt valdið okkur vonbrigðum. Það ætluðu sér allir stærri hluti en það eru leikmennirnir úti á grasinu sem eiga að gera gæfumuninn. Þeir eru ekki að standa sig," segir Þorsteinn en lykilmenn liðsins á borð við Hólmar Örn Rúnarsson og Guðmund Steinarsson hafa ekki verið nema skugginn af sjálfum sér í allt sumar og engan veginn fundið sig.

Keflavík byrjaði tímabilið með miklum látum og var efst í deildinni lengi framan af.

Liðið var þá að vinna leiki 1-0 en þegar hin liðin fóru að skora gegn Keflavík komu í ljós miklar brotalamir í sóknarleiknum. Þau færi sem Keflavík hefur fengið hafa framherjar liðsins nýtt afar illa.

- hbg

WILLIAM GALLAS Leikur með sínu þriðja Lundúnafélagi. Hann hefur áður leikið með Arsenal og Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gallas kominn til Tottenham:

Ekki á neinum ofurlaunum

FÓTBOLTI Franski varnarmaðurinn William Gallas hefur skrifað undir eins árs samning við Tottenham. Hann kemur frá Arsenal á frjálsri sölu.

Gallas er sagður hafa viljað fá 80 þúsund pund í vikulaun hjá Arsenal en við því hafi félagið ekki orðið. Þess vegna hafi honum verið sleppt frá félaginu.

Harry Redknapp, stjóri Tottenham, segir að Gallas sé ekki á fáránlega háum launum hjá Spurs.

„Hann hefur aldrei beðið um háar fjárhæðir. Stjórnarformaðurinn er búinn að ganga frá eins árs samningi við leikmanninn og launin eru sanngjörn," sagði Redknapp.

Gallas mun nú ná þeim merkilega árangri að hafa leikið með þremur Lundúnaliðum en hann lék með Chelsea áður en hann fór til Arsenal. **- hbg**

LÆTI Rúta Levski-liðsins var illa leikin eftir árásina. AFP

Íslenskur dómaraeftirlitsmaður lenti í stórhættu:

Ég var orðinn verulega hræddur

FÓTBOLTI Ingi Jónsson var eftirlitsmaður á vegum UEFA á leik AIK Solna frá Svíþjóð og Levski Sofia í Evrópudeildinni á fimmtudaginn. Eftir leikinn brutust út gríðarlegar óeirðir þar sem meðal annars var ráðist að Inga.

„Það voru óeirðir á leik AIK og Rosenborg fyrir um mánuði síðan. Ég var þar og UEFA sendi mig aftur út á þennan leik til að vera augu og eyru sambandsins á svæðinu," sagði Ingi við Fréttablaðið.

